

Fóstbræðra saga

Fóstbræðra saga

1. kafli

Á dögum hins helga Ólafs konungs voru margir höfðingjar undir hans konungdæmi, eigi aðeins í Noregi heldur í öllum löndum, þeim er hans konungdómur stóð yfir, og voru þeir allir mest virðir af guði er konungi líkaði best við.

Í þann tíma var höfðingi ágætur á Íslandi í Ísafirði er Vermundur hét. Hann var Þorgrímsson, bróðir Víga-Styrs. Vermundur hafði bústað í Vatnsfirði. Hann var vitur og vinsæll. Hann átti konu þá Þorbjörg hét. Hún var kölluð Þorbjörg digra, dóttir Ólafs pá. Hún var vitur kona og stórlynd. Jafnan er Vermundur var eigi heima þá réð hún fyrir héraði og fyrir mönnum og þótti hverjum manni sínu máli vel komið er hún réð fyrir.

Það barst að einhverju sinni þá er Vermundur var eigi heima að Grettir Ásmundarson kom í Ísafjörð þá er hann var sekur, og þar sem hann kom hafði hann það nær af hverjum er hann kallaði. Og þó að hann kallaði það gefið eða þeir er laust létu féið þá voru þær gjafir þann veg að margir menn mundu sitt fé eigi laust láta fyrir honum ef þeim sýndist eigi tröll fyrir dyrum. Því söfnuðu bændur sér liði og tóku Gretti höndum og dæmdu hann til dráps og reistu honum gálga og ætluðu að hengja hann. Og er Þorbjörg veit þessa fyrirætlun fór hún með húskarla sína til þess mannfundar er Grettir var dæmdur. Og þar kom hún að sem gálginn var reistur og snaran þar við fest og Grettir þegar til leiddur og stóð það eitt fyrir lífláti hans er menn sáu för Þorbjargar. Og er hún kom til mannfundar þess þá spyr hún hvað menn ætluðust þar fyrir. Þeir sögðu sína fyrirætlun.

Hún segir: "Óráðlegt sýnist mér það að þér drepið hann því að hann er ættstór maður og mikils verður fyrir afls sakir og margrar atgervi þó að hann sé eigi gæfumaður í öllum hlutum og mun frændum hans þykja skaði um hann þótt hann sé við marga menn ódæll."

Þeir segja: "Ólífismaður sýnist oss hann vera því að hann er skógarmaður og sannur ránsmaður."

Þorbjörg mælti: "Eigi mun hann nú að sinni af lífi tekinn ef eg má ráða."

Þeir segja: "Hafa muntu ríki til þess að hann sé eigi af lífi tekinn hvort sem það er rétt eða rangt."

Þá lét Þorbjörg leysa Gretti og gaf honum líf og bað hann fara þangað sem hann vildi. Af þessum atburð kvað Grettir kviðling þenna:

Mundi eg sjálfr
í snöru egnda
helsti brátt
höfði stinga
ef Þorbjörg
þessu skáldi,
hún er allsnotr,
eigi byrgi.

Í þessum atburði má hér sýnast hversu mikill skörungur hún var.

2. kafli

Hávar hét maður. Hann var Kleppsson. Hann bjó á bæ þeim er heitir að Jökulskeldu. Hávar var kynjaður sunnan af Akranesi og hafði farið þaðan fyrir víga sakir því að hann mikill vígamaður og hávaðamaður og ódæll. Hann átti konu þá er Þórelfur hét. Hún var breiðfirsk að kyni. Hún var dóttir Álfs úr Dölum, göfugs manns og ágæts. Hávar og Þórelfur áttu son þann er Þorgeir hét. Hann var bráðger maður og mikill vexti og sterkur og kappsfullur. Hann nam á unga aldri að hlífa sér með skildi og vega með vopnum.

Bersi hét maður er bjó í Ísafirði. Hann bjó á bæ þeim er á Dyrðilmýri heitir. Hann átti þá konu er Þorgerður hét. Son þeirra hét Þormóður. Hann var þegar á unga aldri hvatur maður og hugprúður, meðalmaður vexti, svartur á hárslit og hrokkinhærður.

Í þenna tíma bjó á Reykjahólum á Reykjanesi Þorgils Arason. Hann var mikill höfðingi, vitur og vinsæll, ríkur og ráðvandur. Illugi hét bróðir hans, hirðmaður hins heilaga Ólafs konungs. Hann var farmaður mikill og var jafnan annan vetur með Ólafi konungi en annan á Reykjahólum. Hann hafði út kirkjuvið og skálavið.

Þeir bræður, Þorgils og Illugi, voru synir Ara Mássonar, Atlasonar, Úlfssonar hins skjálga er nam Reykjanes, Högnasonar hins hvíta, Ótryggssonar, Óblauðssonar, Hjörleifssonar konungs. Þorgerður hét móðir þeirra Þorgils og Illuga. Hún var dóttir Álfs úr Dölum. Móðir Álfs var Þórhildur Þorsteinsdóttir hins rauða, Óleifssonar hins hvíta, Ingjaldssonar, Fróðasonar. Móðir Ingjalds var Þóra, dóttir Sigurðar orms í auga. Móðir Sigurðar var Áslaug, dóttir Sigurðar Fáfnisbana. Þorgeir Hávarsson var systrungur Þorgils Arasonar.

Þorgeir og Þormóður óxu upp í Ísafirði og var snemmendis vingan með þeim því að þeir voru í mörgu skaplíkir. Snemmendis sagði þeim svo hugur um, sem síðar bar raun á, að þeir myndu vopnbitnir verða því að þeir voru ráðnir til að láta sinn hlut hvergi eða undir leggja við hverja menn sem þeir ættu málum að skipta. Meir hugðu þeir jafnan að fremd þessa heims lífs en að dýrð annars heims fagnaðar.

Því tóku þeir það ráð með fastmælum að sá þeirra skyldi hefna annars er lengur lifði. En þó að þá væru menn kristnir kallaðir þá var þó í þann tíð ung kristni og mjög vanger svo að margir gneistar heiðninnar voru þó þá eftir og í óvenju lagðir. Hafði sú siðvenja verið höfð frægra manna, þeirra er það lögmál settu sín í milli, að sá skyldi annars hefna er lengur lifði. Þá skyldu þeir ganga undir þrjú jarðarmen og var það eiður þeirra. Sá leikur var á þá lund að rista skyldi þrjár torfur úr jörðu langar. Þeirra endar skyldu allir fastir í jörðu og heimta upp lykkjurnar svo að menn mættu ganga undir. Þann leik frömdu þeir Þormóður og Þorgeir í sínum fastmælum.

Þormóður var nokkuru eldri en þó var Þorgeir sterkari. Uppgangur þeirra gerðist brátt mikill. Fara þeir víða um héruð og voru eigi vinsælir. Töldu margir þá ekki vera jafnaðarmenn. Höfðu þeir hald og traust hjá feðrum sínum sem von var að. Virtu margir menn sem þeir héldu þá til rangs.

En þeir menn sem vanhluta þóttust verða fyrir þeim fóstbræðrum fóru á fund Vermundar og báðu hann koma af sér þessum vandræðum.

Vermundur bauð Hávari og Bersa á sinn fund og sagði þeim að mönnum líkaði lítt til sona þeirra. "Ertu, Hávar, utanhéraðsmaður, sagði hann, "og hefir sest hér niður að engis manns leyfi. Höfum vér ekki amast við byggð þína hér til en nú sýnist mér standa af Þorgeiri syni þínum órói og stormur. Viljum vér nú að þú færir bústað þinn og byggð brott úr Ísafirði en Bersa og son hans munum vér af því eigi á brott reka að þeir eru hér kynjaðir. Væntum vér og að minni stormur standi af Þormóði ef þeir Þorgeir skiljast."

Hávar segir: "Ráða muntu því Vermundur að vér munum ráðast í brott úr Ísafirði með fé vort en eigi veit eg nema Þorgeir vilji ráða vistum sínum."

Nú eftir þessa þeirra ráðagerð færði Hávar bústað sinn suður til Borgarfjarðar og byggði þar sem nú heita Hávarstóftir. Þorgeir var þá ýmist með föður sínum eða vestur í Ísafirði með Þormóði og var hann mörgum mönnum nokkur andvaragestur þar sem hann kom þó að hann væri á ungum aldri. Löngum var hann á Reykjahólum með Þorgilsi frænda sínum og hafði af honum gott yfirlæti. Mikið vinfengi var með þeim Ara Þorgilssyni þegar á unga aldri og hélst þeirra vinfengi meðan þeir lifðu báðir.

Jöður hét maður er bjó á bæ þeim er heitir á Skeljabrekku. Hann var garpur mikill og höfðingi, ódæll og lítill jafnaðarmaður við marga menn, ríkur í héraðinu og stórráður, vígamaður mikill og bætti menn sjaldan fé þótt hann vægi.

Það bar að einn vetur að Jöður og húskarlar hans fóru út á Akranes að mjölkaupum. Í þeirri för kom hann til Hávars og bað að hann mundi ljá honum hest út á Nes.

Hann léði honum hestinn "og vil eg að þú látir hestinn hér eftir er þú ferð aftur og hafir þú eigi lengra."

Jöður kvað svo vera skyldu. Síðan fór hann út á Nes og keypti mjöl sem hann ætlaði og fór heimleiðis þá er hann hafði það annast að honum bar nauðsyn til. Og þá er hann fór utan með Grunnafirði um bæ Hávars þá ræddu förunautar hans um við hann að þeir mundu koma þar til húss og láta þar eftir hestinn.

Jöður segir: "Eigi nenni eg að dveljast að því. Mun eg nú hafa hestinn heim undir klyfjum og senda honum þegar aftur er eg hefi haft í mína nauðsyn."

Þeir segja: "Gera máttu það ef þú vilt en eigi hefir Hávari jafnan líkað ef af því væri brugðið er hann vildi vera láta."

"Ekki mun nú fyrir það gert," segir Jöður.

Hávar sér ferð þeirra og kennir mennina, fer til fundar við þá og heilsar þeim og mælti: "Nú munuð þér láta hér eftir hestinn."

Jöður segir: "Þú munt vilja lána mér hestinn heim til Skeljabrekku."

Hávar segir: "Eigi vil eg að nú fari hesturinn lengra."

Jöður segir: "Þó munum vér hafa hestinn þóttú viljir eigi ljá."

Hávar segir: "Svo má vera að það sé."

Hann hleypur að hestinum og hjó ofan klyfjarnar og tók í tauma hestsins og sneri heim á leið. Jöður hafði krókaspjót í hendi. Hann snarar þá að Hávari og leggur spjóti í gegnum hann. Af því sári lét Hávar líf sitt. Jöður tók hestinn og hafði með sér og fór leið sína til þess er hann kom heim. Heimamönnum Hávars þótti honum seint heim verða. Þeir leituðu hans og fundu hann dauðan þar sem hann hafði veginn verið. Þeim þótti þau tíðindi mikil vera.

Í þann tíma var Þorgeir vestur í Ísafirði. Víg Hávars spurðist skjótt víða um héruð og er Þorgeir spurði víg föður síns þá brá honum ekki við þá tíðindasögn. Eigi roðnaði hann því að eigi rann honum reiði í hörund. Eigi bliknaði hann því að honum lagði eigi heift í brjóst. Eigi blánaði hann því að honum rann eigi í bein reiði. Heldur brá hann sér engan veg við tíðindasögnina því að eigi var hjarta hans sem

fóarn í fugli. Eigi var það blóðfullt svo að það skylfi af hræðslu heldur var það hert af hinum hæsta höfuðsmið í öllum hvatleik.

3. kafli

Svo er sagt að Þorgeir væri lítill kvennamaður. Sagði hann það vera svívirðing síns krafts að hokra að konum. Sjaldan hló hann. Óblíður var hann hversdaglega við alþýðu. Mikill var hann vexti og drengilegur í ásjónu, rammur að afli. Þorgeir átti exi breiða, stundar mikla sköfnungsexi. Hún var snarpegg og hvöss og fékk mörgum manni exin náttverð. Hann átti og mikið fjaðurspjót. Það var með hörðum oddi og hvössum eggjum, mikill falurinn og digurt skaft. Í þann tíð var á Íslandi sverð ótíð mönnum til vopnabúnings.

Nú er Þorgeir spurði víg föður síns þá fór hann á Reykjahóla til Þorgils og sagði honum að hann vildi fara suður í Borgarfjörð að hitta móður sína og bað að hann skyldi fá honum flutning yfir Breiðafjörð. Þorgils gerði sem hann bað. Nú fer hann suður í Borgarfjörð og er ekki getið um náttstaði hans. Færðir voru góðar og snælaust í héraðinu. Vötnin lágu öll. Og er hann kom suður yfir Hvítá þá lagði hann leið sína til Skeljabrekku. Veður var þykkt og hlætt, myrkt úti bæði fyrir veðurs sakir og nætur. Þorgeir kom til Skeljabrekku síð um aftan og er hann kom á bæinn þá voru dyr aftur loknar og menn nýkomnir í stofu frá eldi. Ljós brann í stofunni. Þorgeir drap á dyr.

Jöður tók til orða: "Á dyr er drepið. Gangið út nokkur sveina."

Þá sá út húskarl einn og sér mann úti fyrir dyrunum standa með vopnum og spyr hver hann væri.

Hann svarar: "Vigfús heiti eg."

Húskarlinn mælti: "Gakk inn þú. Heimul mun þér gisting."

Þorgeir segir: "Eigi þigg eg gisting að þrælum. Mæl þú að Jöður gangi út."

Húskarl gengur inn er Þorgeir stóð úti.

Bóndi spurði húskarl er hann kom í stofu: "Hver kom maður úti?"

Húskarl svarar: "Veit eg að síður hver hann er að eg ætla að hann viti eigi sjálfur."

Jöður segir: "Hvað bauðst þú honum hér gisting?"

Hann svarar: "Bauð eg."

Jöður mælti: "Hverju svaraði hann?"

"Eigi lést hann vilja þiggja gistingarboð að þrælum. Bað hann þig út koma."

Jöður tók spjót í hönd sér og setti hjálm á höfuð sér og gengur út í dyr og tveir húskarlar með honum, sér mann standa fyrir dyrum og snýr spjóttinu og setti spjótsoddinn í þröskuldinn. Hann spurði hver hinn komni maður væri.

Sá sagði: "Eg heiti Þorgeir."

Jöður segir: "Hver Þorgeir ertu?"

"Eg er Hávarsson."

Jöður mælti: "Hvert er erindi þitt hingað?"

Hann sagði: "Eigi veit eg hvað til tíðinda verður en eftir vil eg leita ef þér viljið nokkuru bæta víg það er þú vóst Hávar föður minn."

Jöður mælti: "Eigi veit eg hvort þú hefir það spurt að eg hefi mörg víg vegið og eg hefi ekki bætt."

"Ókunnigt er mér það," segir Þorgeir. "En hvað sem um það er þá kemur þetta til mín að leita eftir þessum vígsbótum því að mér er nær hoggið."

Jöður segir: "Eigi er mér allfjarri skapi að minnast þín í nokkuru. En fyrir því mun eg eigi þetta víg bæta þér Þorgeir að þá þykir öðrum skylt að eg bæti fleiri víg."

Þorgeir svarar: "Þér munuð ráða hvern sóma þér viljið gera en vér munum ráða þykkju vorri."

Nú ræddust þeir þessi orð við og stóð Þorgeir eigi allnær dyrunum. Hann hefir spjót í hægri hendi og sneri fram oddinum en exi í vinstri hendi. Jöður og hans menn áttu dimmt út að sjá þar sem þeir voru frá ljósi komnir en Þorgeiri var nokkuru hægra að sjá þá sem stóðu í dyrunum. Nú er þá varir síst þá gengur Þorgeir að dyrunum og lagði spjóti á honum miðjum og þegar í gegnum hann svo að hann féll í dyrnar inn í fang þeim fylgdarmönnum sínum.

Þorgeir snýr í brott þegar í náttmyrkrinu en húskarlar Jöðurs stamba honum. Þá var Þorgeir fimmtán vetra gamall er víg þetta varð sem Þormóður kvað í erfídrápu Þorgeirs:

Starf hófst upp þá er arfa
auðveitir lét dauðan,
hestrennir var hlunna
hugsnjallr, Klæings falla.
Efnd tókst Hávars hefndar
hafstöðs þá var Móði,
hann varð happ að vinna
hvettr, fimmtían vetra.

Þorgeir fór um nóttina og nam eigi fyrr staðar en á Hávarsstöðum. Hann drap þar á dyr og var seint til hurðar gengið. Þórelfur kvaddi til húskarl einn út að ganga.

Hann vaknar og gnýr fast augun og lætur illa við upp að standa og mælti: "Eigi veit eg að nauðsyn sé út að ganga þótt menn fari um nætur."

Þórelfur mælti: "Sá einn mun um nætur fara í miklu myrkri að nauðsyn mun á þykja."

"Eigi veit eg það," segir húskarl og rís upp og heldur seint og gengur til hurðar og sér mann úti fyrir dyrum í náttmyrkri og heilsar honum eigi, snýr inn aftur til rekkju sinnar og leggst niður og breiðir á sig klæði sín. Þorgeir gengur inn og lýkur aftur hurðina eftir sér og snýr til stofu.

Þórelfur tók til orða: "Hver kom maður?"

Húskarl svarar: "Það er bæði að eg veit eigi hver hann er enda þykir mér ekki undir."

Hún mælti: "Óforvitinn maður ertu."

Hún mælti þá við griðkonu eina: "Rís upp þú og gakk til stofu og vit hver maður sá er að þangað gekk."

Griðkona reis upp og gekk til stofu og lýkur upp hurðinni lítt að og spyr að hvort nokkuð sé manna í stofunni.

Henni var sagt: "Hér er maður víst."

Hún spyr hver hann væri.

Hann svarar: "Þorgeir heiti eg."

Hún lýkur aftur hurðina og gekk í skála.

Þórelfur mælti: "Hver kom maður?"

Hún svarar: "Það ætla eg að kominn sé Þorgeir son þinn."

Þórelfur rís þá upp og kveikir ljós, gengur til stofunnar og fagnar vel syni sínum, spyr tíðinda.

Þorgeir segir: "Áverki nokkur gerðist í kveld að Skeljabrekku."

Þórelfur spyr: "Hverjir áttu hlut í því?"

Þorgeir svarar: "Eigi má eg það af mér bera."

Þórelfur segir: "Hversu mikill áverki var það?"

Þorgeir svarar: "Eigi ætla eg að þar muni umbanda þurfa er hann fékk af mér. Það sá eg á spjóti mínu að út mundi tekið hafa í gegnum hann og féll hann á bak aftur í fang fylgdarmönnum sínum."

Þórelfur mælti þá með glöðu brjósti: "Óbernslegt bragð var það og njóttu heill handa, son minn. En hví lögðu þeir eigi eftir þér, fylgdarmenn hans?"

Þorgeir svarar: "Fengin voru þeim í fyrstu önnur verkaefni en brátt fal sýn meðal vor fyrir myrkurs sakir."

Þórelfur segir: "Svo má vera."

Þá var settur náttverður fyrir Þorgeir og er hann var mettur þá mælti Þórelfur: "Það sýnist mér ráð að þú leggist niður til svefns en rís upp ofanverða nátt og stíg þá á bak hesti þínum og ríð vestur til Breiðafjarðar. Húskarlar mínir skulu fylgja þér svo langt sem þú vilt. Hér munu menn koma á morgun að leita þín og höfum vér eigi ríki til að halda þig fyrir fjölmenni. Vötn mun og skjótt leysa ef þeyrinn helst og er þá verra að fara ef þau leysir. Hefir þú nú unnið það hér er mest nauðsyn bar til. Berðu Þorgilsi frænda mínum orð til þess að hann taki mér nokkurn ráðstafa vestur þar hjá sér. Eg mun selja jarðir mínar hér. Vil eg ráðast þangað í áthaga minn."

Þorgeir gerði sem móðir hans gaf ráð til, lagðist til svefns og reis upp ofanverða nótt og reið eftir það í brott. Og er eigi getið um hans ferð fyrir en hann kom vestur í Breiðafjörð, fékk sér þar skip og fór á því vestur á Reykjanes og segir þar víg Jöðurs.

Sýndist öllum mönnum þeim er heyrðu þessa tíðindasögn sjá atburður undarlegur orðinn að einn ungur maður skyldi orðið hafa að bana svo harðfengum héraðshöfðingja og svo miklum kappa sem Jöður var. En þó var eigi undarlegt því að hinn hæsti höfuðsmiður hafði skapað og gefið í brjóst Þorgeiri svo öruggt hjarta og hart að hann hræddist ekki og hann var svo öruggur í öllum mannraunum sem hið óarga dýr. Og af því að allir góðir hlutir eru af guði gervir þá er öruggleikur af guði ger og gefinn í brjóst hvötum drengjum og þar með sjálfræði að hafa til þess er þeir vilja, góðs eða ills, því að Kristur hefur kristna menn sonu sína gert en eigi þræla en það mun hann hverjum gjalda sem til vinnur.

Þorgeir hafðist þá við ýmist á Reykjahólum eða vestur í Ísafirði. Um vorið eftir þessi tíðindi réðst Þórelfur vestur á Reykjanes með allt fé sitt. Það sumar var sæst á víg þeirra Hávars og Jöðurs. Þorgeir var þá löngum með Bersa. Voru þeir Þormóður hinir bestu vinir, fengu sér einn ferjustút og réðust til þess skips sjö menn aðrir með þeim, létu reiða yfir um sumarið í ýmsa staði og voru miðlungi vinsælir.

Ingólfur hét maður er bjó í Jökulsfjörðum. Hann var kallaður Ingólfur sviðinn. Sá bær var kallaður á Sviðinsstöðum er hann bjó á. Þorbrandur hét son hans. Hann var garpur mikill og ódæll og óvinsæll. Þeir feðgar báðir voru ójafnaðarmenn miklir, tóku jafnan annarra manna fé með kúgan eða ránum. Þeir voru báðir þingmenn Vermundar og hélt hann mjög hendi yfir þeim því að þeir gáfu honum jafnan góðar gjafir. Og var þeim því eigi skjótt hefndur sinn ofsi, sá er þeir höfðu við marga menn, að eiður Vermundar stóð fyrir þeim.

Sigurfljóð hét kona og var ekkja og bjó í Jökulsfjörðum. Hún var vitur og vinsæl og var mörgum manni mikill gagnsmaður. Fjörður var í milli byggða þeirra Sigurfljóðar og Ingólfs og bar hún í mörgum hlutum stór vandræði fyrir þeim.

Þorgeir og Þormóður bjuggust til ferðar norður á Strandir og fara að föngum. Og er þeir voru búnir þá lagði á fyrir þeim andviðri og gaf þeim eigi lægi út úr firðinum. Höfðu margir menn af þeim um sumarið mikil óhægindi.

Og er komið var að vetri þá rann á byr og tóku þeir þá til segls og sigldu út úr Ísafirði gott veður og lítið. Skip gekk lítið fyrir veðurs sakir og er þeir höfðu siglt um stund þá tók veðrið að þykkna og því næst að drífa. Og er þeir voru komnir fyrir Jökulsfjörðu þá kom veður í móti þeim hvasst og kalt með fjúki og frosti. Vissu þeir þá eigi hvert þeir fóru. Gerðist þá myrkvi mikill bæði af nótt og fjúki. Sneru nú forviðris skipinu og fengu stór áföll, urðu allir alvotir og fraus að þeim klæðin. Reyndu Ránar dætur drengina og buðu þeim sín faðmlög. Komu að lyktum í fjörð einn, héldu þar inn eftir og í fjarðarbotninum voru naust og þar skip inni. Þar settu þeir skip sitt og bjuggu um og ganga á land síðan og leita bæjar nokkurs, finna um síðir bæ einn lítinn, drepa þar á dyr og gengur þar út karlmaður og heilsar þeim, biður þá inn ganga er úti voru í illu veðri og ganga þeir til stofu og brann þar ljós. Skipa þeir annan bekk. Þeim var heilsað. Þá spyr ein kona hver fyrirmaður væri þeirra er komnir voru.

Henni var sagt að komnir voru Þorgeir og Þormóður "eða hver spyr að því?" sögðu þeir.

Þeim var sagt að Sigurfljóð húsfreyja spurði að því. "Heyrt hefi eg ykkar getið," segir hún, "en eigi hefi eg séð ykkur fyrir. En hvort hafið þið verið veðursælir í dag eða vinsælir?"

Þeir sögðu: "Margir menn munu það mæla að það sé mjög líkt og mun þó skipta nokkuru hverjir um ræða."

Sigurfljóð svarar: "Vera má að það sé."

4. kafli

Nú biður hún taka við klæðum þeirra og var eldur upp kveiktur fyrir þeim og þídd klæði þeirra er frerin voru. Eftir það var þeim matur fenginn og eftir það til rekkju fylgt og búið um vel. Sofna þeir skjótt. Fjúk og frost gekk alla nóttina. Gó elris hundur alla þá nótt óþrotum kjöftum og tögg allar jarðir með grimmum kuldatönnum. Og er lýsa tók um morguninn þá var út séð og er sá kom inn er út hafði séð þá spyr Þorgeir hvað veðurs væri úti. Sá segir að veður væri hið sama og verið hafði um kveldið.

Sigurfljóð mælti: "Þér þurfið eigi veðursjúkir að vera því að vel skuluð þér hér komnir að því er vér megum og farið þér héðan eigi fyrir en gott veður er."

Þorgeir svarar: "Vel fer þér húsfreyja boð við oss en eigi bita oss illviðri. Vér eigum hvorki að sjá fyrir konum né börnum né kvikfé."

Illviðri tók þá að lægja á vîkur og fjörðu og gerði íslög mikil.

Einn morgun reis Sigurfljóð upp snemma og sá út, kemur inn farandi og spyr Þorgeir hvað veðurs væri úti.

Hún segir: "Nú er gott veður, þunnt og óvindlegt."

Þormóður mælti: "Stöndum upp þá sveinar."

Sigurfljóð mælti: "Hvað ætlist þér fyrir?"

Þormóður svarar: "Vér munum fara norður á Strandir og vita hvað þar vilji til fanga bera en láta hér eftir skip vort."

Sigurfljóð mælti: "Undarlegir menn eruð þér, viljið fara á Strandir að hvölum en taka eigi nálægari föng og drengilegri."

Þormóður mælti: "Hvar eru þau föng?"

Hún segir: "Drengilegra sýnist mér að drepa þá illvirkja er hér ræna menn en starfa að hvölum."

Þormóður mælti: "Til hverra manna mælir þú?"

Hún segir: "Það mæli eg til þeirra Ingólfs og Þorbrands er mörgum manni hafa gert skömm og skaða. Hefðuð þá margra manna hefnt í yðru verki ef þér dræpuð, og mundu það verk margir yður allvel launa."

Þormóður mælti: "Eigi veit eg hversu heilráð þú ert oss nú því að þeir eru vinir Vermundar og mun það eigi laust eftir renna ef þeim er nokkuð til meins gert."

Hún mælti: "Að því kemur nú sem mælt er að spyrja er best til válegra þegna. Þér þykist vera garpar miklir þá er þér eruð í þeim veg að kúga kotunga en hræðist þegar er í mannaunir kemur."

Þá spratt Þorgeir upp og mælti: "Standið upp sveinar og launið húsfreyju gisting."

Og þá stóðu þeir upp og vopnuðu sig, gengu út er þeir voru búnir, fara yfir fjörðinn á ísi, koma á bæinn áður menn voru upp staðnir. Ingólfur vaknar og heyrir að menn ganga úti hjá húsunum eigi allfáir saman, á frerum skóm. Þeir Þorgeir ganga til dyra og drepa á dyr. Við það vakna menn þeir sem í skálanum voru og standa á fætur skjótt. Hvíldu þeir feðgar jafnan í klæðum því að þeir áttu sökótt við marga menn. Þeir höfðu með sér tvo húskarla. Þeir herklæddust allir. Tekur sitt spjót hvor þeirra í hönd sér, ganga til hurðar og lúka upp, sjá mennina úti átta og alla vopnaða, spyrja hver þar sé flokksforingi.

Þorgeir segir til sín "ef þér hafið heyrt getið Þorgeirs Hávarssonar eða Þormóðar Bersasonar þá megið þér hér þá sjá."

Þorbrandur svarar: "Efalaust er það að vér höfum heyrt getið Þorgeirs Hávarssonar og Þormóðar og sjaldan að góðu eða hvert er erindi yðvart hingað?"

Þorgeir svarar: "Það er vort erindi hingað að skapa skor og jafna ójafnað. Vér viljum gera yður tvo kosti. Annaðhvort að þér gangið hér frá fé yðru öllu því er þér hafið ranglega fengið og kaupið yður þann veg líf, eða þér verjið féið með karlmennsku meðan yður endist líf til."

Þorbrandur svarar: "Vér höfum fengið féið með karlmennsku og hraustleik og munum vér eigi annan veg láta en vér höfum fengið en eg hygg Þorgeir að þú neytir fyrr dagverðar á spjóti mínu en á fénu."

Þorgeir segir: "Eg er berdreymur sem eg á kyn til og hefir mig einkar órýrlega dreymt um mig en allrýrlegt um þig og mun það eftir ganga sem mig hefir um þig dreymt og mun Hel, húsfreyja þín, leggja þig sér í faðm og muntu svo láta fé þitt allt því að firnum nýtur þess er firnum fær."

5. kafli

Nú að svo mæltu sækja þeir Þorgeir og Þormóður að þeim feðgum en bönnuðu förunautum sínum að vinna á þeim feðgum því að þeir vildu sjálfir yfir þá stíga. Þeim Þorgeiri var dimmt að sjá inn í dyrnar því að lítt var lýst en út var ljósara að líta og var þeim hægra að verjast er inni voru en hinum að að sækja er úti voru. Húskarlar Ingólfs hlaupa annað skeið út og sæta áverkum við förunauta Þorgeirs. Þau urðu endalok þessa fundar að Þorbrandur féll fyrir Þorgeiri en Ingólfur fyrir Þormóði. Húskarlar Ingólfs urðu sárir mjög þess að þó batnar þeim. Þessa getur Þormóður í erfidrápu Þorgeirs:

Aldrspellu kveð eg ollu
Ingólfs sonar, þingað
frétt er víg sem vættig,
vald há-Sleipnis tjalda.
Féll fyr fræknum stilli,
fjörtjón var það ljóna,
lítt var það til þrætu,
Þorbrandr drasils vandar.

Þeir tóku hesta tvo, Þorgeir og hans menn, og klyfjuðu þá af mat. Þeir ráku á brott þrjú naut þau er helst voru hold á, fara við svo búið aftur yfir fjörðinn. Sigurfljóð var úti er þeir koma heim. Hún heilsar þeim og spurði tíðinda. Þeir segja þau sem gerst höfðu.

Hún mælti: "Vel hafið þér heiman gengið og haglegan hafið þér haft hvalskurðinn, rekið og vel margra manna harma og sneypu og svívirðu. En nú mun eg fara til Vatnsfjarðar á fund Vermundar og segja þessi tíðindi en þér skuluð mín heima bíða."

Þeir báðu hana fara. Hún kvaddi til ferðar með sér húskarla sína. Þau tóku einn sexæring er hún átti, róa inn eftir Ísafirði og létta eigi fyrir en þau koma í Vatnsfjörð síð um aftan.

Hún mælti við förunauta sína: "Nú skuluð þér vera haldinorðir og segja ekki frá tíðindum þeim er gerst höfðu. Látið mig hafa orð fyrir oss."

Þeir sögðu svo vera skulu. Nú ganga þau til bæjar og hitta menn að máli. Tekur Vermundur vel við þeim og spyr þau tíðinda. Þau létust engi kunna að segja, voru þar um nóttina í góðu yfirlæti. Um morguninn sagði Sigurfljóð að hún mundi heimleiðis fara.

Vermundur latti hana mjög "og ertu hingað sjaldsén," sagði hann, "og er það ráð að fara eigi svo hvatlega."

Hún mælti: "Eg á lítt heimangengt en nú er gott veður og vil eg eigi þetta færi láta undan ganga. Vildi eg Vermundur að þú fylgdir mér til skips."

Þá mælti hann: "Förum þá."

Nú fara þau til skips.

Þá mælti Sigurfljóð: "Hvort hefir þú spurt vígin þau er gerðust þar í Jökulsfjörðum?"

Vermundur segir: "Hver víg eru þau?"

Hún segir: "Þorgeir Hávarsson og Þormóður Bersason drap þá feðga, Ingólf og Þorbrand."

Vermundur mælti: "Mjög ganga þeir fóstbræður nú af sér er þeir drepa menn fyrir oss og mundum vér það vilja að þeir dræpu eigi vora menn marga."

Hún mælti: "Það er sem von er að yður sé svo um gefið en það munu sumir menn mæla að þeir hafi eigi þessa menn fyrir yður drepit heldur má hinn veg að kveða að þeir hafi þessi víg fyrir yður unnið. En hver skal hegna ósiðu, rán eða hernað ef eigi viljið þér er stjórnarmenn eru kallaðir héraða? Sýnist oss að þeir Þorgeir og Þormóður hafi það unnið er þér skylduð gert hafa eða láta gera og mun yður svo sýnast sem eg segi ef yður gefur eigi missýni í þessu máli. Fór eg af því á yðvarn fund að eg vildi mennina í frið kaupa, þá er vígin hafa vegið, en eigi fyrir þá sök að þeir séu bóta verðir er vegnir eru því að þeir hafa fyrir löngu fyrirgert lífi sínu og fé, heldur viljum vér gera í öllu þinn sóma sem vér erum skyld til. Og eru hér nú þrjú hundruð silfurs er eg vil gefa þér til friðkaups þeim Þorgeiri og Þormóði."

Nú tekur hún fésjóð undan beltí sér og steypir fénu í kné Vermundi. Silfrið var gott. Vermundur hefur upp brún við féggjöfina. Sefast hann af reiðinni og heitir hann Þorgeiri og Þormóði nokkurum friði, sagðist þó eigi vilja langvistir Þorgeirs þar um Ísafjörð.

Nú skiljast þau að sinni. Fer hún heim til bús síns og segir þeim Þorgeiri hversu farið hafði með þeim Vermundi. Þeir þakka henni sitt tillag er hún hafði þeim veitt. Nú eru þeir með henni um veturinn. Og er vorar og veðráttá batnar þá flota þeir skipi sínu og búa það. Og er þeir voru búnir til ferðar þá þakka þeir henni þarvist sína og allan velgerning þann er hún hafði þeim veitt, slíkan drengskap sem hún hafði þeim sýnt. Skiljast þau vinir.

Þeir fara norður á Strandir, hafast þar við um sumarið. Verður þeim gott til fjár og fangs. Hafa þeir það af hverjum manni sem þeir kveðja, voru allir við þá hræddir sem fénaður við león þá er hann kemur í þeirra flokk.

Bersi fór byggðum á Laugaból í Laugadal því að Vermundur vildi eigi svo nær bæ sínum láta vera hráskinn þeirra Þorgeirs og Þormóðar. Um haustið fóru þeir norðan af Ströndum til Ísafjarðar og settu upp skip sitt þar er þeim þótti vel komið og búa um. Fer Þormóður þá til föður síns en Þorgeir ætlaði að fara suður á Reykjanes til frænda sinna. Leitar þá hver fyrir sér þeirra förunauta, þangað hver sem óðal átti. Mælast þeir það við er þeir skiljast að þeir skulu þar finnast er skipið stóð þá er vora tæki og fara þá enn allir samt til fangs norður á Strandir. Skiljast nú að svo mæltu og biður hver þeirra vel fyrir öðrum.

6. kafli

Þorkell hét maður er bjó í Gervidal. Hann var vel fjáreigandi en lítil í þegnskap en eirinn í skaplyndi, huglaus í hjarta. Hann var kvongaður maður og hafði eigi fleiri hjón en þrjú. Griðkona var hið þriðja hjón.

Maður hét Butraldi. Hann var einhleypingur, mikill maður vexti, rammur að afli, ljótur í ásjónu, harðfengur í skaplyndi, vígamaður mikill, nasbráður og heiftúðigur. Hann hafði vistir um sumrum og tók kaup en lét reiðast yfir á vetrum með þriðja mann og settist á bæi nokkurum nóttum saman. Hann var nokkuð skyldur að frændsemi Vermundi í Vatnsfirði og því var honum eigi skjótt goldið það verkkaup sem hann gerði til.

Butraldi kom með þriðja mann til gistingar í Gervidal til Þorkels um kveld og þótt Þorkeli væri sár matur þorði hann þó eigi að synja þeim gistingar og er þeim til stofu fylgt og kveikt ljós. Sitja þeir þar með vopnum sínum en heimamenn voru fram í skála. Þá var nokkuð kominn snjór á fjöll í skafla en mjög snjólaust í héraðinu, vötnin upp gengin en þá var frostviðri. Var þá og fjúk nokkuð.

Þorkell kom í stofu að spyrja þeirra hluta er honum var forvitni á að vita. Hann spyr Butralda hvert hann ætlar að fara. Hann kveðst fara skyldu suður yfir Breiðafjörð. Þorkeli þótti eigi víst hvort honum mundi veður gefa hinn næsta dag yfir heiðina. Þá drap stall úr hjarta hans og þótti ill seta þeirra því að í hans hjarta mættist sínka og lítilmennska.

Og í því bili heyrir hann að drepið er á dyr og batnar honum ekki við það. Gengur hann fram og til dyra og lýkur upp hurðunni og sér einn mikinn mann standa með vopnum fyrir dyrunum. Þorkell spyr þann mann að nafni. Hann nefndist Þorgeir. Þorkell spyr hvers son hann væri. Hann kveðst vera Hávarsson. Þá kemur æðra í brjóst Þorkeli og dattaði hjarta hans við.

Þorkell mælti þá: "Hér er kominn Butraldi við þriðja mann og veit eg eigi hvern frið hann býður þér. Hygg eg að hann hafi illan hug á þér því að hann er vinur Vermundar, óvinar yðvars, en eg má eigi manns blóð sjá og mun eg í öngvit falla ef þér berist á."

Þorgeir segir: "Ekki mun til skaða bóndi þótt vér séum hér komnir."

Gengur Þorgeir inn og til stofu. Þorkell kemur og í stofu og kerling hans. Hann tekur borð og setur fyrir Butralda.

"Skammur er skutill minn," segir Þorkell, "og gakk þú hingað Þorgeir og sit hjá Butralda."

Þorgeir gerir svo, gengur um þvert gólf og sest niður hjá Butralda undir borðs endann. Frá verðgetum er sagt vandlega. Tveir diskar voru fram bornir. Þar var eitt skammrifsstykki fornt á diskinum hvorum og forn ostur til gnættar. Butraldi signdi skamma stund, tekur upp skammrifið og sker og neytir og leggur eigi niður fyrr en allt var rutt af rifjum. Þorgeir tók upp ostinn og skar af slíkt er honum sýndist. Var hann harður og torsóttur. Hvorgi þeirra vildi deila við annan kníf né kjötstykki. En þó að þeim væri lítt verður vandaður þá fóru þeir þó eigi til sjálfir að skepja sér mat því að þeim þótti það skömm sinnar karlmennsku. Þá var matur fram settur fyrir Þorkel og kerlingu hans. Þau mötuðust við eld. Þau komu stundum í stofu og luku upp hurðu og skyggndu í stofuna allóframlega.

Og er gestir voru mettir þá kom Þorkell í stofu og kerling hans og tekur hún mat af borði en Þorkell tók til orða: "Þau gistingarlaun vildi eg hafa að þér ættust ekki illt við meðan þér eruð hér á mínum bæ því að mér orkar það margra vandræða ef þér berist hér á. Sýnist mér það ráð að Þorgeir sofi fram hjá oss í skála en Butraldi og hans förunautar sofi hér í stofunni."

Svo gera þeir, sofa nú af nóttina. Og er lýsa tók var Butraldi snemma á fótum og Þorkell. Þorgeir var og snemma á fótum. Þá var kveikt ljós í stofu og borð fram sett og matur á borinn með sama hætti og um kveldið hafði verið. Þá tekur Þorgeir upp skammrifið og sker en Butraldi býr þá við ostinn.

Og er þeir voru mettir þá fer Butraldi á brott og hans förunautar. Hann fer upp eftir dalnum svo sem leið liggur. Nokkuru síðar fer Þorgeir. Hann fer og upp eftir dalnum. Á fellur ofan eftir dalnum. Brött heiðarbrekka var upp úr dalnum Gervidal þar sem þjóðleið liggur. Í brekkunni var þá skafll mikill og harður.

Þorgeir sér þá hvar þeir Butraldi fara og þykist vita að þeir muni eiga harðfenni mikið í heiðarbrekkunni og torvelda leið, snýr yfir ána og fer upp öðrum megin árinna, en þeir fóru upp á brekkuna, og snýr þá aftur á þjóðleiðina. Butraldi kom að skaflinum og skorar með exi sinni fyrir sér. Þorgeir sér þá hvar Butraldi fór en Þorgeir var uppi á brekkunni.

Butraldi mælti þá: "Rann kappinn nú?"

Þorgeir segir: "Eigi rann eg. Því fór eg aðra leið að eg þurfti eigi að skora fönn fyrir mér en nú mun eg eigi renna undan yður."

Þorgeir stendur þá á brekkubrúninni en Butraldi skorar fönnina. Og er hann kom í miðja brekkuna þá setur Þorgeir spjótскеfti sitt undir sig og snýr fram oddinum en hefir exina reidda um öxl, rennir fönnina ofan að Butralda. Hann heyrir hvininn af för Þorgeirs og lítur upp og finnur eigi fyrr en Þorgeir hjó framan í fang honum og þar á hol. Fellur hann á bak aftur. En Þorgeir rennir fram yfir hann, til þess að hann kemur á jöfnu, svo hart að förunautar Butralda hrjóta frá í brott. Um þenna atburð er þetta erindi ort:

Vel dugir verk að telja
vopna hreggs fyr seggjum,
oft flýgr gránn frá gunni
gjóðr, Butralda hljóðan,
þótt kynni mun minni
margrjóðanda þjóðir,
né hnekki eg því, þakkar
þess vígs fetils stíga.

Förunautar Butralda þora eigi að hefna hans né ráða á Þorgeir því að þeim þótti illt að eiga náttból undir vopnum Þorgeirs. Styrma þeir yfir Butralda en Þorgeir snýr upp á heiðina og fer til þess er hann kemur suður á Reykjahóla. Hann hefir þar góðar viðtökur, var þar um veturinn í góðu yfirlæti.

Vetrarríki var mikið víða um héruð og féll fé fyrir mönnum, búin óhæg. Sóttu margir menn norður á Strandir til hvalfanga.

7. kafli

Um vorið eftir fór Þorgeir til Ísafjarðar þangað sem skip þeirra stóð uppi. Þar kom og Þormóður og skipverjar þeirra. Þeir fara norður á Strandir þegar þeim gaf byr.

Þorgils hét maður er bjó að Lækjamóti í Víðidal. Hann var mikill maður og sterkur, vopnfimur, góður búþegn. Hann var skyldur Ásmundi hærulang, föður Grettis. Hann var og skyldur Þorsteini Kuggasyni. Þorgils var Mársson. Hann fór og á Strandir og var genginn á hval þann er kom á Almenningar og förunautar hans.

Þorgeiri verður eigi gott til fangs þar sem hann var kominn. Ber honum engi hvalföng í hendur, þar sem hann var kominn, né önnur gæði.

Nú spyr hann hvar Þorgils var á hvalskurðinum og fara þeir Þormóður þangað. Og er þeir komu þar þá mælti Þorgeir: "Þér hafið mikið að gert um hvalskurðinn og er það vænst að láta fleiri af njóta en yður þessa gagnsmuna. Er hér öllum jafnheimult."

Þorgils svarar: "Vel er það mælt. Hafi hver það sem skorið hefir."

Þorgeir mælti: "Þér hafið mikinn hluta skorið af hvalnum og hafið þér það sem nú hafið þér skorið. Og vildum vér annaðhvort að þér gangið af hvalnum og hafið þér það sem þér hafið af skorið en vér þann hluta er óskorinn er eða hvorir að helmingi bæði skorinn og óskorinn."

Þorgils svarar: "Lítið er mér um að ganga af hvalnum en vér erum ráðnir til að láta eigi lausan þann hlut fyrir yður er skorinn er meðan vér megum á halda á hvalnum."

Þorgeir mælti: "Það munuð þér þá reyna verða hversu lengi þér haldið á hvalnum fyrir oss. "

Þorgils svarar: "Það er og vel að svo sé."

Nú herklæðast hvorirtveggju og bjuggust til bardaga. Og er þeir voru búnir þá mælti Þorgeir: "Það er vænst Þorgils að vér sækjumst því að þú ert fulltíði að aldri og knálegur og reyndur að framgöngu og er mér forvitni á að reyna á þér hver eg er. Skulu aðrir menn ekki til okkars leiks hlutast."

Þorgils segir: "Vel líkar mér að svo sé."

Mjög voru þeir jafnliða. Nú sækjast þeir og berjast hvorirtveggju. Þeir Þorgeir og Þorgils láta skammt höggva í milli því að hvortveggi þeirra var vopnfimur en fyrir því að Þorgeir var þeirra meir lagður til mannskaða þá féll Þorgils fyrir honum. Í þeim bardaga féllu þrír menn af Þorgils liði. Aðrir þrír féllu af liði þeirra Þorgeirs.

Eftir þenna bardaga fóru förunautar Þorgils norður til héraðs með miklum harmi. Þorgeir tók upp allan hvalinn, skorinn og óskorinn. Fyrir víg Þorgils varð Þorgeir sekur skógarmaður. Fyrir hans sekt réð Þorsteinn Kuggason og Ásmundur hærulangur.

Þeir Þorgeir og Þormóður voru það sumar á Ströndum og voru þar allir menn hræddir við þá og gengu þeir einir yfir allt sem lok yfir akra. Svo segja sumir menn að Þorgeir mælti við Þormóð þá er þeir voru í ofsa sínum sem mestum: "Hvar veistu nú aðra tvo menn okkur jafna í hvatleika og karlmennsku þá er jafnmjög séu reyndir í mörgum mannaunum sem við erum?"

Þormóður svarar: "Finnast munu þeir menn ef að er leitað er eigi eru minni kappar en við erum."

Þorgeir mælti: "Hvað ætlar þú hvor okkar mundi af öðrum bera ef við reyndum með okkur?"

Þormóður svarar: "Það veit eg eigi en hitt veit eg að sjá spurning þín mun skilja okkra samvistu og föruneysi svo að við munum eigi löngum ásamt vera."

Þorgeir segir: "Ekki var mér þetta alhugað, að eg vildi að við reyndum með okkur harðfengi."

Þormóður mælti: "Í hug kom þér meðan þú mæltir og munum við skilja félagið."

Þeir gerðu svo og hefir Þorgeir skip en Þormóður lausafé meira og fer á Laugaból. En Þorgeir hafðist við á Ströndum um sumarið og var mörgum manni andvaragestur. Um haustið setti hann upp skip sitt norður á Ströndum og bjó um og stafaði fyrir fé sínu. Síðan fór hann á Reykjahóla til Þorgils og var þar um veturinn. Þormóður víkur á nokkuð í Þorgeirsdrápu á misþokka þeirra í þessu erindi:

Frétt hefr öld að áttum,
undlinns, þá er svik vinna,
rjóðanda naut eg ráða,
rógsmenn saman nóga.
Enn vil eg einskis minnast
æsidýrs við stýri,
raun gat eg fyrða fjóna,
flóðs nema okkars góða.

8. kafli

Skip stóð uppi í Norðurá í Flóa. Þar var þá skipahöfn tíð. Í því skipi keypti Þorgils og Illugi bróðir hans á laun til handa Þorgeiri og létu búa um varnað að þeim hluta er Þorgeir átti í skipinu. Þeir Þorgils og Illugi riðu eigi til öndverðs þings um sumarið því að þeir vildu eigi fyrr fara um Breiðafjarðardali en Þorsteinn Kuggason væri riðinn úr héraði til þings því að þeir vildu þá fylgja Þorgeiri til skips, skógarmanni Þorsteins. <i>(Úr Flateyjarbók)</i>

([Nú fréttu þeir Þorgísl og Illugi að Þorsteinn var til þings riðinn, ríða nú heiman með sex tigu manna. Þeir voru þar í för fóstbræður Þorgeir og Þormóður. Ríða nú undan flokkarnir. En er þeir fóstbræður riðu inn að á þeirri er heitir Drífandi, hún er í Gilsfirði, þá mælti Þorgeir: "Hvar veistu aðra tvo fóstbræður, þá að okkur séu jafnir að hraustleika og framgöngu?"

Þormóður mælti: "Finnast ætla eg munu ef víða er leitað."

Þorgeir mælti: "Það ætla eg að hvergi finnist á Íslandi. En hvað ætlar þú hvor okkar muni af öðrum bera ef við reynum með okkur?"

"Það veit eg eigi," segir Þormóður, "en hitt veit eg að sjá spurning þín mun skilja félag með okkur og föruneysi."

Í þessu bili ríður Þorgeir fram fyrir hamarinn. Sjórinn var að fallinn svo að hesturinn var nær á sundi undir honum. Og er hann kom fyrir forvaðann þá hleypur hann af baki. Hann sá þá að Þormóður sneri hesti sínum út með firðinum. Þorgeir kallaði þá að Þormóður skyldi ríða fyrir hamarinn.

Þormóður svarar: "Skilja mun með okkur fyrst að sinni og far þú heill og vel."

Eftir það reið Þormóður út aftur með Gilsfirði og létti eigi fyrr ferð sinni en hann kom heim á Laugaból til Bersa föður síns.

Eftir skilnað þenna stígur Þorgeir á hest sinn og ríður eftir flokkinum og er hann kemur í Saurbæ þá var flokkurinn riðinn upp til Svínadals. Þorgeir reið snúðigt mjög.

Sá maður bjó að Máskeldu er Hlenni hét. Sá maður var á vist með honum er Torfi hét. Hann var kallaður böggull. Hann var farinn ofan til árinna að höggva hrisbyrði á bak sér. Hann hafði lagt hana upp á bak sér en Þorgeir reið neðan eftir bökkunum. Og er Þorgeir kom gegnt honum þá kallaði hann á hann og spurði hvað er hann héti. En Torfi heyrði eigi að hann kallaði á hann í því að veðrinu laust í byrðina. En Þorgeir vildi spyrja að flokkinum og kallaði á hann nokkurum sinnum en Torfi heyrði aldrei. En er Þorgeiri leiddist á hann að kalla reiddist hann við er honum var áður skapþungt. Hann ríður þá yfir ána að Torfa og leggur spjóti í gegnum hann. Torfi var þegar dauður. Þar var síðan kallaður Böggullækur. Þorgeir reið þá leið sína þar til er hann náði þeim Illuga suður í Mjósundi. Segir hann þeim þá víg Torfa. Þeir láta lítt yfir verki þessu.)

Maður hét Skúfur er bjó í Hundadal í Dölum. Skúfur var góður bóndi og gagnsamur við menn. Bjarni hét sonur Skúfs er þar var heima með honum. Skúfur hét og sauðamaður Skúfs í Hundadal.

Nú fara menn til þings en þeir fara vestan af Reykjahólum. Þeir hafa sent menn fyrir til þings að tjalda búðir sínar. Þeir hafa náttverð í Saurbæ en ríða um nóttina vestan í Dali og ætluðu að hafa dagverð í Hundadal. Þeir koma er morgnast í Miðdali, fram fyrir Þykkvaskóga. Þeir eta þar og sofa.

Þorgeir hefir rauðan hest, vænan og reiðgóðan og mikinn vexti. Og er liðinn var miður morgunn þá bjóða förunautar þeirra að taka hesta. Nú rísa þeir upp og fara að hrossum. Hestur Þorgeirs fannst eigi. Þeir fóru að leita hestsins því að þar voru miklir skógar um alla hlíðina. Svo lýkur að hesturinn finnst eigi. Taka þeir þá einn klyfjahest og skipta klyfjum á fleiri hesta. Þorgeiri er þá fenginn sá hestur. Geta þá að líta hvar einn maður ríður rauðum hesti, reiðgóðum, og rekur sauði nokkura fyrir sér upp eftir eyrunum frá Sauðafelli. Hann eltir hart sauðina því að hann hafði skjótan hest. Þorgeiri sýnist þessi hestur vera líkur sínum hesti. Nú lætur hann sem hann viti eigi, hefir af augabragð hvert maðurinn ríður og sér hann hvar maðurinn eltir sauðina til bæjarins í Hundadal. Skúfi höfðu goldnar verið ær nokkurar vestan úr Laxárdal og höfðu þær gengið í brott og fór Bjarni son Skúfs að leita ána og hafði hann tekið hest Þorgeirs.

Nú ríður flokkurinn til bæjarins í Hundadal og bjóða þeir bræður förunautum sínum að þeir taki af hestum sínum utan garðs og láta eigi hrossin ganga í túnið. En þeir bræður riðu til húss með fá menn. Þorgeir reið til kvíanna þar sem hann þóttist kenna hest sinn. Skúfur er þá heim kominn og rak sauðinn í kvína. Bjarni situr á hestinum og hefir þá rekið ærnar í kvína þær sem hann hafði fundið.

Þorgeir spyr: "Hver er þessi maður er hér situr á hestbaki?"

"Sá heitir Bjarni."

Þorgeir segir: "Þú hefir vænlegan hest eða hver á hestinn?"

Bjarni svarar: "Sannspurt er það að hesturinn er vænlegur en það veit eg eigi hver hann á."

Þorgeir segir: "Fyrir hví tókstu hestinn?"

Bjarni svarar: "Því tók eg hestinn að mér þótti betra að ríða en ganga."

Þorgeir mælti: "Það sýnist mér nú ráð að þú stígir af baki og látir hestinn koma í hendur eiganda."

Bjarni mælti: "Eg mun nú litlu við auka um reiðina því að eg mun eigi lengra ríða en heim til dyra."

Þorgeir mælti: "Það vil eg að þú stígir nú þegar af baki."

Bjarni segir: "Ekki mun hestinn skaða þótt eg ríði heim til húss."

Þorgeir mælti: "Eg vil þessu ráða að þú ríðir eigi lengra að sinni."

Bjarni vill snúa hestinum heim til garðshliðsins og ríða heim til húss en Þorgeir leggur spjótinu til hans og þegar í gegnum svo að hann féll þegar dauður af baki.

Skúfur sauðamaður sá að Bjarni féll af baki. Hann hleypur úr kvíadyrunum þar sem hann var að byrgja kvíadyrnar. Hann tekur exi sína og höggur til Þorgeirs tveim höndum. Þorgeir laust við spjótskafti sínu við högginu og bar af sér en hann hjó til Skúfs hinni hægri hendi með exinni í höfuðið og klauf í herðar niður og dó hann þegar.

Förunautar Þorgeirs fara heim skyndilega og segja höfðingjum tíðindin. Þeim þótti þetta ill tíðindi vera sem þau voru. Fá þeir þegar menn til að fylgja Þorgeiri í brott að hann gengi eigi í augsyn föður hins vegna eða frændum þeirra er vegnir voru. Eftir það sögðu þeir Skúfi tíðindin. Þá sá hann sér engan sóma sýnna en þiggja sjálfðæmi þau er þeir bræður buðu fyrir vígin og fébætur fyrir menn sína að svo göfgum mönnum sem þeir bræður voru, allra helst er sá var sekur er vígin hafði vegið. Nú sættust þeir að svo mæltu.

Þessa víga getur Þormóður í Þorgeirsdrápu:

Kapp lét höldr með heppni,
hríð gerðist þá sverða,
hrátt gat hrafn að slíta
hold, Más syni goldið.
Enn var vogs að vígi
viggriðandi síðan,
kænn bar greipr að gunni
gjarna, Skúfs og Bjarna.

Þeir Þorgils og Illugi átu dögurð í Hundadal og eftir það riðu þeir suður til Borgarfjarðar og fylgdu Þorgeiri til skips.

9. kafli

([Þorgeir hafði riðið undan suður og er hann kom til Hvassafells stóðu þar menn úti. Sauðamaður var þá heim kominn frá fé sínu og stóð þar í túninu og studdist fram á staf sinn og talaði við aðra menn. Stafurinn var lágur en maðurinn móður og var hann nokkuð bjúgur, steyldur á hæli og lengdi hálsinn. En er Þorgeir sá það reiddi hann upp öxina og lét detta á hálsinn. Öxin beit vel og f auk af höfuðið og kom víðsfjarri niður. Þorgeir reið síðan í brott en þeim féllust öllum hendur er í túninu höfðu verið.

Litlu síðar komu þeir frændur eftir. Voru þeim þá sögð þessi tíðindi og þótti þeim þetta eigi hafa vel til borið. Er svo sagt að þeir frændur bættu víg þetta fyrir Þorgeir. Riðu þeir síðan til móts við Þorgeir. Hann fagnar þeim vel. Þeir spurðu hví Þorgeir hefði þetta víg vegið eða hvað Þorgeir fyndi til um

mann þenna.

Þorgeir svarar: "Eigi hafði hann nokkurar sakar til móts við mig en hitt var satt að eg mátti eigi við bindast er hann stóð svo vel til höggsins."

"Það mun sýnast í því," sagði Þorgísl, "að þú munt óhandlatur reynast en bætt höfum við nú víg þessi."

Síðan ríða þeir allir saman til skipsins.)

Sá maður var til skips kominn er Gautur hét. Hann var son Sleitu. Hann var náinn að frændsemi Þorgílsi Márssyni er Þorgeir hafði vegið. Gautur var mikill vexti og sterkur að afli, ódæll og harðfengur. Hann hafði sér fari tekið af stýrimanni og vissi engvar vonir til þess að Þorgeir ætlaði þar utan að fara. Hann færði brún á nef við komu Þorgeirs og sýndist þeim nakkvað vandræði vera að þeir séu samskipa við það skaplyndi sem hvor þeirra hafði. Skip var albúið og bundinn búlki og vara Gauts komin í búlka.

Nú er Þorgeir heyrði gnadd Austmanna um návistu þeirra Gauts þá mælti hann: "Vel má eg nýta að vera samskipa við Gaut hversu síða brún sem hann setur."

En hvað sem Þorgeir ræddi um samvist þeirra þá var það ráð tekið að brotinn var upp búlkinn og vara Gauts á brott borin. Reið hann þá norður til héraða.

Austmenn leggja skipi sínu ofan eftir ánni og út til Seljaeyrar. Þeir bræður ríða eigi fyrir úr héraði en skipið lét út og í haf. Síðan riðu þeir til þings með miklu fjölmenni og sættust fyrir hönd Þorgeirs á víg Þorgílsi Márssonar, færa fram sýknu hans.

Þorgeir og hans félagar velkti úti í hafi nokkura hríð, sjá að lyktum land fyrir stafni og kenna Austmenn landið og er það Írland. Sýnist þeim ósýnn friðurinn ef þá rekur þar.

Þorgeir mælti: "Það er sýnna ef vér verjumst vel að vér fáum nokkurum mönnum ærinn náttverð áður vér erum drepnir og er þá hæft nokkuð í vorri vörn."

Nú kasta þeir akkerum eigi allnær landi og brjóta upp vopn sín og búast þeir til bardaga ef þess þyrfti við. Síðan sjá þeir fjölmenni mikið á land upp og mörg spjót sem á skóg sæi. Þó að Írar hefðu háskett spjót þá tóku þau þó eigi til þeirra. Nú halda þeir fé sínu og fjörvi og sigldu á brott þá er þeim gaf byri. Þeir fóru þaðan til Englands og voru þar um hríð og hefir Þormóður svo um ort að Þorgeir þægi þar góðar gjafir af höfðingjum.

Eftir það fór hann til Danmerkur og fékk þar svo mikla virðing að Danir tignuðu hann nær sem konung að því sem Þormóður hefir um ort.

Síðan fór hann til Noregs og á fund Ólafs konungs hins helga og gengur fyrir hann og kvaddi hann vel. Konungur tók vel kveðju hans og spurði hver hann væri.

Hann svarar: "Eg er íslenskur maður og heiti eg Þorgeir."

Konungur mælti: "Hvort ertu Þorgeir Hávarsson?"

Hann svarar: "Sá er maður hinn sami."

Konungur segir: "Heyrt hefi eg þín getið. Þú ert mikill maður vexti og drengilegur í ásjónu og munt eigi vera í öllu gæfumaður."

Konungur bauð Þorgeiri með sér að vera og þá gerðist hann hirðmaður Ólafs konungs. Konungur lagði mikla virðing á Þorgeir því að hann reyndist í öllum mannraunum hinn röskvasti maður og góður drengur. Þorgeir fór kaupför suður til Vindlands og var þar lítill friður í þenna tíma kaupmönnum norðan úr löndum. Af þessi ferð varð hann ágætur því að hann hafði það af hverjum sem hann vildi. Þorgeir hafðist þá í förum við og var annan vetur jafnan með Ólafi konungi í Noregi en annan á Íslandi, á Reykjahólum. Jafnan kom hann skipi sínu í Borgarfjörð og héldu því í Flóa í Norðurá og setti þar upp á vetrum fyrir vestan ána þar sem nú er kallað Þorgeirshróf. Það er suður frá holti því er Smiðjuholt heitir.

Þorgeir bjó sjö sinnum skip sitt af Íslandi að því er Þormóður segir:

Sex lét Sævar faxa
sviprunnr héðan Gunnar,
snjallr var ár að öllu
undlinns, búinn sinnum.
Sortóttum réð Særir
seims, frá eg það heiman,
oft vann auðar skiptir
erring, í haf knerri.

10. kafli

Nú er að segja frá Þormóði hvað hann hafðist að meðan Þorgeir var í förum. Þormóður fór til föður síns Bersa á Laugaból þá er þeir Þorgeir skildu félag sitt og var með honum mjög marga vetur. Honum þótti löngum dauflegt því að þar var fámennt.

Kona hét Gríma er bjó á bæ þeim er í Ögri heitir. Hún var ekkja og vel fjáreigandi. Það var mælt um Grímu að hún kynni sér mart og það töluðu menn að hún væri fjölkunnig. Nú fyrir því að kristni var ung og vanger þá sýndist það mörgum mönnum atgervi að maður væri fjölkunnigur.

Þórdís hét dóttir Grímu. Hún var væn og vinnugóð og var heima með henni. Hún var oflátleg. Kolbakur hét þræll Grímu. Hann var mikill og sterkur og vænn yfirlits og þó mjög harðlegur. Þormóður lagði mjög komur sínar í Ögur og sat löngum á tali við Þórdísi dóttur Grímu og af hans komum og tali var kastað orði til að hann mundi fífla Þórdísi.

Og er Gríma vissi þær umræður þá kom Gríma að máli við Þormóð eitthvert sinn og tekur svo til orðs: "Það er orðtak mjög margra manna Þormóður að þú fíflir Þórdísi dóttur mína og er mér það lítt að skapi að hún hljóti orð af þér. Eigi fyrir því að henni sé varboðið þar sem þú ert heldur fyrir þá sök að vera kann að þeir menn er til hafa gerst að biðja hennar, ef þeir vissu að þú ert nokkuð riðinn við hennar mál, má vera að þeim sýnist tröll standa fyrir dyrum þar sem þú ert. Nú ef þú vilt biðja hennar þá mun eg gefa þér hana."

Þormóður svarar: "Vel fara þér orð um þetta mál og víst skal eg meta þín orð en eigi er skaplyndi mitt til þess að kvongast. En þó vænti eg mér ekki frammar en eiga dóttur þína en þó mun það fyrir farast."

Nú skiljast þau að svo mæltu. Fer Þormóður heim og var heima það skeið er eftir var sumarsins. Og er vetra tók þá gerðust íslög mikil og færðir góðar. Lagði og Ögursvatn. Þormóði þykir dauflegt því að fátt var til skemmtunar á Laugabóli. Endurnýjar hann þá ferðir sínar í Ögur til Þórdísar. Kemur þá aftur hinn sami vandi og orðræður og fyrr um vinfengi þeirra Þórdísar og Þormóðar. Þormóður gekk með skjöld og sverð jafnan er hann fór í Ögur því að hann átti nokkuð sökótt við suma menn.

Gríma ræddi þá enn um við Þormóð að hann skyldi af venja komur sínar "og firra svo," segir hún, "dóttur mína ámæli."

Þormóður svarar vel hennar máli en þó kom í sama stað niður um ferðir hans.

Það var einn dag þá er Þormóður var í Ögri að Gríma mælti við Kolbak: "Eg vil senda þig inn á bæi með veft er hafa skal í vef þann er þar er ofinn."

Kolbakur býst til ferðar en Gríma lauk upp örök einni er hún átti og tekur þar upp vindur nokkurar og mikið högg sax, fornt og hvasst og biturlegt, lætur það koma í hönd Kolbaki og mælti svo: "Haf þú þetta í hendi og ver eigi slyppur."

Kolbakur tók við saxinu. En Gríma lét vindurnar koma í meðal stakka Kolbaki. Hún fór höndum um hann allan og svo klæði hans. Eftir það fór Kolbakur leiðar sinnar. Veður tók að þykna og hlána og tók af það snjáföl er komið hafði.

Þá er leið á daginn mælti Þórdís við Þormóð: "Það vildi eg að þú færir aðra leið heim en þú ert vanur og færir fyrir innan víkina Ögursvík og hið efra inn eftir hlíðinni til Laugabóls."

Þormóður svarar: "Hvað ber til þess er þú vilt að eg fari þá leið?"

Þórdís mælti: "Vera kann að ís hafi versnað á víkinni er veðrið hlánar og vildi eg að þú færir engum slysförum."

Þormóður mælti: "Öruggur mun ís vera."

Þórdís mælti: "Eigi bið eg þig fleira en svo Þormóður að mér mun verr þykja um ef þú varnar mér þess er eg bið."

Nú sér Þormóður að Þórdísi þykir máli skipta á því er hún biður og heitir hann henni að fara þá leið er hún bað. Síð um kveldið fór Þormóður úr Ögri. Og er hann var skammt kominn frá dyrum þá kemur honum í hug að Þórdísi mundi engu skipta hverja leið hann færi. Hann bregður á sitt ráð og fer hið gegnsta yfir víkina á ísi.

Sauðahús stóð fyrir innan víkina og var tún um sauðahúsið. Þormóður gekk fram fyrir húsdyrnar og í því bili hljóp maður frá húsinu með brugðið sax og hjó þegar til Þormóðar. Það högg kom á hönd Þormóði fyrir ofan olboga og verður það mikið sár. Þormóður kastar skildinum og bregður sverðinu hinni vinstri hendi og höggur tveim höndum til Kolbaks og lætur skammt höggva í millum. Sverðið beit eigi því að Kolbakur var svo magnaður af yfirsöngvum Grímu að hann bitu ekki vopn.

Kolbakur hjó eigi oftár til Þormóðar en um sinn. Hann mælti: "Alls á eg kosti Þormóður við þig þess er eg vil en eigi mun eg nú fleira að gera."

Kolbakur snýr nú heim á leið og segir tíðindin. Grímu þótti Kolbakur of lítið hafa að gert við Þormóð og lét svo sem hún hefði ekki Þormóði svik veitt. Þormóður reist í sundur línbrók sína og batt sár sitt og gengur heim við svo búíð. Verkakona Þormóðar beið hans í stofu og var þar ljós en aðrir menn voru í rekkju komnir. Og er Þormóður kom í stofu þá var sett borð fyrir hann og matur á borinn. Þormóður neytti lítils matar. Heimakona sér að hann er blóðugur. Hún gengur fram og segir Bersa að Þormóður var heim kominn og það með að blóðug voru klæði hans. Bersi reis upp og gekk til stofu, heilsar Þormóði og spyr tíðinda. Þormóður segir frá fundi þeirra Kolbaks og áverka þeim er hann hafði fengið.

Bersi mælti: "Var svo að Kolbak bitu engi járn?"

Þormóður svarar: "Oft hjó eg til hans með sverðinu og beit ekki heldur en eg berði hann með tálknskíði."

Bersi mælti: "Þar kom fram tröllskapur Grímu."

Þormóður kvað vísu:

Hrundar bar eg af hendi
hjaldrs, urpum þá skjaldi,
söngs höfum sár um fengið
siklings, flugu mikla,
nærgi er hrafns um hefna
hlunns glapvígum runni,
umnýsandi, ósa
ár kyndils, má eg sára.

Bersi mælti: "Svo er víst. Eigi er sýnt nær þessar sneypu verður hefnt því að við tröll er um að eiga."

11. kafli

Bersi bindur nú sár Þormóðar því að hann var læknir góður. Um morguninn fór Bersi með marga menn í Ögur.

En fyrr en hann kom á bæinn þá mælti Gríma við húskarla sína: "Nú skuluð þér fara í stofu og skipa hinn óæðra bekk og sitja þar meðan þeir Bersi eru hér."

Þeir gerðu svo sem hún bauð, fóru í stofu og skipuðu hinn óæðra bekk og allir vopnaðir. Gríma skipaði Kolbaki á miðjan bekk og brá höndum yfir höfuð honum. Nú koma þeir Bersi á bæinn og drápu á dyr. Gríma gekk til hurðar og heilsar þeim.

Bersi mælti: "Það hyggjum vér að þér þyki lítið undir um vora heilsu en vittu það fyrir víst að oss þykir eigi verr að þú sért lítt heil."

Gríma mælti: "Mjög kemur mér á óvart orðtak þitt þetta. Vér hugðum að þú værir vor vin sem vér erum þínir. Eða segið þér nokkur tíðindi?"

Bersi svarar: "Þau ein tíðindi segjum vér að þér munu áður kunnig vera."

Gríma mælti: "Vér höfum engi tíðindi nýlega spurt eða hvað kunnið þér að segja?"

Bersi mælti: "Vér kunnum að segja þann áverka er Kolbakur þræll þinn vann á Þormóði syni mínum."

Gríma svarar: "Það eru ill tíðindi og mikil og þó verr að sönn séu því að eg sendi Kolbak inn í hús með veft og kom hann eigi heim í gærkveld og get eg að hann hafi eigi þorað að koma á minn fund því að hann vissi hvert vinfengi mér er til Þormóðar. Hefir mig það grunað lengi að Kolbakur hafi þóst vera í þingum við Þórdísi en nú hefir hann sýnt mikla fólsku er hann hefir unnið á Þormóði, svo góðum dreng, fyrir vandlætissakir og fært svo ámæli á hendur dóttur minni en gert oss skömm og hneisu. Er eg skyld að reka þessa réttar sem eg hefi föng á."

Bersi mælti: "Það mæla sumir menn Gríma að þú kunnir stundum um hug þér að mæla en raun mun enn sanna hversu þér er þetta mál gefið."

"Nú kann eg þökk og aufúsu að þér gangið inn í hús mín og rannsakið vor herbergi og dragið svo af grun að vér séum samvitandi þessa illvirkis er Kolbakur hefir unnið."

Nú gengur Bersi inn í stofuna með sínu föruneyti og skipar hinn æðra bekk, situr þar um stund og sér eigi Kolbak þar er hann situr gagnvert honum því að Gríma hafði brugðið huliðshjálmi yfir hann svo að menn máttu eigi sjá hann. Bersi gengur fram. Hann rannsakar bæinn og fann eigi Kolbak. Eftir það lýsir hann áverka á hönd Kolbaki, þeim er hann hafði unnið á Þormóði, og fer heim við svo búið.

Sár Þormóðar hafðist illa og lá hann lengi og var jafnan örvendur síðan meðan hann lifði.

Kolbakur var í Ögri um veturinn og varðveitti Gríma hann á laun. Um vorið eftir voru mál til búin á hendur Kolbaki. Á því þingi varð hann sekur skógarmaður.

Skip stóð uppi í Vaðli. Því stýrði norrænn maður sá er Ingólfur hét. Skipið var mjög búið að alþingi en þeim gaf eigi veður á brott.

Þá er menn voru riðnir úr héraði til þings kom Gríma að máli við Kolbak og mælti svo: "Þess er mér von að þú munir verða sekur skógarmaður um áverka Þormóðar. En fyrir því að sekt þín hlýst af mér þá vil eg það frelsi gefa þér að þú skalt eigi lengur þræll vera. Þar með skaltu búa hesta fjóra á laun, tvo til reiðar en aðra tvo til klyfjaburðar undir vöru og vist þá er eg vil fá þér. Vil eg fylgja þér til skips á laun ef svo má um búa og taka þér fari í Vaðli."

Kolbakur verður feginn frelsisgjöfinni og þeim féggjöfum er Gríma gaf honum. Hann bjó um nótt ferð þeirra á laun á brott úr Ögri svo að engir menn urðu þar varir við. Þau ríða Glámuheiði til Arnarfjarðar og svo hið efra út eftir fjöllum til Barðastrandar og koma um nótt í Vaðil. Þá voru kaupmenn í svefni á skipi en stýrimaður sjálfur í tjaldi á landi. Gríma sprettir tjaldskörum en Kolbakur varðveitti hesta þeirra. Hún gengur inn í tjaldið og vekur upp Ingólf stýrimann því að hún kunnir hann að sýn.

Ingólfur heilsar henni og spyr tíðinda og eftir það mælti Gríma: "Það er erindi mitt hingað á yðvarn fund að eg vildi taka einum manni fari með yður þeim er hér er nú kominn."

Ingólfur segir: "Hver sá maður?"

Gríma svarar: "Kolbakur heitir hann."

Ingólfur segir: "Vann hann á Þormóði Bersasyni?"

Gríma segir: "Sjá hinn sami gerði það."

Ingólfur mælti: "Mikið vandræði sýnist mér vera að taka við þeim manni að mest von er að sekur skógarmaður verði nú í sumar og svo harðfengir menn eru til eftirmáls sem þeir feðgar eru, Þormóður og Bersi. Höfum vér nú og lengi legið hér með búnu skipi og kann vera að Bersi komi fyrri heim í hérað en oss gefi á brott og má vera að vér fáum eigi leynt manningnum fyrir honum."

Nú er Gríma sér að Ingólfur tekur seint hennar máli vindur hún þá fram fésjóð undan kápu sinni og hellir þar úr tveim hundruðum silfurs í kné stýrimanni og mælti svo: "Þetta fé vil eg gefa þér til viðtöku og ásjá við Kolbak."

Ingólfur segir: "Fagurt er fé þetta en alkeypt mun verða ef þeir feðgar finna oss áður vér komumst á brott og tökum vér við skógarmanni þeirra."

Síðan segir Gríma: "Sé eg kaup með okkur. Þú munt taka við Kolbaki og fé þessu er eg hefi boðið þér og flytja hann af Íslandi og veita honum ásjá ef þér gefur á brott í dag."

Ingólfur segir: "Svo skal vera sem þú vilt."

Nú tekur Ingólfur við fénu, stendur upp og fylgir Kolbaki á skip út með varnað sinn. Gríma hafðist á landi uppi við um daginn og minnst á þau hin fornu kvæði er hún hafði í barnæsku sinni numið. Í því bili fellur andviðrið það er áður hafði lengi á legið. Lét Ingólfur þá bera út húðföt þeirra. Taka þeir að hvata út á skipið og eru árdegis búnir að öllu. Þá er sól var í landsuðri rann byr á. Ganga þeir Ingólfur og Kolbakur á land upp og biðja Grímu vel lifa. Býst hún til heimferðar og fær sér föruneysi og er eigi getið um ferð hennar fyrr en hún kom heim í Ögur og var það fyrr sýnu en menn komu heim af þingi. Ingólfur gengur á skip þá er Gríma var á brott og því næst undu þeir segl upp. Þeim gefur vel byri og eru litla hríð í hafi, koma við Noreg. Kolbakur réðst í lið með víkingum og reynist harðfengur maður í öllum mannaunum.

Þormóður kom heim af þingi á Laugaból og var með föður sínum nokkura vetur. Eigi höfum vér heyrt getið að Þormóður hafi fengið meiri sæmd síns áverka en sektir Kolbaks.

12. kafli

Þormóði þótti jafnan daufllegt er hann var heima með föður sínum. Eftir þingið um sumarið réðst hann til ferðar með húskarla föður síns er þeir skyldu sækja fiska er Bersi átti út í Bulungarvík. Þeir höfðu einn ferjustút er Bersi átti. Þeir sigla gott veður út eftir Ísafirði. Þeir koma út fyrir Arnardal. Þá kom andviðri á móti þeim. Verða þeir sæhafa að Arnardölum. Kasta þeir akkerum fyrir skipinu, fara sjálfir á land upp og reisa tjald, hafast þar við um hríð því að þeim gaf eigi skjótt í brott.

Katla hét kona er bjó í Arnardal. Hún var ekkja. Hana hafði átt maður sá er Glúmur hét. Dóttir hennar hét Þorbjörg. Hún var heima með móður sinni. Þorbjörg var kurteis kona og eigi einkar væn, svart hár og brýn - því var hún kölluð Kolbrún-viturleg í ásjónu og vel litkuð, limuð vel og grannvaxin og útfætt en eigi alllág.

Það barst að einn dag að Þormóður gengur frá tjaldi og upp til bæjar. Koma þeir þar í stofu. Þar var ekki inni manna nema konur einar. Þá heilsar Katla þeim er kominn var og spyr hann að nafni. Þormóður segir til sín. Hún spyr hann hvers son hann væri. Hann segir það sem hún spurði.

Katla mælti: "Heyrt hefi eg getið þín en eigi hefi eg séð þig fyrr en nú."

Þar er Þormóður um daginn og eru konur vel kátar við hann. Þormóður rennir nokkuð augum til dóttur húsfreyju og líst honum vel á hana. Hún hefir og nokkuð augabragð á honum og verður henni hann vel að skapi. Nú er Þormóður þar um daginn og fer síðan heim til tjalds síns um kveldið. Nú venur Þormóður komur sínar til húss Kötlu og sprettur upp af honum einstaka mansöngsvísur og líkar konum það vel þeim er þar voru.

Það var einn dag að Katla mælti: "Hvort áttu Þormóður nokkuð erindi út í Víkina er þú ferð með húskörlum föður þíns?" Þormóður svarar: "Eigi á eg annað erindi en að skemmta mér og þótti mér daufllegt heima."

"Hvort mun þér skemmtilegra þykja að fara með þeim eða vera hér meðan þeir fara eftir skreiðinni og skemmta þér hér? Nú er það heimilt að þú sért hér ef þú vilt það því að oss er mikið gaman að þér."

Þormóður svarar: "Vel fara þér orð og mun eg það þiggja sem þú býður því að mér þykir hér skemmtilegt að vera hjá yður."

Nú fer Þormóður til fundar við förunauta sína og segir þeim að hann mun eftir vera meðan þeir fara út í Víkina eftir fiskunum, biður þá koma þar við dalinn er þeir fara utan, kvaðst þá mundu ganga á skip með þeim. Nú skiljast þeir. Fer Þormóður til bæjarins en þeir fara erinda sinna þegar er þeim gaf veður.

Þormóður var í Arnardal hálfan mánuð. Hann yrkir þá lofkvæði um Þorbjörgu kolbrún. Það kallaði hann Kolbrúnarvísur. Og er kvæðið var ort þá færði hann kvæðið svo að margir menn heyrðu.

Katla dregur fingurgull af hendi sér, mikið og gott, og mælti: "Þetta fingurgull vil eg gefa þér Þormóður að kvæðislaunum og nafnfesti því að eg gef þér það nafn að þú skalt heita Þormóður Kolbrúnarskáld."

Þormóður þakkaði henni gjöfina. Nú festist þetta nafn við Þormóð sem Katla gaf honum. Húskarlar Bersa komu aftur til móts við Þormóð. Stígur hann þá á skip með þeim og þakkar húsfreyju þann fagnað er hún hafði honum veitt. Katla mælti að Þormóður skyldi þar eigi hjá garði sneiða ef farar hans bæri þannig. Skildust að svo mæltu. Fer Þormóður heim á Laugaból og hafðist heima við það er eftir var sumarsins.

Og er vetra tók og ísa lagði þá minntist Þormóður þess vinfengis er honum hafði verið til Þórdísar, dóttur Grímu í Ögri. Gerir hann þá heiman för sína og leggur leið í Ögur. Gríma tók við honum með miklu gleðibragði en Þórdís reigðist nokkuð svo við honum og skaut öxl við Þormóði sem konur eru jafnan vanar þá er þeim líkar eigi allt við karla. Það finnur Þormóður skjótt og sá þó að hún skaut í skjálg augunum stundum og sá nokkuð um öxl til Þormóðar. Kom honum í hug að vera mætti svo að dælla væri að draga ef hálf t hleypti, minnir hana á hið forna vinfengi hvert verið hafði.

Þórdís mælti: "Það hefi eg spurt að þú hefir fengið þér nýja unnustu og hafir ort lofkvæði um hana."

Þormóður svarar: "Hver er sú unnusta mín er þú talar til að eg hafi um ort?"

Þórdís svarar: "Sú er Þorbjörg út í Arnardal."

Þormóður svarar: "Engu gegnir það að eg hafi kvæði ort um Þorbjörgu. En hitt er satt að eg orti um þig lofkvæði þá er eg var í Arnardal því að mér kom í hug hversu langt var í milli fríðleiks þíns og Þorbjargar og svo hið sama kurteisi. Er eg nú til þess hér kominn að eg vil nú færa þér kvæðið."

Þormóður kvað nú Kolbrúnarvísur og snýr þeim erindum til lofs við Þórdísi er mest voru á kveðin orð að hann hafði um Þorbjörgu ort. Gefur hann nú Þórdísi kvæðið til heilla sátta og heils hugar hennar og ásta við sig. Og svo sem myrkva dregur upp úr hafi og leiðir af með litlu myrkri og kemur eftir bjart sólskin með blíðu veðri, svo dró kvæðið allan óræktarþokka og myrkva af hug Þórdísar og renndi hugarljós hennar heitu ástar gervalla til Þormóðar með varmri blíðu. Þormóður kemur þá jafnan í Ögur og hefir góðar viðtökur.

Og er svo hafði nokkura hríð fram farið þá verður sá atburður eina nótt þá er Þormóður var heima á Laugabóli að hann dreymir að Þorbjörg kolbrún kemur að honum og spurði hann hvort hann veki eða svæfi. Hann kvaðst vaka.

Hún mælti: "Þér er svefns en það eitt ber fyrir þig að svo mun eftir ganga sem þetta beri fyrir þig vakanda. Eða hvað er nú, hvort hefir þú gefið annarri konu kvæði það er þú ortir um mig?"

Þormóður svarar: "Eigi er það satt."

Þorbjörg mælti: "Satt er að þú hefir mitt lof kvæði gefið Þórdísi Grímudóttur og snúið þeim erindum er mest voru á kveðin orð að þú hafðir um mig ort kvæðið því að þú þorðir eigi, lítill karl, að segja satt til um hverja konu þú hefðir ort kvæðið. Nú mun eg launa þér því lausung þína og lygi að þú skalt nú taka augnaverkið mikinn og strangan svo að bæði augu skulu springa úr höfði þér nema þú lýsir fyrir alþýðu klækisskap þínum þeim er þú tókst frá mér mitt lof kvæði og gefið annarri konu. Muntu aldregi heill verða nema þú fellir niður þær vísur er þú hefir snúið til lofs við Þórdísi en takir þær upp er þú hefir um mig kveðið, og kenna eigi þetta kvæði öðrum en þeim sem ort var í öndverðu."

Þormóði sýndist Þorbjörg vera reiðuleg og mikilúðleg, þykist nú sjá svipinn hennar er hún gengur út. Hann vaknar við það að hann hafði svo mikinn augnaverkið að hann mátti varla þola óæpandi og mátti eigi sofa það sem eftir var næturinnar. Hann hvílir lengi um morguninn. Bersi rís upp sem hann átti vanda til. Og er allir menn voru upp risnir aðrir en Þormóður þá kom Bersi til Þormóðar og spurði hvort hann væri sjúkur er hann reis eigi upp sem hann átti vanda til.

Þormóður kvað vísu:

Illá réð eg því er allar
eydraupnis gaf eg meyju,
mér barst dóms í drauma
dís, Kolbrúnar vísur.
Þá tók eg þorna Freyju,
Þrúðr kann mart hin þrúða,
líknumk heldr við Hildi
hvítings, á mér víti.

Bersi mælti: "Hvað hefir þér í drauma borið?"

Þormóður segir drauminn og alla málavöxtu kvæðisins.

Bersi mælti: "Óþarfar unnustur áttu, hlaust af annarri örku ml þau er þú verður aldrei heill maður en nú er eigi minni von að bæði augu springi úr höfði þér. En þó er það nú mitt ráð við þig að þú snúir aftur kvæðinu á þann hátt sem það var ort fyrir öndverðu og eignu það kvæði jafnan Þorbjörgu kolbrún sem þú ortir um hana."

Þormóður segir: "Þú skalt ráða þessu."

Nú lýsir hann fyrir alþýðu hversu farið hafði um kvæðið og gefur þá af nýju við mörg vitni Þorbjörgu kvæðið. Þormóði batnaði þá skjótt augnaverkið og verður hann þá alheill þess meins.

Nú munum vér hvílast láta fyrst frásögn Þormóðar Kolbrúnarskálds og segja nokkuð af Þorgeiri.

13. kafli

Nú er að segja frá Þorgeiri Hávarssyni, hirðmanni Ólafs konungs. Það var eitthvert sumar er hann kom skipi sínu í Hvítá og hélt því upp í Norðurá og setti þar upp um haustið í þann stað er nú er kallað Þorgeirshróf Hann fór um veturinn til vistar vestur á Reykjahóla og var þann vetur með frændum sínum, selur þar varning sinn, fór um vorið snemmendis suður til Borgarfjarðar og býr skip sitt til

brottfærðar.

Litlu fyrir þing fer hann vestur á Reykjahóla eftir vöru þeirri er þar var saman dregin er hann hafði tekið fyrir varning sinn þann er hann hafði selt um veturinn. Hann flutti vöruna til Skógarstrandar og fær sér hesta, fer suður til Borgarfjarðar og einn maður með honum sá er reið leiðina fyrir og hafði hest í togi. Þorgeir reið eftir og rak nokkura klyfjahesta. Hann reið með skjöld og hafði spjót og exi. Fara nú við svo búið.

Sá maður bjó á Hvítstöðum er Snorri hét. Hann var kallaður Hækils- Snorri. Hann var mikill maður vexti og sterkur og vænn yfirlits og grimmlegur í ásjónu, óvinsæll og nasbráður, heiftúðigur í skaplyndi. Helgi hét son Snorra. Hann var þá á ungum aldri er þessir atburðir gerðust. Mannahúsin voru þá neðar í tungunni en nú eru og var bærinn kallaður á Mel. Lambahús mikið stóð vestur í túnið þar sem nú heita Snorratóftir.

Þorgeir og hans förunautur fóru þar hjá garði. Förunautur Þorgeirs ríður fram um bæinn en klyfjahestarnir, þeir er Þorgeir rak, hljópu í túnið. Snorri kemur út í því er Þorgeir elti klyfjahestana og vill taka þá úr túninu. Hestunum þótti gott að bíta og nam þá annar staðar er hann rak annan.

Snorri gengur inn og tekur eitt mikið krókaspjót, gengur bölvandi og blótar hestunum og svo Þorgeiri, ber hestana með spjótinu og særir. Sýnist Þorgeiri eigi örvænt að Snorri bani hestunum. Hann hleypur nú af baki og hefir skjöldinn fyrir sér. Exinni heldur hann með skildinum í vinstri hendi. Spjót hefir hann í hendi og sækir þá að Snorra. Hann hörfar þá undan um völlinn til lambhússins og verst með spjótinu. Tveir húskarlar Snorra sáu að hann hljóp út reiður með spjót sitt. Tekur sína exi hvor þeirra í hönd sér og fara til fulltings við Snorra. Þorgeir verst þeim með miklum mjúkleik en sækir að þeim með miklu afli og öruggleik sem hið óarga dýr. Húskarlarnir verða brátt sárir af Þorgeiri því að þeir höfðu skammskeftar öxar en Þorgeir lagði spjótinu hart og tíðum. Hrukku þeir Snorri inn í lambhúsið. Dyrnar voru lágar og þröngvar á húsinu og var illt þar inn að sækja eftir þeim. Þorgeir hleypur upp á húsið og rýfur til. Þar sem húsið raufaðist leggur Snorri spjótinu út í móti. Þorgeir verður sár af því nokkuð og þó lítt. Kastar Þorgeir þá spjótinu en tekur exina í hægri hönd. Sækir Snorri þá að Þorgeiri með hörðum hug þar sem húsið var rofið. En Þorgeir varðist með skildi og exi og leitar eigi annars en höggva spjót Snorra af skaftinu. Létti eigi þeim leik fyrr en Þorgeir hjó spjót Snorra af skaftinu. Og þegar jafnskjótt hljóp Þorgeir inn í húsið um glugg þann er á var rofinn með skjöld og exi og hjó þegar í höfuð Snorra svo hart að hann klýfur hausinn allan. Fær Snorri af því sári þegar bana. Þá snýr Þorgeir að húskörlum Snorra og sækir þá fimlega, hlífandi með skildi, höggvandi með exi þeirri er vön var að fá mörgum manni náttstaðar. Lauk svo þeirri atsókn að Þorgeir vó þá báða.

Eftir það gengur hann út og stígur á bak hesti sínum, ríður til dyra og hittir menn að máli, sagði að Hækil-Snorri vill hafa fund þeirra og mun bíða þeirra í lambhúsinu og ríður á brott eftir það til fundar við förunaut sinn. Hann hafði rekið klyfjahrossin úr túninu meðan þeir börðust. Fara þeir við svo búið til skips. Byr Þorgeir skip sitt og heldur því til Seleyrar, bíður þaðan byrjar og lætur í haf að búnu.

Þorgeir hefir skamma útivist. Byrjar honum vel og tekur Noreg og fer skjótt á fund Ólafs konungs og fær góðar viðtökur af konungi. Þessa atburðar getur Þormóður í Þorgeirsdrápu í þessu erindi:

Hús braut snarr til Snorra
sverðrjóðr og styr gerði,
hinn er heftir manna,
Hækils sonar, rækir.
Varð eggjaðr þar þriggja
Þorgeir á hvöt meiri,
leygs hef eg slíkt frá sæki
sannspurt, bani manna.

Helgi, son Snorra, bjó lengi á Hvítstöðum. Var hann ólíkur föður sínum og svo frændum bæði yfirlits og svo í skapi. Hann færði hús sín þangað sem nú er bærinn. Hann átti það kenningarnafn að hann er kallaður Helgi hinn hvíti og var honum það eigi auknefni því að hann var vænn maður og vel hærður, hvítur á hárslit. Við hann er bærinn kenndur á Hvítstöðum. Helgi var vinsæll maður, góður búþegn við héraðsmenn og gagnsamur við alþýðu. Hann deildi um Gufufitjar við Þorstein Egilsson því að Þorsteinn vildi kaupa fitjarnar en Helgi vildi eigi selja.

Helgi fór einn vetur með húskörlum sínum á Gufufitjar. Hann ók heyjum sínum á öxnum sunnan um mýrarnar svo sem hann var vanur. Þorsteinn fór eftir þeim með húskarla sína. Þeirra fundur varð í eyjum þeim er Langeyjar heita, suður frá Hvítstöðum. Á þeim fundi börðust þeir Þorsteinn og Helgi. Í þeim bardaga varð Helgi sár mjög. Til þess fundar komu góðgjarnir menn þeir er vitað höfðu ferð hvortratveggju og skildu þá og sættust að því að Þorsteinn keypti fitjarnar en bætti Helga áverkann við góðra manna sann.

14. kafli

Þórir hét maður er bjó að Hrófá í Steingrímsfirði. Hann var mikill hávaðamaður og heldur ódæll og óvinsæll. Hann varð missáttur við hirðmann Ólafs konungs í kaupstefnu í Steingrímsfirði og særði konungsmann miklu sári. Á það mál var eigi sæst. Og er konungurinn frá þessi tíðindi þá mislíkaði honum sjá atburður.

Hann mælti þá við Þorgeir Hávarsson: "Það vil eg Þorgeir að þú hefnir þessa áverka er hirðmaður minn fékk út á Íslandi og leiðir svo Íslendingum að berja á mínum mönnum."

Þorgeir svarar: "Það væntir mig að eg muni hefnt fá þessa mótgerða er yður hafa gervar verið í þessu verki."

Konungur mælti: "Því býð eg þér um þetta mál að eg hygg að þú munir minn vilja gera í þessu verki."

Þorgeir svarar: "Skyldur er eg til þess að gera það sem þú vilt."

Þorgeir býr þá skip sitt snemma sumars út til Íslands. Honum byrjar vel og kemur hann skipi sínu í Vaðil. Hann fer vestur á Reykjahóla og tekur til skálasmiðar. Sá maður hét Veglágur er var að skálasmið með Þorgeiri og gerði sínum megin hvor þeirra skálann. Skálinn var um endilangt þilinn en eigi öðrum þiljum. Þau þili héldust allt til þess er Magnús biskup var að staðnum í Skálaholti hinn síðari.

Öndverðan vetur fór Þorgeir norður til Steingrímsfjarðar til Hrófár. Með honum var í ferð Veglágur smiður. Þeir komu á bæinn síð um kveld og drepa á dyr. Kona ein gekk til hurðar og heilsar þeim og spyr þá að nafni. Þorgeir segir hið sanna til hverjir þeir voru. Hann spurði hvort Þórir bóndi væri heima. Hún segir hann heima vera.

Þorgeir mælti: "Bið þú hann út ganga."

Hún gengur inn og segir Þóri að menn voru komnir úti "þeir er þig vildu hitta."

Hann segir: "Hverjir eru þeir menn?"

Hún svarar: "Það ætla eg að kominn sé Þorgeir Hávarsson."

Þórir reis upp og tekur spjót sitt, gengur út í dyr og setur spjótsoddinn í þröskuldinn, heilsar þeim er komnir voru.

Þorgeir tók eigi kveðju hans. Hann mælti: "Það er erindi mitt hingað að eg vil vita hvern sóma þú vilt gera konungsins Ólafs fyrir þann vansa er þú gerðir hirðmanni hans?"

Þórir svarar: "Hvort ertu aðili málsins?"

Þorgeir svarar: "Fyrir það mun ganga sem eg sé aðili þess máls því að eg hefi konungs umboð til þessa máls."

Þórir segir: "Vera má að svo sé að þú hafir hans umboð en varla virðist mér svo sem eg heyri orð konungsins þó að þú mælir."

Þorgeir svarar: "Satt er það að þú heyrir eigi hann sjálfan mæla en þó má vera að þú reynir nokkurt sinn hans ríki."

Og er minnstar vonir voru leggur Þorgeir spjótinu til Þóris. Það lag kom framan í fang honum og gekk þar á hol. Féll Þórir inn í dyrnar og dauður. Líttu síðar snýr Þorgeir á brott og hans förunautur og er eigi sagt frá ferð hans fyrr en hann kemur heim á Reykjahóla.

Um þenna atburð orti Þormóður þetta erindi:

Ár man eg þegn, hinn er Þóris
þarfs fagrlega arfa,
hlýra hrafns, með geiri
happauðigr réð dauða.
Dýr hefndi svo sára,
slíkt fór allt af ríki,
Odds og ernir söddust
jóstýrandi hlýra.

Þann vetur voru stuldir miklir á Reykjahólum. Hurfu mönnum gripir margir úr hirslum og var svo mikill gangur að því að nálega úr hvers manns hirslum hvarf nokkuð hversu rammlegur lás sem fyrir var en þó var engi lásinn brotinn. Illugi Arason var heima á Hólum þann vetur. Eftir jól um veturinn heimta þeir bræður saman hjón sín.

Tekur Þorgils þá til orða: "Það er öllum mönnum kunnigt að hér í vetur hafa verið miklar tókur. Hefir mart horfið úr lásum og lokum. Ætlum vér að hafa uppi rannsókn. Skal fyrst rannsaka hirslur okkrar bræðra en eftir það annarra manna og ef eigi finnst heima hér það er stolið er þá munum vér fara á aðra bæi að rannsaka menn."

Nú fór það fram að rannsakaðar voru hirslur manna og finnst eigi það er leitað var.

Veglágur smiður átti eina mikla kistu þá er eigi var rannsökuð. Þorgils mælti að Veglágur skyldi upp lúka kistunni og láta menn sjá hvað væri í.

Hann segir: "Aldrei hefi eg rannsakaður verið sem þjófar og mun eg eigi lúka upp kistunni."

Þorgils mælti: "Eigi er til þín eins leikur sjá ger. Hafa vorar kistur rannsakaðar verið og má þér það sem yfir margan gengur."

Þá segir Veglágur: "Þótt þér hafið allir rannsakaðir verið þá mun eg þó eigi lúka upp mína kistu til rannsaks."

Illugi spratt þá upp og hafði eina handexi í hendi. Hann gengur að kistunni og mælti: "Eg hefi að varðveita konungslýkil þann er að öllum kistum gengur og lásur. Nú mun eg með þeim upp lúka kistunni ef þú vilt eigi selja mér lykil."

Veglágur sér að Illugi mun upp höggva kistuna ef hún væri eigi upp lokin, selur þá fram lykilinn. Illugi lýkur þá upp kistunni og finnur þar marga lykla þá er að gengu öllum lásur þeim er voru á Reykjahólum. Hann finnur þar í marga gripi þá er mönnum höfðu horfið þar. Þá þóttust menn vita að Veglágur mundi stolið hafa fénu því er horfið var. Er honum þá nauðgað til sagna. Gengur hann þá við mörgum stuldum og fylgir mönnum þar til er hann hafði féið fólgið úti í ýmsum stöðum.

Þá mælti Illugi: "Ólífismaður sýnist mér Veglágur vera og er það mitt ráð að hann sé hengdur."

Þorgeir mælti: "Eigi muntu svo vilja lúka við húskarl þinn."

Illugi svarar: "Rangt sýnist mér vera að svo mikill þjófur gangi undan."

Þá segir Þorgeir: "Hvað sem yður sýnist rétt vera um þetta mál þá mun yður þó verða maðurinn dýrkeyptur í þessu sinni og eigi mun hann af lífi tekinn ef eg má því ráða."

Illugi mælti: "Mikið kapp leggur þú á með þjófum og muntu illt að verki hafa þar sem hann er. Og eigi mun jafnan þinn eiður fyrir honum standa þó að hann gangi nú undan. Nú fari hann í brott af Reykjanesi og komi aldrei síðan hér."

Þorgeir segir: "Vel má svo vera."

Nú fylgir Þorgeir Veglági vestur á Laugaból í Laugadal til Bersa og Þormóðar og skorar á þá að þeir veiti Veglági vist til fardaga "og flytjið hann til skips í Vaðil" og kveðst Þorgeir þá mundu flytja hann í brott af Íslandi.

Þeir feðgar tóku við Veglági fyrir Þorgeir og var hann með þeim Þormóði um veturinn. Þorgeir fór aftur á Reykjahóla og var þar um veturinn.

15. kafli

([Það bar til um vorið eftir að þeir Þorgeir og Þormóður fóru norður á Strandir og allt norður til Horns. Og einn dag fóru þeir í bjarg að sækja sér hvannir og í einni tó er síðan er kölluð Þorgeirstó skáru þeir miklar hvannir. Skyldi Þormóður þá upp bera en Þorgeir var eftir. Þá brast aurskriða undan fótum hans. Honum varð þá það fyrir að hann greip um einn hvannjóla með grasinu og hélt þar niðri allt við rótina ella hefði hann ofan fallið. Þar var sextugt ofan á fjörugrjót. Hann gat þó eigi upp komist og hékk þar þann veg og vildi þó með öngu móti kalla á Þormóð sér til bjargar þó að hann félli ofan á annað borð og var þá bani vís sem vita mátti.

Þormóður beið uppi á hömrnunum því að hann ætlaði að Þorgeir mundi upp koma. En er honum þótti Þorgeiri dveljast svo miklu lengur en von var að þá gengur hann ofan í skriðuhjallana. Hann kallar þá og spyr hví hann komist aldrei eða hvort hann hefir enn eigi nógar hvannirnar.

Þorgeir svarar þá með óskelfdri röddu og óttalausum brjósti: "Eg ætla," segir hann, "að eg hafi þá nógar að þessi er uppi er eg held um."

Þormóð grunar þá að honum muni eigi sjálfrátt um, fer þá ofan í tóna og sér vegsummerki að Þorgeir er kominn að ofanfalli. Tekur hann þá til hans og kippir honum upp enda var þá hvönnin nær öll upp tognuð. Fara þeir þá til fanga sinna.

En það má skilja í þessum hlut að Þorgeir var óskelfur og ólífhræddur og flestir hlutir hafa honum verið karlmannlega gefnir sakir afls og hreysti og allrar atgervi.

Segja menn að þeir hafi verið allir þrír á einni vist á Reykjahólum, Þorgeir, Þormóður og Grettir hinn sterki Ásmundsson, og hafi verið nær um afl þeirra tveggja og Grettis eins.

Segja menn og að Þorgísl hafi svo sagt að Lögbergi á alþingi er hann var spurður að veturtaksmönnum sínum hvort þeir mundu eigi röskvastir menn á öllu Íslandi og síst kunna nokkuð að hræðast en hann svarar því svo að það væri eigi svo "því að Grettir er myrkræddur en Þormóður guðhræddur" en Þorgeir sagði hann ekki vætta hræðast kunna og síst bregða sér við nokkurn veiflegan háska.

Síðan fóru þeir norðan af Ströndum með feng þann er þeir höfðu fengið. Fór Þorgeir heim á Reykjahóla en Þormóður á Laugaból.]

Um vorið bjó hann skip sitt. Veglágur kom til skips og tók Þorgeir við honum og flutti hann utan. Skipið kom við Orkneyjar. Rögnvaldur Brúsason var þá búinn til hernaðar því að víkingar margir lágu við eyjarnar þeir er rændu búendur og kaupmenn og vildi Rögnvaldur refsa þeim sín illvirki. Þorgeir selur þá skip sitt og réðst hann í lið með Rögnvaldi.

Veglágur fór upp á Skotland og gerðist þar mikill þjófur og var þar drepinn um síðir.

Rögnvaldi virðist Þorgeir vel og hans förunautum því að hann reyndist því meiri kappi sem hann kom í meiri mannraunir svo sem Þormóður orti um:

Njörðr gekk á skæ skorðu
Skeleggr, en það teljum,
hjaldrs, er herja vildi,
hjörgaldrs með Rögnvaldi.
Lítt sparði fjör fyrða
fremdar mildr að hildi,
drengs varð dáð að lengri,
djarfr Hávarar arfi.

Í hernaði varð Þorgeir ágætur maður að hug og vopnfimi og í öllum röskleik. Jarl varð ágætur af þessi ferð því að hann sigraðist hvar sem hann barðist um sumarið og gerði góðan frið búkórlum og kaupmönnum.

16. kafli

Síðan um haustið fór Þorgeir til Noregs og var með Ólafi konungi um veturinn í góðri virðingu. Ólafur konungur þakkaði honum það er hann hafði rekið þeirrar sneypu er Þórir hafði gert honum. Illugi Arason var með Ólafi konungi þann vetur.

Um vorið bjó Illugi skip sitt til Íslands. Þorgeir segir Illuga að hann vill fara með honum.

En Illugi svarar honum svo: "Óráðlegt sýnist mér að þú farir út til Íslands. Hefir þú stórvirki gert í mörgum héruðum og áttu þar í flestum stöðum illa fritt. En þú hefir hér mikinn sóma af konungi og góðan frið af öllum mönnum. Nú mun eg eigi flytja þig frá friðinum og til ófriðarins því að þú munt

ekki svo gott upp taka á Íslandi sem þú tekur hér hvern dag mikinn sóma af konungi."

"Vera má svo," segir Þorgeir, "að eg komist þó til Íslands að þú flytjir mig eigi."

Nú býr Illugi skip sitt og lætur í haf þá er honum gaf byr. Og er hann var í haf látinn þá gengur Þorgeir einn dag fyrir konung og biður sér fararleyfis.

Ólafur konungur mælti: "Svo virðist mér að minni mannheill hafir þú á Íslandi en hér með oss. Þykir mér fyrir því það vænna að þú sért hér með oss en á Íslandi að þú hafir hér meira gott en þar."

Þorgeir sótti þetta mál mjög við konung. Og er konungur sér að Þorgeiri þótti mikið undir að þiggja það er hann bað þá mælti konungur: "Nú mun að því koma sem eg sagði hinn fyrsta tíma er þú komst á vörn fund að þú mundir eigi vera gæfumaður í öllum hlutum. Nú mun eg lofa þér að þú farir út til Íslands en eigi munum við sjást síðan ef við skiljum nú."

Þorgeir svarar: "Þökk kann eg yður að þér lofið mér að fara. En það ætla eg að fara á yðvarn fund að sumri."

Konungur mælti: "Vera má að svo sé að þú ætlir það en eigi mun svo verða."

Nú skilja þeir að svo mæltu. Þorgeir tók sér fari með þeim norrænum manni er Jökull hét og fór með honum út til Íslands. Það skip kom í Vaðil og fór Þorgeir til vistar á Reykjahóla.

Illuga reiddi lengi úti um sumarið og kom um haustið síð norður í Hraunhöfn á Melrakkasléttu. Hann setti þar upp skipið og bjó um og fær menn til varðveislu skipsins um veturinn, fór við það norðan um héruð og ætlaði heim til Hóla. Gautur Sleituson er fyrr var getið kom til fundar við Illuga er hann fór norðan og tók sér fari með honum að sumri.

Einn dag er Illugi áði hesti sínum með sínu föruneyti kom þar maður einn ríðandi á áifanga. Sá var í hvítri hekl. Hann kvaddi Illuga. Hann tók kveðju hans og spurði hver hann væri.

Hann sagði: "Eg heiti Helgi."

Illugi segir: "Hvaðan ertu kynjaður eða hvar áttu heima?"

Helgi svarar: "Víða stendur kyn mitt fótum en þó er hér flest fyrir norðan land. En hvergi á eg heima og eigi hefi eg heill til þess að hafa tveggja missera vistir en jafnan hefi eg kaup á sumrum og enn hefir svo verið í sumar og margir menn kennast við mig ef heyrir kenningarnafn mitt."

Illugi spurði: "Hvert er það?"

Helgi svarar: "Eg er kallaður Helgi selseista."

Illugi segir: "Fánefnt er það kenningarnafn en þó hefi eg heyrt þín getið."

Helgi mælti: "Það er erindi mitt hingað að eg vil vita ef þú vilt ferja mig utan að sumri."

Illugi mælti: "Eru þér nokkur vandræði á höndum eða hefir þú nokkur fé?"

Hann segir: "Engi eru mér vandræði á höndum en eyvit hefi eg fé. En vera mætti að heldur væri yður létti að mér því að eg er ofléttur maður."

Illugi mælti: "Ertu nokkur atgervimaður?"

Hann segir: "Engi er eg íþróttamaður en mikið traust á eg undir fótum mínum og brjóstheill er eg og því fær engi tekið mig á rás."

Illugi mælti: "Gagn er þeim það er allhræddir verða."

Helgi mælti: "Ekki hefi eg það reynt að verða allhræddur. En vita vil eg hvort þú vilt veita mér farið."

Illugi mælti: "Kom þú í vor til fundar við mig og ver með mér í flutningum þá er eg dreg saman vöru mína og far þá með mér utan."

"Sá kostur líkar mér vel," segir Helgi.

Nú skiljast þeir að svo mæltu og fer Illugi vestur á Reykjahóla og er þar um veturinn.

17. kafli

Bræður tveir bjuggu í Garpsdal. Hét annar Kálfur en annar Steinólfur. Þeir voru á ungum aldri og vel fjáreigandi og vinsælir menn.

Þórdís hét kona er bjó í Ólafsdal. Hún var ekkja, góð húsfreyja og gagnsöm. Son hennar hét Eyjólfur er átti bú með henni. Hann var gervilegur maður og vinsæll. Þorgeir hét frændi Þórdísar er hún hafði upp fætt og fósttrað. Hann var knálegur maður. Hann átti það kenningarnafn að hann var kallaður Þorgeir hófleysa en það kenningarnafn hlaut hann af því að hann hafði til alls meira en hann þurfti þegar hann átti nokkuð fé fyrir að ráða.

Með þeim fóstbræðrum Eyjólfvi og Þorgeiri var vingott á unga aldri. Þeir voru báðir knáir menn og ólátir og var löngum mikið um þá. En framfærslukerling Þórdísar amaðist oft við þá og glímur þeirra en þeir glettust því meir við kerlingu sem hún angraðist meir við.

Einn dag er þeir glímdu á gólfi, og var mikið um þá, komu þar jafnan niður er kerling var og drógu verk hennar á fótum sér, þá mælti kerling: "Lítill fremd er ykkur í því að spilla verki fyrir mér eða glettast við mig. En spá mun eg ykkur spá. Svo vel sem nú er með ykkur þá munuð þið verst skilja ykkart vinfengi."

Þeir segja: "Furðu óspáleg sýnist okkur þú vera."

Kerling mælti: "Hversu sem ykkur sýnist það þá mun það eftir ganga sem eg mæli nú."

Um vorið eftir er þeir Illugi og Þorgeir höfðu um veturinn verið á Reykjahólum beiddi Þorgeir Illuga að hann skyldi veita honum far um Íslandshaf. Illugi veitti honum það sem hann bað. Kálfur og Steinólfur úr Garpsdal tóku sér fari með Illuga.

Nú er menn fóru til skips um vorið þá mælti Illugi við Þorgeir: "Það vildi eg frændi að þú færir norður til skips með mönnum mínum og búið skipið um þingið en eg á erindi til þings að hitta vini mína. Mun eg ríða norður af þingi. Vildi eg að skip væri albúið þá er eg kem norður."

Þorgeir segir svo vera skulu sem hann vildi. Þá réðst Þorgeir norður til skipsins á Sléttu en Illugi bjóst til þings. Steinólfur og Kálfur og Helgi selseista voru í ferð með Þorgeiri en vara þeirra hafði fyrr farið. Þorgils Arason og Ari son hans og Illugi bróðir hans riðu með flokki til þings úr Breiðafirði.

Þá er Þorgeir kom norður í höfnina setti hann fram skipið og bjó. Gautur Sleituson var til skips kominn og hafði annað mötuneyti en Þorgeir. Þar var illt til eldiviðar og fóru sinn dag hvorir að afla eldibranda, Þorgeir og hans förunautar, Gautur og hans förunautar.

Einn dag fór Þorgeir að afla eldibranda en Gautur var heima. Matsveinar Gauts höfðu ketil uppi og er vella var komin á ketil þeirra þá var lokið eldiviði þeirra. Sögðu þeir Gauti til sinna vandræða. Gautur gengur til búðar Þorgeirs og tekur ofan spjót hans og höggur af skafti spjótið og kastar í rúm hans og hefir með sér skaftið. Hann tekur og skjöld Þorgeirs og hefir með sér, gengur síðan til eldsstóarinnar. Hann klýfur í sundur skjöldinn og spjótskaftið og eldir undir katlinum. Verður þá vel matbúið.

Þorgeir kom heim um kveldið. Hann saknar skjótt vopna sinna. Hann spyr hver sveina hafi á brott borið "skjöld minn og spjót."

Gautur segir: "Eg tók skjöld þinn og spjótskefti og klauf eg undir ketil vorn. En áður mátti eigi vel matbúa því að lokið var eldiviði vorum en oss þótti illt hrátt að eta."

Nú fann ekki á Þorgeiri að honum mislíkaði sjá tiltekja Gauts.

Annan dag fór Gautur og hans förunautar að fá eldibranda en Þorgeir var heima og bjó skip. Matsveinar Þorgeirs höfðu eldiviðarfátt. Og er þeir skyldu matbúa sögðu þeir Þorgeiri. Hann fór til tjalds Gauts og tók spjót hans og skjöld og hjó af skafti spjótið en klauf skjöldinn undir ketil. Þá skorti eigi eldivið til þess að vella mat þeirra.

Gautur kom heim um kveldið og spurði hvað menn vissu til skjaldar hans eða spjótskeftis.

Þorgeir svarar: "Skjöld þinn og spjótskefti klauf eg undir ketil í dag því að matsveinum varð eldiviðarfátt."

Gautur segir: "Seint lætur þú af að auka oss skapraunir."

Þorgeir svarar: "Svo er leikur hver sem heiman er ger."

Gautur hjó þá til Þorgeirs en hann laust við exi sinni og bar af sér höggið, skeindist þó lítt á fæti. Þá hljópu menn í milli þeirra og tóku þá og héldu.

Þorgeir mælti: "Eigi þurfið þér að halda mér því að eg mun mig nú til engis ófriðar líklegan gera."

Nú voru þeir skildir og fara hvorirtveggju til síns tjalds, hafa síðan náttverð og leggjast síðan til svefns. Og er menn voru sofnaðir þá rís Þorgeir upp og tekur exi sína í hönd sér og gengur til tjalds þess er Gautur var í og sprettir tjaldskörum og gengur inn í tjaldið og að rúmi Gauts og vekur hann. Gautur vaknar og spratt upp og vildi taka til vopna. Og í því bili höggur Þorgeir til Gauts og klýfur hann í herðar niður. Fékk Gautur af því sári bana. Þorgeir gengur á brott og til búðar sinnar. Búðunautar Gauts vakna við brestinn er hann var veginn. Styrmdu þeir yfir líki hans og bjuggu um. Um þenna atburð orti Þormóður vísu þessa:

Gaut veit eg að son Sleitu
snarfengr með lið drengja
höldr við harðar deildir
hjördjarfan nam fjörvi.
Ófeigum varð eigi
álmþings í gný málma,
oft verðr rík, þeim er rækir,
raun, stynfullu launað.

18. kafli

Eftir þenna atburð sá Þorgeir einn dag hvar skip sigldi af hafi þangað til hafnar. Það skip tók þar höfn og lágu um akkeri eigi allnær skipi Þorgeirs. Hann fór á báti með skipverjum sínum til kaupskipsins og spyr hver fyrir skipinu réði. Honum var sagt að Þorgrímur Einarsson réði fyrir skipinu er kallaður var tröllli, grænlenstur maður, og annar maður, Þórarinn ofsi Þorvaldsson, norðlenskur maður. Þeir spyrja hver fyrir því skipi réði er þar var fyrir í höfninni. Þeim var sagt að Illugi Arason ætti skipið en þá réð fyrir skipinu Þorgeir Hávarsson. Þorgeir spyr hversu fjölmennt þeir hefðu á skipinu. Honum var sagt að þar væru fjórir tígir karla innanborðs.

Nú sá Þorgeir að þar var mikill liðsmunur ef þá skildi nokkuð á því að þeir Þorgeir voru ei fleiri en þrír tígir vígra manna.

Þorgeir mælti: "Yður kveð eg að þessu stýrimennina. Það er mælt af mörgum mönnum að vér séum hvorirtveggju nokkuð ójafnaðarmenn og ekki óágjarnir við aðra. Nú vil eg þess biðja að vér gerum eigi vora hreysti og harðfengi að fólsku og ófriði. Sýnist mér það ráð að vér setjum grið meðal vor til varúðar."

Þeir Þorgrímur og Þórarinn tóku því vel og fór það fram að grið voru sett sem Þormóður orti um:

Gulls réð Þorgeir þolla
því næst griða æsta
sér er hann sáat færi
Svinngæðr með lið minna.
Öll tók seggr hinn snjalli
sannleiks friðar mönnum
fljótt, þá er fyrðar nýtan,
fullmæli, réð tæla.

Nú er grið voru sett meðal þeirra þá fór Þorgeir til skips. Hann flutti þá út á skip allt fé skipverja sinna og lét skipið liggja um akkeri eigi allnær landi og voru þá menn hans allir á skipi því að hann trúði eigi til fulls þeim Þorgrími og Þóarni þó að grið væru sett meðal þeirra.

Menn koma af landi ofan til þeirra Þorgríms og segja þeim víg Gauts Sleitusonar, það er þar hafði orðið í höfninni, því að Þorgeir hafði eigi sagt þeim vígið.

Og er Þórarinn heyrir þessi tíðindi sögð þá heimtíur hann Þorgrím á tal einn saman og mælti svo: "Eigi mundi eg grið hafa sett við Þorgeir ef eg hefði vitað þessi tíðindi, víg Gauts frænda míns. Nú vil eg vita af yður hvers eg skal þar von eiga um liðveislu ef eg vil hefna Gauts."

Þorgrímur svarar: "Eigi mun eg skiljast við yður í þessu máli en torsóttlegur sýnist mér Þorgeir vera."

Þórarinn mælti: "Vér munum bera á land upp einhvern dag skruð og léreft og aðra góða gripa og breiða til þerris og kann vera að nokkurir menn Þorgeirs fari út að undrast gripina og munum vér fyrst drepa þá og fækka svo lið þeirra."

Þorgrímur mælti: "Freista máttu þess ef þú vilt."

Þeir Þorgrímur og Þórarinn höfðu ætlað að fara til Grænlands og áttu félag saman, bæði skip og áhöfn, og bera þeir fyrir því eigi fé sitt af skipi.

Einn veðurdag góðan báru þeir Þórarinn á land upp skruð og léreft og góða gripi og breiddu við þerri. Þann dag fóru þeir Kálfur og Steinólfur tólf saman á báti til lands eftir vatni. Og er þeir sáu varning á land breiddan þá hljópu þrír menn af liði þeirra þangað sem þeir sáu varninginn. Og þegar er þeir komu þangað þá voru þeir drepnir. Og eftir það fóru þeir Þórarinn og Þorgrímur með liði sínu að þeim Kálfi. Þeir gerðu þá handtekna, Kálf og Steinólf, og settu í fjötur en þeir drápu þar þrjá menn hjá vatninu. Helgi selseista hjó í fyrstu mann þeirra Þórarins banahögg og eftir það hljóp hann á brott. Menn runnu eftir honum og fengu eigi tekið hann. Hljóp hann hið efra um fjall daga og nætur og nam eigi fyrr staðar en hann kom á Þingvöll. Hann sagði þeim Þorgíslu og Illuga þau tíðindi er gerst höfðu í Hraunhöfn þá er hann fór í brott.

19. kafli

Eftir þessi tíðindi er nú var frá sagt tóku þeir Þorgrímur kaupskipsbátinn, þann er þeir Kálfur höfðu til lands haft, og fóru þá til skips síns. Þorgeir var á skipi út og þeir nú saman og vissu þeir eigi þau tíðindi er á landi höfðu gerst því að leiti bar á milli þar sem vatnið var og skipið. Finnur Þorgeir eigi fyrir en þeir Þórarinn flytja kaupskipið með tveim bátum þangað til skips þeirra Þorgeirs og allir herklæddir.

Þeir Þorgeir grípa vopn sín og verjast vel. Þeir Þorgrímur flytja þá skip sitt að skipi Þorgeirs og leggja borð við borð. Tekst þá skjótt harður bardagi. Ná þeir brátt uppgöngu á skip Þorgeirs og láta skammt stórra höggva í milli. Þorgeir hjó jafnan tveim höndum með öxinni og var lengi það að þeir komu eigi höggi á hann því að engum þótti girnilegt gistingarból undir exi hans en þó hlutu það margir. Menn Þorgeirs féllu brátt. Hljóp hann þá aftur í stafninn og varðist þaðan því að við mikinn liðsmun var að etja svo sem Þormóður orti um:

Stirðr réð stafn að varða
strenghreins tugum drengja,
ítr því að ár var heitinn,
auðstjóri þrek, fjórum,
áðr sigreynir sínum,
sár hlutu menn að hváru,
út við eigi litla
erring féll á knerri.

Kennt hefir fjör hve frændum
fólkhnaitir skal veita
dýr þó að drengi væri
dylgjusamt að fylgja.
Þreks frá eg Þorgeir eiga,
þau eru orð komin norðan
handargrjóts frá hreyti,
hug, þann er við mun brugðið.

Allir ágættu hans vörn, þeir er vissu hversu hraustlega hann varðist, og mæltu allir eitt um hans vörn og fræknleik að menn þóttust eigi hans jafningja fundið hafa. Þorgeir hjó hart og tíðum af miklu afli og öruggum hug og var honum sjálfum hugur sinn bæði fyrir skjöld og brynju og þykjast menn eigi vita þvílíka vörn sem Þorgeir hafði. Almáttigur er sá sem svo snart hjarta og óhrætt gaf í brjóst Þorgeiri og eigi var hans hugþrýði af mönnum ger né honum í brjóst borin heldur af hinum hæsta höfuðsmið. Nú fyrir því að þeim Þorgrími reyndist meiri mannaun að sækja Þorgeir heldur en klappa um maga konum sínum þá sóttist þeim seint og varð þeim hann dýrkeyptur því að Þormóður hefir svo um ort að Þorgeir yrði fjórtán manna bani áður hann féll en tveir eru nefndir í Þorgeirsdrápu þeir er hann vó þar.

Már hét Austmaður sá er fyrst kom sári á Þorgeir. Hann hjó á hönd Þorgeiri og er hann hafði það sár fengið þá hjó hann Má banahögg. Sá maður er annar nefndur er Þorgeir vó síðar er Þórir hét, Austmaður, er lagði spjóti í gegnum Þorgeir en Þorgeir gekk á lagið þar til er hann hjó hann banahögg.

Um þennan atburð orti Þormóður vísur þessar:

Hauks frá eg hræva lækja
harðræðis þrot bræði
við sviþrunna sennu
sverðs aldregi verða.
Már hét maðr og Þórir
málsnjallr er lét falla,
áðr frágum þá þeirra,
Þorgeir, lokið eirum.

Olli fjör, áðr félli,
flugtrauðr hjarar dauða,
sá var rækjandi hinn ríki
reggs, þretían seggja.
Þar læt eg hjaldrs fyr höldum
hins er þrek gat vinna,
mál téa mín að deilast
mjúk, vígatal lúkast.

Nú er Þórir var fallinn en spjótið stóð í gegnum Þorgeir þá féll hann eigi. En þá var skammt höggva á meðal því að þeir Þórarinn og Þorgrímur stóðu nær og unnu þeir þá á Þorgeiri og við það féll hann og lét líf sitt. Þórarinn ofsi hjó höfuð af Þorgeiri og hafði í brott með sér.

Svo segja sumir menn að þeir klyfðu hann til hjarta og vildu sjá hvílíkt væri, svo hugprúður sem hann var, en menn segja að hjartað væri harðla lítið og höfðu sumir menn það fyrir satt að minni séu hugprúðra manna hjörtu en huglausra því að menn kalla minna blóð í litlu hjarta en miklu en kalla hjartablóði hræðslu fylgja og segja menn því detta hjarta manna í brjóstinu að þá hræðist hjartablóðið og hjartað í mannum.

20. kafli

Eftir þenna bardaga skildu þeir Þorgrímur og Þórarinn félag sitt því að Þórarinn þóttist mikinn sigur unnið hafa. Vænti hann sér virðingar hér á landi fyrir sigurinn. Þorgrímur hafði skip úr félagi þeirra en Þórarinn lausafé. Hélt Þorgrímur skipinu til Grænlands og fórst honum vel.

Þórarinn aflar sér hesta og manna og reið norðan úr höfninni við tólfta mann. Hann hafði höfuð Þorgeirs í belg við slagólar sér til ágætis sigurs síns. Það var skemmtan þeirra á áföngum að þeir tóku höfuð Þorgeirs úr belgnum og settu þar á þúfur upp og hlógu að. En er þeir komu í Eyjafjörð þá áðu þeir þar skammt frá Naustum. Þeir tóku þá höfuð Þorgeirs og settu það upp á þúfu eina sem þeir voru vanir. Þeim sýndist þá höfuðið ógurlegt, augun opin og munnurinn en úti tungan. Við þá sýn urðu þeir allhræddir og felmsfullir. Þeir grófu þá með exum sínum hjá höfðinu og hrundu þar í ofan höfðinu og grófu á ofan torf.

Sléttukarlar ruddu kaupskipið og fluttu til lands og jörðuðu þar í höfninni allra manna lík, þeirra er þar höfðu fallið á skipi og á landi, því að þeir nenntu eigi til kirkju að færa líkin því að í þenna tíma voru engvar kirkjur í nánd höfninni.

Kálfur og Steinólfur voru úr fjötrum leystir eftir bardagann og ruddu þeir til líkagraftrarins við Sléttukarla. Þeir varðveittu varning þann er á skipinu var þar til er Illugi kom til skips. Nú þó að kristni væri ung í þenna tíma hér á landi þá var þar þó eigi síður til þess að taka fé veginna manna. Illugi fór utan það sumar norður á Sléttu.

Þormóður Kolbrúnarskáld undi löngum illa eftir líflát Þorgeirs og það sumar fór hann utan í Vaðli. Eyjólfur í Ólafsdal og Þorgeir hófleysa fóstbróðir hans fóru utan í Grímsárósi. Það skip kom í ey þá er Lófót heitir.

Þormóður Kolbrúnarskáld fór á fund Ólafs konungs hins helga. Þormóður kvaddi konunginn og tók konungur vel kveðju hans og spurði hvað manna hann væri eða hvers son hann væri.

Þormóður segir: "Eg er íslenskur maður og heiti eg Þormóður en Bersi heitir faðir minn."

Konungur mælti: "Hvort ertu kallaður Þormóður Kolbrúnarskáld og ert svarabróðir Þorgeirs Hávarssonar?"

"Já," segir Þormóður, "sá er maður hinn sami."

Konungur mælti: "Njóta skaltu hans frá oss og vel skaltu hér kominn. Og víst máttu vita það að eg tel mér misboðið í vígi Þorgeirs hirðmanns míns og þökk kynni eg þess að hans yrði hefnt."

Þá kvað Þormóður vísu:

Þarf sá er þér skal hvarfa,
þengill, fyrir kné lengi,
svarar hóglega hverju,
hugborð, konungr orði.
Fáir erum vér, né frýju,
frændr, vorum þó vændir,
minnumst meir á annað
mitt starf, konungdjarfir.

Konungur mælti: "Gaman má vera að skáldskap þínum."

Þormóður gerðist þá hirðmaður Ólafs konungs.

Það skip kom um sumarið til Noregs er var af Grænlandi. Því skipi stýrði sá maður er Skúfur hét. Hann var grænlenstur maður að kyni, farmaður mikill og vitur maður og vinsæll. Hann var vinur Ólafs konungs og honum handgenginn. Skúfur fór til hirðar konungs og var þar um veturinn. Þann vetur voru þeir í Noregi Illugi Arason, Steinólfur og Kálfur, Eyjólfur og Þorgeir hófleysa.

Um vorið eftir er einn vetur var liðinn frá falli Þorgeirs Hávarssonar, Þorgils Arason og Ari son hans bjuggu til mál á hönd Þórarni um víg Þorgeirs og öðrum mönnum þeim sem að viginu höfðu verið, gerðu mikinn reka að þeim verkum er þar voru ger. Á þau mál var sæst á þingi og gerði Þorgils um málin öll tvö hundruð silfurs og guldust þar á þinginu um víg Þorgeirs og hafði Guðmundur hinn ríki hundrað að ráði Þorgils. Það sumar var Þórarinn veginn á mannamóti í Eyjafirði.

Á því sumri fóru þeir Kálfur og Steinólfur út til Íslands. Þeir komu út í Vaðli á Barðaströnd og fóru heim í Garpsdal til bús síns.

Eyjólfur og Þorgeir hófleysa keyptu skip í Noregi og héldu því til Íslands þá er þeir voru búnir. Þá velkti lengi úti og komu síð um haustið á Borgarfjörð. Og er þeir komu þar þá skildi þá á um landtöku. Vildi Eyjólfur halda skipinu til Straumfjarðar því að þangað var byr en Þorgeir hófleysa vildi halda skipinu til réttar og vita ef byr gæfi fyrir jökulinn og vildu halda skipinu í Dögurðarnes. Þá var gengið til siglu og eftir leitað hvorir fleiri væru skipverjar, þeir er sigla vildu eða hinir er í rétt vildu leggja skipið. En fyrir því að mönnum hafði leiðst í hafinu þá voru þeir fleiri er sigla vildu til lands. Þeir fóstbræður voru svo reiðir að þeir tóku til vopna en menn gættu þeirra svo að ekki varð að. Þeir tóku Straumfjörð.

Og þegar er skipið var landfast orðið þá fékk Þorgeir hófleysa sér hest og reið hann frá skipi og fór til þess er hann kom vestur í Garpsdal. Hann tók sér vist með þeim bræðrum, Steinólfi og Kálfi. Eyjólfur var við skip þar til er hann hafði um skip búið, fór þá heim í Ólafsdal til móður sinnar og var með henni um veturinn.

21. kafli

Spákerling sú er fyrr var getið tók sótt um veturinn og lá lengi. Hún andaðist næstu nótt eftir pálmunnudag. Lík hennar var flutt á skipi til Reykjaness því að engi kirkja var nær Ólafsdal en sú er á Hólum var. Eyjólfur og húskarlar hans fluttu lík spákerlingar til kirkju. Og er líkið var niður sett versnaði veðrið, gerði kófviðri og frostviðri. Lagði fjörðinn út langt og mátti eigi skipum koma inn til dalsins.

Þorgils mælti þá við Eyjólf: "Það sýnist mér ráð að þú farir eigi fyrr heim en liðin er páskavika. Mun eg þá fá þér menn með skip þitt heim ef þá má komast fyrir ísum en ef þá er eigi með skip fært þá mun eg ljá þér hest heim að ríða. En ef nauðsyn ber til þá mega húskarlar þínir fara heim fyrir ef þú vilt."

Eyjólfur svarar: "Þetta þitt boð mun eg þiggja."

Nú fóru húskarlar Eyjólf's heim og gengu þeir hið innra um Króksfjörð. Eyjólfur var á Hólum þar til er leið páskavika mjög. Fimmta dag í páskaviku segir Eyjólfur Þorgíslu að hann vill heim fara. Þorgils segir svo vera skyldu sem hann vildi. Þá lætur Þorgils búa honum hest skúaðan til ferðar og býður honum mann til föruneytis ef hann þurfti. Hann kvaðst einn saman ríða vilja. Nú ríður hann utan af Reykjanesi og inn um Berufjörð og Króksfjörð.

Og er hann átti skammt utan til Garpsdals þá voru þeir Kálfur og Steinólfur úti staddir og stóðu undir einum húsvegg og töluðust við og þá geta þeir að líta hvar menn gengu utan eftir vellinum. Þeir þóttust kenna mennina og sýndist þar vera Þorgeir Hávarsson og þeir níu menn er þar féllu á skipinu með Þorgeiri. Voru allir alblóðugir og gengu inn eftir vellinum og úr garðinum og er þeir komu að á þeirri er fellur fyrir innan bæinn þá hurfu þeir. Þeim bræðrum varð ósvift við þessa sýn. Ganga þeir inn í skálann.

Önundur hét maður er gætti nauta í Garpsdal. Hann gekk úr fjósi er þeir voru inn komnir bræður. Hann sér hvar maður ríður utan eftir vellinum allvænum hesti. Sá maður var gyrður sverði og hefir spjót í hendi, hjálm á höfði. Og er hann nálgadist bæinn þá kennir hann manninn og var þar Eyjólfur. Önundur gengur til stofu og er þar fátt manna. Þar var Þorgeir hófleysa og konur nokkurar.

Önundur tekur til orða: "Nú ríður Eyjólfur hér um garð."

Og er Þorgeir heyrði þessa sögn hljóp hann út og tók spjót í hönd sér. Þá var Eyjólfur kominn á innanverðan völlinn. Þorgeir hljóp eftir honum. En Eyjólfur reið leið sína og sér eigi er maðurinn rennur eftir honum. Hann kom að Garpsdalsá. Hún var upp gengin og leitaðist hann fyrir. Þorgeir

kallar á hann að hann skuli bíða hans ef hann þyrði. Eyjólfur heyrir kallið og lítur til og sér hvar Þorgeir hleypur. Eyjólfur hleypur af baki og rennur í mót honum. Og er þeir finnast leggur hvor þeirra í gegnum annan og falla jafnsnemma. Nú kom það þar fram er spákerling hafði fyrir sagt.

Þeir bræður gengu til stofu þá er af þeim leið það ómegin er yfir þá hafði liðið.

"Hvar er Þorgeir?" segja þeir.

Þeim var sagt að hann hefði út gengið og tekið spjót í hönd sér þá er Önundur nautamaður sagði för Eyjólf. Þeir bræður gengu út snúðigt og inn úr garði til árinna og voru þeir þá fallnir en eigi örendir. Sátu þeir bræður þar yfir þeim til þess er þeir voru örendir og síðan færa þeir lík þeirra til kirkju.

22. kafli

Þá er Þormóður Kolbrúnarskáld hafði verið einn vetur með Ólafi konungi þá bjó Skúfur skip sitt til Grænlands.

Þormóður gengur þá fyrir konunginn og mælti: "Það vildi eg konungur að þú leyfðir mér að fara til Grænlands í sumar með Skúf."

Konungur mælti: "Hvert erindi áttu til Grænlands, hvort ætlar þú að hefna Þorgeirs svarabróður þíns?"

Þormóður svarar: "Eigi veit eg hvers auðið verður um það."

Konungur mælti: "Eigi mun eg banna þér förina því að eg þykist vita hvað þú vilt."

Nú skilja þeir talið. Þormóður tók sér fari með Skúfi. Og er þeir voru mjög búnir þá fara þeir á konungs fund og þakka alla vingan þá er hann hafði þeim veitt. Konungur bað þá vel fara. Konungur gaf Þormóði gullhring og sverð þá er þeir skildu. Ganga þeir Skúfur á skip út.

Og er þeir voru komnir á skip þá gengur maður út á skipsbryggjuna. Sá hefir síðan hatt, mikill maður vexti, herðibreiður og þykkur og máttu þeir eigi sjá hans ásjónu. Sá maður kvaddi Skúf. Hann tók kveðju hans og spurði hann að nafni. Hann kveðst Gestur heita.

Skúfur mælti: "Hvar er kyn þitt?"

Gestur mælti: "Víða stendur kyn mitt fótum. En það er erindi mitt hingað að eg vil vita ef þú vilt veita mér far til Grænlands í sumar?"

Skúfur segir: "Ókunnigur ertu mér og mun eg vita við skipverja mína hvað þeim sýnist ráð, hvort eg taki við þér eða eigi."

Gestur mælti: "Það ætlaði eg að stýrimaður ætti að ráða skipi en eigi hásetar og er það líkast að eg vinni hlutverk mín að mínum hluta svo að eigi munu hásetar þínir þurfa að vinna fyrir mig."

Nú lýkur svo þeirra tali að Skúfur hét farinu. Gengur Gestur upp í bæinn og kemur aftur litlu síðar með mikla byrði og þunga svo að varla máttu tveir menn upp taka. Gestur tók sér rúm aftur á búlkabrun. Hann átti fátt við aðra menn og lét fátt til sín taka. Skúfur lét þá í haf. Þeir fengu stór áföll og hvöss veður. Því liðbetri var Gestur er meir kom í raun um. Svo sýndist mörgum mönnum sem Gestur mundi hafa tveggja manna megn í sínum tiltökum. Heldur stóðst allt í odda með þeim Gesti og Þormóði það sem við bar.

Svo bar að einn dag að þeir Þormóður og Gestur áttu austurmál að halda báðir saman. Í það mund var byttuastur á skipum en eigi dæluaustur. Nú var Þormóður niðri í kili og sökkti byttunum en Gestur tók við á þiljunum og bar út fyrir borð. Þormóður var ekki sterkur maður og seldi oft ekki langt upp byttunarnar. Gestur ræddi um að hann skyldi lengra upp selja byttunarnar. Þormóður svarar öngu en gerði rétt sem áður. Nú er minnstar vonir voru þá lætur Gestur falla ofan byttuna fulla af sjó í fang Þormóði. Varð hann alvotur og hleypur upp úr austrinum og þrífur vopn. Gestur tekur þá og sín vopn. Vilja þeir þá á berjast.

Skúfur mælti: "Það er eigi sami að menn séu ósáttir á kaupskipum í hafi því að þar fylgir mart til meins og sjaldan mun þeim skipum vel farast er menn eru ósáttir innanborðs. Nú viljum vér beidda ykkur að þið setjið grið meðal ykkar meðan þið eruð í hafi á skipi."

Nú var svo gert. Skip velkir úti lengi. Fá þeir veður stór. Og í einum stormi gengur í sundur skiprá þeirra. Fór þá seglið utanborðs. Taka menn seglið og heimta að sér innanborðs og voru tiltök Gests harðfenglegust. Skúfur vissi að þeir menn voru lítt hagir er farið höfðu af Grænlandi með honum en hann hafði séð þá Þormóð og Gest mart haglega telgja.

Skúfur mælti þá við Þormóð: "Vilt þú skeyta rá vora saman?"

Þormóður svarar: "Ekki er eg hagur. Biddu Gest gera að ránni. Hann er svo sterkur að hann mun stinga mega saman rárendunum."

Skúfur gekk þá til Gests og bað hann bæta rána.

Gestur svaraði: "Ekki er eg hagur. Mæl þú að Þormóður geri að því að hann er svo orðhagur að hann mun yrkja saman rárendana svo að fastir séu. En fyrir nauðsynja sakir þá mun eg telgja annan hlutinn rárinnar en Þormóður telgi annan."

Nú er fengin sín öx hvorum þeirra og telgir sinn hlut hvor þeirra. Gestur lítur nokkuð um öxl til Þormóðar. Þá er hann hafði telgt sinn hlut rárinnar sest hann niður á búlkann en Gestur telgir nokkuru lengur það tré er hann var að. Og er lokið var að telgja þá bar hann saman hlutina og þurfti þá af hvorigum hlut að taka. Nú festi Gestur saman rána. Og eftir þetta festa þeir segl við rá og síðan sigla þeir.

Síð um haustið tóku þeir Grænland. Skip kom í Eiríksfjörð. Þorkell Leifsson var þá höfðingi yfir Eiríksfirði. Þorkell var mikill höfðingi, ríkur og vinsæll. Hann var vin mikill hins helga Ólafs konungs. Þorkell kom brátt til skips þá er það var landfast orðið og keypti að stýrimönnum og að hásetum þá hluti er hann þurfti að hafa. Skúfur gerði Þorkatli í kunnleika að hirðmaður Ólafs konungs var þar á skipi sá er Þormóður hét, sagði að konungur hafði Þormóð honum til handa sent til trausts og halds ef hann þurfti meira við. Nú af þessum orðum Skúfs fór Þormóður til vistar í Brattahlíð.

Skúfur átti bú á Stokkanesi. Það var í Eiríksfirði öðrum megin en Brattahlíð var. Við Skúf bjó sá maður er Bjarni hét, vitur maður og vinsæll, ger að sér í mörgu, hagur vel. Hann varðveitti bú þeirra beggja þá er hann var í förum. Þeir áttu félag saman og fór vel með þeim. Þormóður fór til vistar í Brattahlíð. Gestur vistaðist í Einarsfirði á þeim bæ er heitir í Vík. Þar bjó sá maður er Þorgrímur hét.

23. kafli

Þorgrímur tröllti Einarsson bjó í Einarsfirði á Löngunesi. Þorgrímur var goðorðsmaður, mikill höfðingi, ríkur og fjölmennur, garpur hinn mesti í skaplyndi. Við Þorgrím bjó systir hans er Þórdís hét. Hana hafði átta sá maður er Hámundur hét. Synir Þórdísar fjórir voru á vist með Þorgrími. Einn þeirra hét Böðvar, annar Falgeir, þriðji Þorkell, fjórði Þórður. Þeir voru allir garpar miklir og frálegir menn.

Þórunn hét önnur systir Þorgríms trölla. Hún bjó í Einarsfirði á þeim bæ sem heitir á Langanesi. Hún átti son þann er Ljótur hét, var mikill maður vexti. Allir frændur Þorgríms voru miklir hávaðamenn og ójafnaðarfullir.

Sigríður hét kona er bjó á þeim bæ er að Hamri hét. Sigríður átti gott bú og gagnsamt. Sigurður hét son hennar er að búi var með henni. Sigurður var frálegur maður, vinsæll og lítill hávaðamaður og þótti eigi alla vega jafnt.

Loðinn hét verkþræll í Brattahlíð. Hann var verkmaður góður. Honum fylgdi að lagi kona sú er Sigríður hét. Hún var fengin til að vinna Þormóði. Skemma var í Brattahlíð, eigi áföst húsum, er Þorkell svaf í einn og setumenn hans. Þar brann ljós í skemmuni hverja nótt eftir aðra en annað fólk svaf inni. Nú þótti Loðni Sigríður helsti löngum dveljast í skemmuni á kveldum. Þótti honum hún gá sín minnur en verið hafði. Kom honum þá í hug kviðlingur sá er kveðinn hafði verið um lausungarkonur:

Á hverfanda hveli
voru þeim hjörtu sköpuð,
brigð í brjóst lagið.

Hann ræddi um við Sigríði að hann vill eigi vistir hennar langar í skemmuni á kveldum. Hún svarar honum sem henni var í skapi til.

24. kafli

([Þykir honum hún leggja sjaldnar tíu fingur upp sér um háls en verið hafði. Lyftist þá lítt það reiði í sínu rúmi en reiði hvers manns er í galli en líf í hjarta, minni í heila, metnaður í lungum, hlátur í milti, lystisemi í lifur.])

Það barst að einn aftan þá er Þorkell og Þormóður vildu ganga út til skemmu og Sigríður með þeim þá tók Loðinn til Sigríðar og hélt henni en hún togast úr höndum honum. Og er Þormóður sér þetta þá tekur hann í hönd Sigríði og vill kippa henni úr höndum Loðni en það gengur eigi skjótt. Þorkell sér á þrætu þeirra.

Hann mælir við Loðinn: "Lát Sigríði fara leiðar sinnar. Óskuggasamlegt er allt um vistir hennar á kveldunum í skemmuni. Mun eg gæta hennar svo að þér sé skammlaust úti þar og svo henni en þú gæt hennar þess á milli."

25. kafli

Þá er að jólum dregur lætur Þorkell mungát heita því að hann vill jóladrykkju hafa og gera sér það til ágætis því að sjaldan voru drykkjur á Grænlandi. Þorkell bauð þangað vinum sínum að jólum og var þar fjölmennt. Skúfur af Stokkanesi og Bjarni voru þar um jólin. Þaðan var hafður húsbúnaður og ker og klæði um jólin. Nú drukku menn um jólin með mikilli gleði og skemmtan.

Affaradag jólanna bjuggust menn á brott. Loðinn greiddi mönnum klæði, sverð og handagervi er hann hafði varðveitt. Hann setti og fram skip þeirra Skúfs og Bjarna. Húskarlar báru ofan ker og klæði. Loðinn var í selskinnsstakki og selskinnsbrókum.

Þá kemur Loðinn í stofu við hinn fjórða mann. Þar voru áður eigi fleiri menn en þeir Þormóður og Bjarni. Þormóður lá í bekkinum á framanverðum stokki. Nú er þeir koma í stofuna þá greip Loðinn í fætur Þormóði og kiptti honum fram á gólfið og dró hann utar eftir gólfinu. Þá hleypur Bjarni upp og

grípur um Loðin miðjan, tekur hann upp og rekur niður við gólfinu hart og bölvur þeim er Þormóð drógu og bað þá láta hann lausan og þeir gera svo.

Nú stendur Þormóður upp og mælti til Bjarna: "Engi tilkoma þykir oss Íslendingum um slík brögð því að vér erum oft slíku vanir í skinnleikum."

Þeir ganga út og láta sem ekki hafi í orðið. Nú er þeir Skúfur voru albúnir til ferðar þá gengur Þorkell til skips með þeim og heimamenn hans. Þeir höfðu eina ferju og lá ein bryggja á land upp af ferjunni. Bjarni stóð hjá ferjunni og beið Skúfs er hann hjalaði við Þorkel. Loðinn var uppi skammt frá skipinu og hafði af hendi greitt klæði manna. Þormóður var þaðan skammt.

Og er minnstar vonir voru bregður Þormóður höggöxi undan skikkju sinni og höggur í höfuð Loðini svo að hann féll þegar dauður til jarðar.

Þorkell heyrir brestinn og lítur til, sér hvar Loðinn var fallinn. Hann mælir þá við sína menn að þeir gangi og drepi Þormóð en þeim varð bilt. Bjarni mælti að Þormóður skyldi ganga út á skip. Hann gerði svo. Bjarni gekk eftir honum og svo Skúfur. Og er þeir komu á skipið þá heimta þeir bryggjuna út. Þorkell eggjar þá atgöngu og vildi berjast við þá Skúf og Bjarna ef þeir vildu eigi Þormóð fram selja.

Skúfur mælti þá: "Bráðlitið gerir þú á þetta Þorkell bóndi ef þú vilt drepa Þormóð, heimamann þinn en hirðmann og skáld Ólafs konungs. Mun yður maðurinn dýrkeyptur verða ef Ólafur konungur spyr að þér látið drepa hann, allra helst er hann hafði sent hann þér til trausts ef hann þyrfti nokkurs við. Sýnist það í þessu máli sem oft að reiðni lítur eigi hið sanna. Nú viljum vér bjóða yður fébætur fyrir Þormóð um víg þetta og vansa þann er yður hefir ger verið í víginu."

Nú af þessum orðum Skúfs þá sefast Þorkell. Áttu þá margir hlut í um sættir þeirra. Fór það og fram að Skúfur handsalaði Þorkatli sjálfðæmi fyrir víg Loðins. Fór Þormóður þá til vistar á Stokkanes.

26. kafli

Egill hét húskarl þeirra Skúfs. Hann var mikill maður vexti og sterkur, ljótur yfirlits, ófímur og óvitur. Hann átti kenningarnafn og var kallaður Fífl-Egill.

Þormóður var löngum ókátur. Þeir spurðu Þormóð eftir, Bjarni og Skúfur, ef þeir mættu nokkuð bætur ráða á hljóðleikum hans.

Þormóður svarar: "Það vildi eg að þið fengjuð mér fylgdarmann þann er mér fylgdi hvert er eg vildi fara."

Þeir sögðu svo vera skyldu, báðu hann kjósa þann mann af húskörlum sínum sem hann vildi.

Þormóður mælti: "Fífl-Egill, hann er mikill vexti og sterkur, hann kýs eg og mun eigi of hygginn að gera slíkt sem fyrir hann er lagt."

Þeir kváðu svo vera skyldu. Menn undruðust þó hví hann kaus Egil.

27. kafli

([Nú gerðist hann fylgdarmaður Þormóðar og léku oft að honum dætur heimskunnar, þær dul og rangvirðing, svo að hann vissi eigi gjörla hver hann var.])

Bjarni smíðaði Þormóði öxi breiða að Þormóðar fyrisögn. Hún var slegin ofan öll af og fram til eggjar. Eigi var eggvölur fyrir henni. Helsti var hún biturleg.

Um sumarið eftir þessa atburði fóru menn til þings í Garða í Einarsfjörð. Þeir úr Eiríksfirði höfðu tjaldað búðir sínar og var leiti á meðal og þess er þeir höfðu tjaldað úr Einarsfirði. Nú er menn höfðu flestir tjaldað búðir þá var Þorgrímur eigi kominn. Litlu síðar var sán för hans. Hann hafði skrautlegt skip og svo liðskost vasklegan og vel búinn. Svo var ofsi Þorgríms mikill að menn þorðu varla að mæla við hann. Veifarferi höfðu þeir Grænendingar jafnan á skipi sínu.

Nú er skip Þorgríms renndi að landi þá gengu menn til strandar að sjá skraut þeirra og vopnabúnað. Þormóður var þar viðstaddur og tók upp selskutl einn er þeir höfðu á land kastað og lítur á.

En förunautur Þorgríms tekur til skutilsins og mælti: "Lumi af skutlinum maður," segir hann, "því að þér mun til lítils koma þóttú haldir á og það ætla eg að þú munir lítið kunna að beita skutlinum."

Hann svarar svo: "Óvíst þykir mér hvort þú beitir betur en eg."

"Efalaust mun það," sagði hinn.

Þá kvað Þormóður þessa vísu:

Betr lést beita skutli,
Baldr hælir því skjaldar,
þollr hleypr hart um hellur
hlunnjós, en vér kunna.
Gerr man eg hitt hveim harri
hugdýrstr skipar fyrstum,
veitti oss, sá er átti,
ormstorg, í skjaldborgu.

Þormóður gengur þá heim til búðar Þorgríms. Hann lætur þá tjalda búð sína með miklum sóma og búast um vel.

Það barst að einn góðan veðurdag á þinginu að allir menn voru gengnir í brott frá búð þeirra Skúfs og Bjarna nema Þormóður. Hann lá heima í búð og svaf. Hann hafði breitt á sig feld tvíloðinn er hann átti. Feldurinn var öðrumegin svartur en öðrumegin hvítur. Nú er Þormóður hafði sofið nokkura stund þá vaknar hann og sér að allir menn voru í brottu. Hann undraðist það því að þá var mart manna í búðinni er hann sofnaði.

Og í því kemur Egill farandi í búðina og mælti: "Of fjarri ertu mikilli skemmtan."

Þormóður spurði: "Hvaðan komstu að eða hvað er nú í leikum til skemmtanar?"

Egill svarar: "Eg var að búð Þorgríms Einarssonar og þar er nú mestur hluti þingheimsins."

Þormóður mælti: "Hvað er þar til skemmtanar?"

Egill mælti: "Þorgrímur segir þar sögu."

Þormóður mælti: "Frá hverjum er saga sú er hann segir?"

Egill svarar: "Eigi veit eg gjörla frá hverjum sagan er en hitt veit eg að hann segir vel frá og skemmtilega og er stóll settur undir hann úti hjá búðinni og sitja menn þar umhverfis og hlýða til sögunnar."

Þormóður mælti: "Kunna muntu nokkurn mann að nefna þann sem í er sögunni, allra helst er þú segir svo mikið frá að gaman sé að."

Egill mælti: "Þorgeir nokkur var mikill kappi í sögunni og svo virðist mér sem hann Þorgrímur mundi verið hafa nokkuð við söguna og gengið mjög vel fram sem líklegt er. Vildi eg að þú gengir þangað og hlýddir til skemmtanar."

"Vera má það," sagði Þormóður.

Rís hann nú upp og tekur yfir sig feld sinn og snýr út hinu svarta á feldinum. Hann tekur öxi sína í hönd sér og setur hött á höfuð sér, gengur til búðar Þorgríms og Egill með honum. Nema þeir stað undir búðarveggjum og hlýðast þaðan um og mátti þaðan eigi gerla heyra það er sagt var. Veður hafði á verið hjart og sólskin mikið. En er Þormóður var kominn undir búðina þá tók veðrið að þykkna. Þormóður gerði ýmist að hann horfði í himininn upp eða niður í jörðina fyrir sig.

Egill mælti: "Hví lætur þú þann veg.?"

Þormóður svarar: "Þanninn er himinninn í að sjá og svo jörðin sem þá er vábrestir verða."

Egill mælti: "Fyrir hverju er vant að verða vábrestir?"

Þormóður svarar: "Fyrir tíðindum verða vábrestir ávallt. Nú ef svo kann að berast að þú heyrir vábrestinn þá forða þú þér sem þú mátt og hlaup heim til búðar sem skjótast og gæt þín þar."

Nú er þeir hjalast þetta við þá gerir á skúr mikla og mikið votviðri. Hlaupa menn í brott, hver til sinnar búðar, því að menn höfðu ekki við vatni búist. Sumir fóru inn í búð Þorgríms og var mikil þröng í búðardurunum.

Þorgrímur sat eftir á stólinum og beið ef nokkuð ryddist í búðardurunum.

Þormóður mælti þá við Egil: "Bíð þú hér en eg mun ganga fram fyrir búðina og vita hvað þar sé til tíðinda. En ef þú heyrir vábrestinn þá hlaup þú heim til búðar sem skjótast."

Nú gengur Þormóður fram fyrir búðina og þar að sem Þorgrímur sat. Hann mælti: "Hvað sögu var það er þú sagðir áðan?"

Þorgrímur svarar: "Eigi getur það í fáum orðum sagt, stórmerki þeirrar sögu. Eða hvert er nafn þitt?"

Hann svarar: "Ótryggur heiti eg."

"Hvers son ertu?" sagði Þorgrímur.

"Eg er Tortryggsson."

Þá vildi Þorgrímur upp rísa af stólinum. Þormóður höggur þá í höfuð honum og klýfur hann í herðar niður, brá síðan öxinni undir feld sinn og sest undir herðar Þorgrími og kallar: "Farið þér hingað, á er unnið á Þorgrími."

Nú snúast margir þangað og sjá áverkann. Þeir fréttu hvað hann veit til þess manns er á Þorgrími vann.

Þormóður svarar: "Hér sá eg hann fyrir skemmstu. En eg hljóp þegar undir herðar honum er áverkinn var orðinn. Sá eg þá eigi hvert sá fór er á hafði unnið. Nú taki hér nokkurir til og styðji Þorgrím en sumir fari að leita þess sem á honum hefir unnið."

Þá settust þeir undir herðar Þorgrími en Þormóður fór í brott. Hann gengur þá fram með sjónum fyrir nes nakkvart. Hann snýr þá feldinum og lét þá horfa út hið hvíta.

En er Egill heyrir brestinn er Þormóður vann á Þorgrími hljóp hann þá heim til búðar Skúfs. Mennt geta að líta hvar maður hljóp og ætluðu að sá mundi valda áverkum við Þorgrím. Egill varð stórum hræddur er hann sá mannför eftir sér og með vopnum. Og er hann var handtekinn þá skalf á honum leggur og liður sakir hræðslu.

28. kafli

([Öll bein hans skulfu, þau sem í voru hans líkama, en það voru tvö hundruð beina og fjórtán bein. Tennur hans nötruðu, þær voru þrjár tigur. Allar æðar í hans hörundi pipruðu fyrir hræðslu sakir, þær voru fjögur hundruð og fimmtán.])

En þegar er þeir kenndu Egil þá þóttust þeir vita að hann mundi eigi hafa unnið á Þorgrími. Rann hræðsla af honum sem hita af járn.

Nú fara þeir í búðirnar og leita mannsins og finna eigi. Þeir fara fram til sjóvarins og fram fyrir nesið það sem fram gekk í sjóinn. Þar mæta þeir manni í hvítum feldi og spyrja hann að nafni. Hann nefndist Vígfús. Þeir spurðu hvert hann ætlaði að fara.

Hann svarar: "Eg leita þess manns er á Þorgrími hefir unnið."

Þeir gengust að móti og fóru hvorirtveggju hart mjög. Skilur nú skjótt með þeim.

Þeir Skúfur og Bjarni sakna Þormóðar og þykir þeim eigi örvænt að hann muni vera valdur áverkans því að Skúfur hafði heyrt í Noregi konungs átekjur um hefnd eftir Þorgeir Hávarsson. Nú er af líður hið mesta hlaupið mannanna þá tóku þeir Skúfur og Bjarni bát einn á laun og létu í nokkurar vistir. Þeir reru fram fyrir nesið því að sagt var að þar hefði sést maður í hvítum feldi sá er nefndist Vígfús. En er þeir koma fyrir nesið þá sáu þeir hvar Þormóður var. Röru þeir þá að landi og mæla að Þormóður skuli ganga á skipið út. Hann gerði svo. Þeir spyrja hvort hann hefði unnið á Þorgrími. Hann kvað það satt vera. Þeir spurðu hann tíðinda eða hversu mikill vera mundi áverkinn.

Þormóður kvað þá vísu:

Örvendi treðst undir,
oft finnumk þess minni,
öll er fremd of fallin,
fjörnepps, í strá greppi
ef hreggboða höggvið
hef eg vart í skör svarta
nadda borðs því að Nirði
nættings bana vættag.

"Vera má," segir Þormóður, "að eigi hafi mikið orðið höggið því að örvendur maður hjó. En því hjó eg eigi fleiri að eg hugði að þetta skyldi að fullu vinna."

Skúfur mælti þá: "Gæfu hafðir þú á er þeir kenndu þig eigi er þú sast undir höfði honum Þorgrími eða þá er þeir fundu þig uppi á nesinu."

Þá kvað Þormóður vísu:

Undr er hví eigi kenndu
élbörvar mig gjörva
Stáls, hef eg mark á máli
mart og skopt hið svarta.
Burgumk langt því að lengra
líf var Tý skapað drífu
þremja svells en þollum
þeim aldrtili seima.

"Auðkenndur maður er eg," segir Þormóður, "svartur maður og hrokkinhærður og málhaltur. En eg var eigi í því sinni feigur og má vera að eg hafi til nokkurs undan rekið og lúti enn fyrri í gras nokkurir frændur Þorgríms en eg."

Bjarni mælti þá: "Þú munt nú vera láta svo búið um hefndir eftir Þorgeir og hefir þú þó leyst þínar hendur."

Þá kvað Þormóður vísu:

Matka eg hefnd en hrafni
hrings fékk bráð á þingi,
Baldrs lét eg vígi valdið
varga setrs, við marga.
Meir hefni þó þeira
Þorgeirs vinir fleiri.
Gnýþolli lét eg gjalla,
gört hef eg fyr mig svartan.

"Svo sýnist mér," segir Bjarni, "sem þú þurfir eigi meira að að gera um hefndina eftir Þorgeir því að mikið stórvirki hefir þú gert, einn útlendur maður og einmani sem þú ert hér, drepit þann höfðingja sem annar er mestur á öllu Grænlandi og eigi sýnt hvort þú kemst í brott því að Þorgrímur á marga frændur þriflega eftir og mikla kappsmenn."

Nú flytja þeir Þormóð til Eiríksfjarðar og fylgja honum í helli þann er nú er kallaður Þormóðarhellir. Sá hellir er í sævarhömrinum öðrumegin fjarðarins en Stokkanes. Hamrar eru upp og niður frá hellinum og hvortveggja illt að fara.

Þeir Skúfur og Bjarni mæla þá við Þormóð: "Vertu nú hér í hellinum en við munum koma til móts við þig þegar lokið er þinginu."

Síðan fara þeir brott og aftur til þingsins. Þormóðar var saknað á þinginu. Þykjast menn nú vita að hann mun vegið hafa Þorgrím. Böðvar og Falgeir bjuggu mál til á hendur Þormóði og varð Þormóður sekur skógarmaður um vígið. Nú er lokið var þinginu fór hver heim til síns heimilis.

Þeir Skúfur og Bjarni komu til fundar við Þormóð og færðu honum vistir og það annað er hann þurfti og sögðu honum sekt hans, mæltu að hann skyldi þar við hafast í hellinum, sögðu að hann mundi hvergi frið hafa ef menn vissu hvar hann var. Sögðust þeir mundu komu endur og sinnum til fundar við hann. Fyrir hellisdyrunum var grastó mikil og máttu nauðulega þeir menn er færir voru hlaupa af hamrinum og í grastóna.

Þormóði þótti dauflengt í hellinum því að þar var fátt til skemmtanar.

Einn góðan veðurdag ræðst Þormóður brott frá hellinum. Hann klífur upp hamrana og hafði öxi sína með sér. Og er hann er skammt kominn frá hellinum þá mætti hann manni á leið. Sá var mikill vexti og ósinnilegur, ljótur og eigi góður yfirbragðs. Hann hafði yfir sér verju saumaða saman af mörgum töttrum. Hún var feljótt sem laki og höttur á upp með slíkri gerð. Hún var öll lúsug.

29. kafli

([Því að þá er sólskin var heitt þá gengu verkfákar fullir frá fódri hans hörunds á hinar ystu trefur sinna herbergja og létu þar þá við sólu síður við blika.]

Þormóður spyr þenna mann að nafni.

Hann svarar: "Eg heiti Oddi."

Þormóður spyr: "Hvað manna ertu Oddi?"

Hann svarar: "Eg er einn göngumaður, fastur á fótum, og er eg kallaður Lúsa-Oddi, nenningarlaus maður og eigi allyginn, fróður nakkvað og hefi jafnan gott af góðum mönnum eða hvað heitir þú?"

Þormóður svarar: "Eg heiti Torráður."

Oddi spurði: "Hvað manna ertu Torráður?"

Hann svarar: "Eg er einn kaupmaður eða hvort viltu Oddi eiga kaup við mig?"

Oddi segir: "Eg hefi fátt til kaupa eða hverju viltu við mig kaupa?"

"Eg vil kaupa að þér yfirhöfn þá er þú átt."

Oddi svarar: "Eigi þarftu að spotta að mér."

Þormóður segir: "Eigi er þetta spott. Eg mun selja þér kápuna er eg er í en þú skalt gefa mér við verjuna er þú ert í og fara sendiför mína á Stokkanes og koma þar í aftan og seg þeim Skúf og Bjarna að þú hefir hitt mann í dag er Torráður nefndist og skipti hann yfirhöfnum við þig. Ekki býð eg þér fleiri erindi. Skaltu þá eignast kápuna ef þú kemur þessu erindi fram."

Oddi svarar: "Eigi er auðveldlegt að komast yfir fjörðinn, þar þarf skip að hafa. En þó má vera að eg komi þessu til leiðar ef eg vil, að koma á Stokkanes í kveld."

Nú skipta þeir skikkjunum. Tekur Oddi við blárrí kápu en fær Torráði verjuna og fer hann í.

Þá fór Þormóður til Einarsfjarðar þar til er hann hittir smalamann Þórdísar á Löngunesi. Hann spurði hvort synir Þórdísar væru heima.

Smalamaðurinn svarar: "Eigi er Böðvar heima en bræður hans voru heima í nótt en nú eru þeir rónir á fiski."

Þormóður svarar: "Svo má vera."

Nú hugði smalamaður að hann væri Lúsa-Oddi. Nú skiljast þeir Þormóður og smalamaður. Fer Þormóður til nausta Þórdísar og hefst þar við. Og er kvelda tók þá sá Þormóður að þeir bræður reru að landi. Þorkell reri í hálsi, Þórður í miðju skipi, Falgeir í austurrúmi. Nú er skipið rennir að landi þá stendur Þorkell upp og fór fram í stafninn og ætlaði að taka við skipinu. Þormóður gengur þá út úr naustinu og þykjast þeir þar kenna Lúsa-Odda. Þá snarar Þormóður að Þorkatli og höggur báðum höndum í höfuð Þorkatli og klýfur hausinn. Fékk hann þegar bana.

Þá snýr Þormóður í brott og steypir af sér verjunni. Þórður og Falgeir hlaupa eftir honum. Hann tekur undan fast og fram á sjóvarhamrana yfir hellinn og hleypur Þormóður fyrr ofan í tóna þá er fyrir hellisdurunum var. Og er hann kom niður þá hleypur Þórður eftir honum og lyknað í knésbótum er hann kom niður í tóna og lýtur áfram. Þá hjó Þormóður meðal herða honum svo að öxin sökk að skafti.

Og fyrr en hann gæti öxina úr tekið sárinu þá hljóp Falgeir ofan í tóna og hjó þegar til Þormóðar. Það högg kom meðal herða Þormóði og varð það mikið sár. Þá rann Þormóður undir hendur Falgeiri því að hann var vopnlaus. Þormóður finnur það að hann verður aflvani fyrir Falgeiri. Þykist hann þá vera miðlung staddur, slyppur maður og sár mjög, rennir þá hugnum þangað er var Ólafur konungur og vænti hans hamingju að honum mundi duga. Fellur þá öxin úr hendi Falgeiri niður fyrir hamrana ofan á sjóinn. Þykir honum þá nokkuru vænna er hvortveggi var slyppur. Og því næst falla þeir báðir fyrir hamrana ofan á sjóinn. Reyna þeir þá sunðið með sér og færast niður ýmsir. Finnur Þormóður að hann mæddist af miklu sári og blóðrás. En fyrir því að Þormóði varð eigi dauði ætlaður þá slitnaði bróklindi Falgeirs. Rak Þormóður þá ofan um hann brækurnar. Falgeiri daprast þá sunðið. Fer hann þá í kaf að öðru hverju og drekkur nú ómælt. Skýtur þá upp þjónum og herðunum og við andlátið skaut upp andlitinu. Var þá opinn munnurinn og augun og var þá því líkast að sjá í andlitið sem þá er maður glottir að nokkuru. Svo lýkur með þeim að Falgeir drukknar þar.

Þormóður var þá mjög farinn. Hann lagðist þá í eitt sker og skreidd þar upp á grjótið og lá þar og vænti þá einskis annars en hann mundi þar líf láta því að hann var mjög móður og sár en langt til lands.

Nú er að segja frá Lúsa-Odda. Hann fór sem mælt var með þeim Þormóði og segir þeim Skúf og Bjarna að hann hafði fundið mann á leið sinni um daginn, þann er Torráður nefndist, og skipti við hann yfirhöfnum og mælti að hann skyldi fara á Stokkanes og segja þeim Skúf og Bjarna fund þeirra og klæðakaup. Þeir kenna kápuna og þykjast vita að Þormóður mun því sent hafa Lúsa-Odda til fundar við þá að hann mun ætlast fyrir nokkuð stórvirki að gera.

Þeir tóku þá einn bát á laun um kveldið og róa um nóttina yfir fjörðinn. Og er þeir nálgast hellinum þá sjá þeir kvikt nakkvað í einu skeri og ræða um hvort það muni vera selur eða annað, róa nú að skerinu, ganga upp á skerið, sjá þar mann liggja og kenna að þar er Þormóður, spyrja hann tíðinda en hann segir þau tíðindi sem gerst höfðu um nóttina.

Skúfur mælti: "Víst hefir þig eigi til einskis undan rekið á Garðapingi er þú hefir orðið á einu kveldi bani þriggja kappa og kynstórra manna."

Þormóður mælti: "Það eitt kom mér í hug áður þið komuð hingað að eg mundi hér líf mitt láta í skerinu. En nú þykir mér eigi örvænt að eg verði græddur og má þá enn vera að eg hafi undan rekið til nokkurs."

Þeir spyrja að um samaneign þeirra Falgeirs.

Þormóður kvað þá vísu: <blockquote> <p>Skopti eg enn þá er uppi
undarlegt á sundi,
hrókr dó heimskr við klæki,
hans rassaklof gandi.
Alla leit eg á Ulli
eggveðrs hugar gleggum,
setti gaur og glotti,
guðfjón, við mér sjónir.

Þeir Skúfur og Bjarni bera Þormóð á skip út í fjórum skautum því að hann mátti eigi ganga. Þá sækja þeir í hellinn klæði hans og vist því að þeim sýndist hann ekki þar mega vera. Þeir reru þá inn eftir Eiríksfirði.

Gamli hét maður er bjó í Eiríksfjarðarbotni uppi undir jöklunum. Hann var félítill maður og einrænn, veiðimaður mikill. Gamli var kvongaður og hét Gríma kona hans. Hún var svarkur mikill, ger að sér um mart, læknir góður og nakkvað fornfróð. Ekki voru þar fleiri hjón en þau tvö. Þau komu sjaldan til annarra manna og sjaldan komu menn til þeirra.

Þeir Skúfur og Bjarni lentu báti sínum skammt frá byggð Gamla. Gengur Skúfur upp til húss en Bjarni situr yfir Þormóði. Skúfi var þar vel fagnað og boðinn greiði.

"Sáran mann höfum vér með að fara er eg vildi að þér læknuðuð."

Gríma segir: "Hver er sá maður?"

Skúfur svarar: "Þormóður, skáld og hirðmaður Ólafs konungs, er orðinn fyrir áverkum."

"Hver hefir á honum unnið?" segir hún.

Skúfur segir henni tíðindin, þau sem gerst höfðu.

"Mikill atburður er sjá orðinn og mikil vandkvæði hefir þessi maður ráðið sér og mikið er að takast á hendur skógarmann frænda Þorgríms og allra helst er hann hefir nú unnið svo mikið stórvirki í sekt sinni."

Skúfur mælti: "Eg skal fé fyrir hann bæta eftir því sem vert er ef þér eru sakir gefnar um þetta mál og hvergi skal þig skaða í um kostnað þann er þú hefir fyrir honum."

Nú lýkur þeirra viðræðu og tekur Gríma við Þormóði. Er hann þá færður upp til bæjar og fægir Gríma sár hans og bindur. Er honum þegar nokkuru hægra. Skúfur og Bjarni fara heim á Stokkanes.

Þessi tíðindi þótti öllum mönnum mikil vera og varð eigi skjótt spurt hið sanna um þetta því að margir höfðu það fyrir satt í fyrstu að Þormóður mundi þar druknað hafa þá er lík Falgeirs fannst. Sár Þormóðar höfðust illa og lá hann tólf mánuði í sárum. Þá er einn vetur var liðinn frá þessum atburðum þá gengur Þormóður milli stofu og eldhúss og var þó eigi gróið sár hans.

Um vorið varð sá atburður að Þórdís á Löngunesi lét illa í svefni um nótt og ræddu menn um að hana skyldi vekja.

Böðvar son hennar mælti: "Látið þér móður mína njóta draums síns því að vera má að það nakkvað beri fyrir kerlingu er hún vill vita."

Og er hún eigi vakið. En er hún vaknar hratt hún mæðilega öndunni.

Böðvar son hennar mælti þá: "Þú lést illa í svefni móðir, eða hefir nokkuð fyrir þig borið?"

Þórdís svarar: "Víða hefi eg göndum rennt í nótt og er eg nú vís orðin þeirra hluta er eg vissi eigi áður."

Böðvar mælti: "Hvað er það?"

Þórdís svarar: "Þormóður, sonabani minn en bróðurbani þinn, er á lífi og er hann á vist með þeim Gamla og Grímu inn í Eiríksfjarðarbotni. Nú vil eg fara á fund þeirra og taka Þormóð og launa honum með ljótum dauða þann mikla skaða er hann hefir oss gert. Munum vér koma í Brattahlíð og biðja Þorkel fara með oss því að hann mun illa kunna ef þeim Gamla og Grímu er gert nokkuð til meins því að Þorkell heldur mjög hendi yfir þeim."

Böðvar kveðst búinn til ferðar þegar vildi. Nú standa þau upp um nóttina og taka eina skútu er þau áttu og stíga þar á skip við fimmtánda mann, róa um nóttina til Eiríksfjarðar. Þá var svo misserum komið að nótt var farljós.

Nú er Þórdís var á leið komin við sínu föruneyti er það sagt að Gríma lætur þessa sömu nótt illa í svefni. Þormóður mælti að Gamli skyldi vekja hana.

Gamli svaraði: "Ekki vill Gríma að hún sé vökt því að jafnan verður hún í svefni þeirra hluta vís er henni þykir varða."

Nú hætta þeir hjalinu en Gríma vaknar skjótt. Gamli mælti þá: "Illa lést þú í svefni Gríma, eða hvað bar fyrir þig?"

Gríma svarar: "Það bar fyrir mig að eg veit að Þórdís af Löngunesi er á leið komin með fimmtán húskarla sína og ætlar inn hingað til vor því að hún er nú vís orðin af tröllskap sínum að Þormóður er hér á vist með okkur og ætlar hún að drepa hann. Nú vil eg að þú sért að húsi í dag og farir ekki að veiðum því að eigi eruð þið of margir þótt þið séuð tveir fyrir en fimmtán menn sæki ykkur heim, allra helst er Þormóður er eigi vopnfær. En þó nenni eg eigi að senda ykkur á jökla í brott heldur munuð þið heima við hafast."

Nú fór Þórdís um nóttina til þess er hún kom í Brattahlíð. Þorkell fagnar þeim vel og býður þeim greiða.

Þórdís segir: "Sá er málavöxtur að eg ætla að fara á fund þeirra Gamla og Grímu, þingmanna þinna, því að eg þykist þess vís orðin að þar er kominn Þormóður, skógarmaður vor, er margir menn hyggja að drukknaður sé. Nú vildi eg að þú færir með oss og halt til þess að vér náum lögum af þeim Gamla og Grímu. Veistu þá gerla hvað vér eigumst við ef þú heyrir ræður vorar."

Þorkell svarar: "Ólíklegt sýnist mér vera að Gríma muni varðveita skógarmann þinn en þó mun eg fara ef þér viljið."

Nú eta þau Þórdís þar dagverð. En Þorkell sópast að mönnum því að hann vildi ekki undir þeim Þórdísi og Böðvari eiga ef þau yrðu eigi á eitt sátt. Og er menn voru mettir þá stígur Þorkell á skip við tuttugu menn og fara þá hvorirtveggju við svo búið.

En Gríma kona Gamla átti stól einn mikinn en á brúðum stólsins var skorinn Þór og var það mikið líkneski.

Gríma mælti um myrgininn: "Nú vil eg skipa til verka í dag. Stól minn mun eg setja á stofugólf mitt. Þar vil eg Þormóður að þú sitjir á þá er menn koma. Vil eg ekki að þú rísir upp af stólum meðan Þórdís er á bænum. Nú þó að þér þyki nokkurar nýlundur í gerast eða þér sýnist ófriður að þér borinn þá rís þú ekki upp af stólinum því að ekki mun stoða að hrökkva í hyrningar undan ef þér verður bana auðið. Gamli skal festa upp ketil og sjóða sel. Þú skalt bera sorp á eldinn og lát verða mikinn reyk í húsunum. Eg mun sitja í durum og spinna garn og taka við komendum."

Nú er svo gert sem Gríma sagði fyrir. Og er skip þeirra Þorkels og Þórdísar sjást að landi fara sest Þormóður á stólinn. Gamli hafði uppi ketilinn og bar á sorpið á eldinn. Varð mjög reykfast í húsunum. Þar fylgdi og myrkur mikið svo að ekki mátti sjá. Gríma sat á þröskuldi og spann garn og kvað nokkuð fyrir sér það er aðrir skildu ekki.

Nú renna skip að landi og ganga menn upp til bæjarins. Gengur Þorkell upp. Gríma heilsar honum vel og bauð honum þar að vera.

Þorkell mælti: "Þórdís af Löngunesi er hér í för og hefir hún það fyrir satt að Þormóður skógarmaður hennar sé hér með þér. Viljum vér að þú seljir Þormóð fram ef þú veist hvar hann er því að þér mun það ofráð verða að halda skógarmann fyrir þeim Þórdísi og Böðvari syni hennar."

Gríma svarar: "Undarlegt sýnist mér vera að Þórdís ætlar að eg muni halda skógarmann fyrir svo ríkum mönnum sem þau eru á Löngunesi þar sem eg sit við annan mann í húsi."

"Víst er það undarlegt en þó viljum vér rannsaka herbergi þín."

Gríma mælti: "Þess munuð þér kost eiga að rannsaka bæ minn þó að þér hefðuð eigi svo mikið fjölmenni. Nú þykir mér ávallt gott er þú kemur í mín hús en illt mun mér þykja geis þeirra Einarsfirðinga og spellvirkni um herbergi mín."

Þorkell mælti: "Við Þórdís munum ganga inn tvö og rannsaka."

Nú gera þau svo. Fóru þau inn og rannsökuðu og var það ekki löng dvöl því að húsin voru einkar lítil. Þau luku þá upp stofunni og var þar fullt allt af reyk og sáu þau ekki til tíðinda. Rammt var í húsunum af reyk og voru þau heldur skemur inni en þau mundu ef reyklaust hefði verið. Nú koma þau út og var þá rannsakaður bærinn úti.

Þá mælti Þórdís: "Eigi þóttist eg mega sjá gjörla fyrir reykinn hvað í stofunni var títt. Nú munum við fara upp á stofuna og taka af skjána og láta leggja út reykinn og sjá þaðan hvað í stofunni er til tíðinda."

Nú fara þau Böðvar og Þórdís á stofuna upp og taka af skjána. Leggur þá út reykinn. Má þá sjá um alla stofuna, geta þá að líta stól Grímu þar er hann stóð á miðju gólfi. Þau sáu Þór með hamri sínum skorinn á stólsbrúðunum en þau sáu ekki Þormóð. Fara þau af stofunni og ganga til duranna.

Þá mælti Þórdís: "Eftir er enn nakkvað fyrnsku Grímu er Þórs líkneski er skorið á stólsbrúðum hennar."

Gríma svarar: "Eg kem sjaldan til kirkju að heyra kenningar lærðra manna því að eg á langt að fara en fámennt heima. Nú kemur mér þá heldur í hug er eg sé líkneski Þórs af tré gert, það er eg má brjóta og brenna þegar eg vil, hversu miklu sá er meiri er skapað hefir himin og jörð og alla hluti sýnilega og ósýnilega og öllum hlutum gefur líf og engi maður má yfir stíga."

Þórdís svarar: "Vera má að þú hugsir slíkt en nakkvað ætla eg að vér mundum nú nauðga þér meir til sagna ef Þorkell væri eigi hér með sitt fjölmenni því að svo segir mér hugur að þú vitir nakkvað til hvar Þormóður er."

Gríma svarar: "Nú kemur að því sem mælt er, oft verður villur er geta skal, og hitt annars, að hverjum bergur nakkvað er eigi er feigur. En þér er nauðsyn, það er heilög gæsla er svo yfir þér að fjandinn á ekki þig svo heimila til illra hluta sem þú vildir gert hafa, því að það er vorkunn að menn geti stundum annars en er, en það er engi vorkunn að hann trúir eigi því er satt er þá er hann reynir sannleikinn."

Nú skilja þau að svo mæltu. Fer Þorkell heim í Brattahlíð. Þórdís fer og heim. Þeir Skúfur og Bjarni koma á laun til fundar við þau Gamla og Grímu, færa þeim þá hluti er þeim bar nauðsyn til og launa þeim mörgu þann kostnað er þau höfðu fyrir Þormóði.

30. kafli

Þá er Þormóður var orðinn heill maður þess er Falgeir hafði á honum unnið þá fluttu þeir Skúfur og Bjarni Þormóð heim á Stokkanes og varðveittu hann þar á laun í einu búi. Þar var Þormóður hinn þriðja vetur. Þann vetur seldu þeir Skúfur og Bjarni bæinn á Stokkanesi og aðrar jarðir þær sem þeir áttu og svo kvikfé og ætluðu að ráðast í brott af Grænlandi.

Snemmeldis um vorið bjuggu þeir skip sitt og settu fram. Þá fýstist Þormóður úr útibúrinu. Hann sagðist eiga erindi norður í fjörðinn. Hann fær sér þá einn bát. Fífl-Egill réðst til ferðar með honum. Sest Egill til ára en Þormóður stýrir. Egill var góður ræði og vel syndur. Veður var bjart og gott, sólskin og vindur lítill. Þeir fara inn eftir Einarsfirði. Og er þeir voru komnir inn í fjörðinn þá ókyrrist Þormóður mjög og róast um og hallar skipinu ýmsa vega.

Egill mælti: "Hví lætur þú svo heimsklega og ferð sem ærir menn eða hvort vilt þú hvelfa undir okkur skipinu?"

Þormóður svarar: "Óvært er mér."

Egill mælti: "Eigi má eg róa fyrir látum þínum og er nauðsyn á að þú látir eigi svo ferlega að þú hafir okkur á kafi."

En hvað sem Egill ræðir um þetta þá lýkur svo að Þormóður hvelfir bátinum undir þeim. Kafar Þormóður undan skipinu og þegar eftir tekur hann annað kaf að öðru til þess er hann kemur á land. Hann hefir öxi sína með sér.

Egill kemur upp hjá skipinu og kemst á kjöl, tekur þar hvíld og litast um og hyggur að ef hann sjái Þormóð nokkuð og fær eigi séð hann. Réttir Egill þá bátinn og eftir það sest hann til ára og rær út eftir firði og þar til er hann kemur heim á Stokkanes, segir þeim Skúfi og Bjarna hið sanna frá sínum ferðum, lét það fylgja sögunni að hann hugði Þormóð dauðan mundu vera. Þeim sýndist sjá atburður undarlegur og þykjast eigi svo búið mega hafa að en renna nokkuð grunum á hvort Þormóður mun týndur vera.

Nú er að segja frá Þormóði hvað hann hafðist að þá er hann kom á land. Hann vatt fyrst klæði sín og eftir það tók hann á sig göngu og fór til þess er hann kom á Hamar til Sigríðar. Það var síð dags. Hann barði þar á dyr og gengur út kona ein og heilsar honum og snýr inn aftur og gengur til stofu. Þormóður gengur eftir henni til stofu og sest utarlega á óæðra bekk.

Sigríður tók til orða og mælti: "Hver kom þar?"

Hann svarar: "Ósvífur heiti eg."

Sigríður mælti: "Svo er hver sem heitir. Vill Ósvífur vera hér í nótt?"

Hann svarar, kveðst það vilja. Um myrgininn kom Sigríður að máli við hann og spurði hvern veg af stæðist um ferðir hans.

Þormóður mælti: "Satt var það að eg nefndist Ósvífur í gær."

Hún svarar: "Kenna þóttist eg þig þó að eg hefði ekki fyrri séð þig að þú ert Þormóður Kolbrúnarskáld."

Hann svarar: "Eigi gerir að dylja því að rétt kenndan hefir þú manninn. En eg ætla að fara á Langanes til Þórunnar Einarsdóttur og hitta Ljót son hennar. Þau hafa oft ljótlega til mín lagt."

Sigríður mælti: "Þá skal Sigurður son minn fylgja þér. Lengi hafa þau Ljótur og Þórunn þung verið til vor."

Þormóður mælti: "Óráðlegt sýnist mér að Sigurður fari með mér því að þið munuð eigi halda mega bústað ykkrum hér ef nokkuð skerst í með okkur Ljóti."

"Gjarna vil eg láta bústað til þess," sagði Sigríður, "að Ljótur fengi nokkura svívirðing."

Nú fer Sigurður með Þormóði á Langanes til Þórunnar. Þeir drepa þar á dyr og gengur út ein kona og heilsar þeim. Sigurður spurði hvort Ljótur væri heima.

Hún svarar: "Hann er í stofu."

Sigurður mælti: "Biddu hann út koma."

Griðkona gengur inn og mælti Ljótur skyldi út koma.

Hann svarar: "Hver mælti það?"

"Sigurður af Hamri," segir hún, "og annar maður sá er eg kenndi eigi."

"Hvern veg var sá maður sjónum er þú kenndir eigi?"

Hún svarar: "Svartur maður og hrokkinhærður."

Ljótur mælti: "Líkan segir þú hann Þormóði sakadólgi vorum."

Nú gengur Ljótur fram og konur með honum þær sem þar voru. Ljótur tekur eitt spjót í hönd sér og gengur í dyrin og kennir Þormóð og leggur þegar á honum miðjum. Þormóður laust við laginu öxinni er hann hafði og ber niður spjótið. Kemur lagið í fót honum fyrir neðan kné og verður það mikið sár. Ljótur lýtur eftir er hann lagði til Þormóðar og þá höggur Sigurður meðal herða Ljóti og særir hann miklu sári. Hann hljóp inn í dyrnar. Þormóður hjó eftir honum og kom höggið á lærið og reist ofan lærið og kálfann. Hljóp öxin niður í þröskuldinn. Ljótur féll inn í dyrin. Konurnar hljópu yfir hann fram og ráku aftur hurðina. Snúa þeir þá í brott.

Mælir Þormóður að Sigurður skyli fara heim á Hamar "og seg móður þinni tíðindin en eg mun leita fyrir mér," segir Þormóður.

Nú skiljast þeir. Fer Sigurður heim á Hamar og segir móður sinni þau tíðindi sem í höfðu gerst.

Sigríður mælti: "Það er mitt ráð að þú farir á fund Skúfs og skorir á hann til viðtöku. Seg honum að eg vildi selja land mitt og ráðast með honum brott af Grænlandi."

Nú fer Sigurður á fund Skúfs og ber upp erindi sín fyrir hann. Skúfur tekur við Sigurði og selur land Sigríðar og tekur upp bú hennar og flytur til skips.

Þormóður bindur sár sitt og fer ofan til nausts þess er Þórunn átti. Sér hann að skip hafði verið dregið fram úr nausti og þykist vita að húskarlar Þórunnar munu vera rónir. Gengur Þormóður þá til sjóvar og gerir sér rúm í einu þarabrúki, liggur þar um daginn. Og er aftnast tók þá heyrir hann áraglamm, verður þess var að húskarlar Þórunnar eru komnir að landi.

Þeir mæla svo: "Gott veður mun á myrgin og munum vér þá róa, munum ekki brýna upp skipi voru og láta fljóta hér í höfninni í nótt."

Þeir gera svo, fara heim síðan. Þá var mjög kveldað. Nú er þeir eru heim farnir þá rís Þormóður upp og fer þangað sem skipið flaut, leysir festar og sest til ára, rær á fjörðinn og stefnir til bæjarins í Vík.

Á því kveldi lagðist Þórdís niður á Löngunesi til svefnis. Hún lét illa í svefni. Og er hún vaknaði mælti hún: "Hvar er Böðvar son minn?"

Hann svarar: "Hér er eg móðir eða hvað vilt þú?"

Hún svarar: "Eg vil að vér róum á fjörðinn því að þar eru veiðarefni."

Böðvar svaraði: "Hvern veg er veiðarefni það?"

Þórdís mælti: "Þormóður skógarmaður vor er á firðinum einn á skipi og skulum vér fara til fundar við hann."

31. kafli

([Nú fór Sigurður leiðar sinnar og er hann var skammt kominn frá garði þá hittir hann Þormóð og hafði hann þar beðið Sigurðar. Fara þeir nú báðir saman á fund þeirra Skúfs og Bjarna og segja þeim slíkt sem í hafði gerst. Fer Skúfur þá og selur land Sigríðar og flytur í brott með sér allt búferli hennar, fer aftur til skips síns.

Einn aftan réðst Þormóður heiman. Hann tekur bát og reri yfir Eiríksfjörð um nóttina. Hann gengur frá skipi þar til er hann kemur á Löngunes. Hann fer til nausts Þórdísar og leggst þá niður og felst því að hann ætlaði að Böðvar mundi róa á sjá um daginn sem hann var vanur.

Og er á leið morguninn þá sér hann að þrír menn gengu frá bænum til skipsins. Þeir ræddu um það hvort Böðvar mundi heim koma um daginn því að hann hafði farið að binda um sár Ljóts á Langanes. Þormóður liggur sem áður þar sem hann var kominn því að hann var lítt gengur fyrir sárinu. Þeir húskarlarnir reru nú á fiski sem fyrir þá var lagt og er leið á daginn sér Þormóður að húskarlarnir róa að landi. Þormóði gerðist verkmikill fóturinn.

Maður hét Kár. Hann var verkstjóri Þórdísar. Hann var nú róinn með húskörlum. Hann var og frændi Böðvars.

Nú vinna þeir að fangi sínu og setja upp skip sitt og búa um. Veðri var þann veg farið að þoka var og úrvæta. Ganga þeir heim er þeir voru búnir. Þormóður heyrir að þeir ræða um að Böðvar væri heim kominn. Þormóður vildi hafa skipið yfir fjörðinn til Víkur. Og er þeir Kár voru nær að túngarði komnir þá mælti Kár: "Mér hefir eftir legið bolex mín og mun eg ganga eftir."

Þeir buðu að fara með honum en hann vildi það eigi, fer nú ofan snúðigt. Þormóður var þá kominn til skipsins og hefir þá fram sett. Kár lítur manninn og kennir Þormóð, snýr hann heim og ætlar að segja Böðvari hvað títt er. Þormóður sér Kár að hann snýr heim og vill Þormóður snúa eftir honum en honum var svo stíður fóturinn að hann mátti hvergi komast. Hann kastar þá öxinni eftir Kár og kom á fótinn fyrir neðan knésfótinn og beit úr kálfann úr fætinum. Kár haltrar heim og verður för hans sein. Þormóður tekur öxi sína og hleypur á skipið og rær frá landi og stefnir til bæjarins í Vík.

Þórdís hafði sofið um kveldið og er hún vaknar varpar hún mæðilega öndinni og mælti: "Hvort er Böðvar heim kominn eða eigi?"

Hann svarar: "Hér er eg móðir eða hvað vildir þú nú?"

Hún svarar: "Bíta mætti nú beitfiskur ef að borði væri dreginn," segir hún, "því að hér hefir verið Þormóður skógarmaður þinn í allan dag í nausti voru og hefir hann nú unnið á Kár frænda þínum og tekið bát þinn og rær nú yfir á fjörð og hygg eg að honum sé verkur í sári því er Ljótur veitti honum. Get eg og að honum verði eigi greiðfært yfir fjörðinn fyrir þoku sakar. Þætti mér eigi fjarri að vér færum til fundar við hann."

Böðvar sprettur þegar upp og mælti: "Búinn er eg þessarar ferðar," segir hann.

En er þau koma út fyrir dyr þá sjá þau hvar Kár haltrar og var hann þá kominn heim að húsunum en Þormóð sjá þau hvergi því að þokan var svo myrk.)

Þá fóru fimm húskarlar með Þórdísi. Þau róu á fjörðinn um nóttina. Þormóður heyrir róðurinn og mannamálið og grunar að Þórdís sé á för komin með húskörlum sínum. Sýnist honum þvígít vænni sinn kostur ef hann verður fundinn. Hólmur einn lítill var skammt frá Þormóði. Það var land lágt og gengu þar yfir háflæðar en eigi gekk þar sjór yfir að meðalsdögum. Það varð Þormóði fyrir að hann hvelfdi skipinu en hann leggst til hólmsins. Þarabruk var um hólminn allan. Grefst Þormóður niður milli tveggja steina og ber á sig ofan þarann.

Þau Þórdís fara um nóttina og sjá um nóttina sorta nokkurn á sjónum og vita eigi hvað það er, róu að þangað og sjá að þar hvolfir skip á sjónum og eru árar í hömluböndum.

Húskarlar Þórdísar mæla þá: "Hér mun Þormóður hafa róið á stein upp og meiri von að hann sé drukknður."

Þórdís segir: "Eigi mun Þormóður hér drukknður hafa heldur mun hann hafa orðið var við för vora og mun hann sjálfur hvelft hafa skipinu og gert það til þess að vér skulum hann ætla dauðan. En hann mun hafa svimið í hólminn og mun hann fölgist hafa. Nú skulum vér leggja skipið við hólminn og leita hér í hólminum. Nú skuluð þér stanga með spjótsoddum allan þenna hólma oftar en eitt sinn."

Þeir gerðu sem hún mælti og fundu hann eigi. Þá sýndist þeim örvænt vera að þeir fyndu hann.

Þórdís mælti: "Það hygg eg að hann sé hér í hólminum þótt þér finnið hann eigi. Nú ef Þormóður má heyra mál mitt þá svari hann mér ef hann hefir heldur manns hug en merar."

Þormóður heyrði hvað Þórdís mælti og vildi svara henni en hann mátti ekki mæla því að honum þótti sem tekið væri fyrir munn honum.

Nú fara þau Þórdís á brott við svo búíð, taka skip það er hann hafði þangað haft og hafa það með sér. Nú er þau voru brottu stendur Þormóður upp úr brúkinu. Hann svimur þá þangað á leið sem honum þótti skemmst til lands. Hann hendir sker þau er á leiðinni voru og tók þar hvíldir. Og er skammt var til meginlands þá komst Þormóður á eitt sker og var þá orðinn svo að hann mátti hvergi þaðan komast.

Á þessi nótt dreymdi Grím bónda í Vík að maður kom að honum, vænn og merkilegur, meðalmaður vexti, riðvaxinn og herðimikill. Sá maður spurði Grím hvort hann vekti eða svæfi.

Hann svarar: "Eg vaki en hver ertu?"

Draummaður segir: "Eg er Ólafur konungur Haraldsson og er það erindi mitt hingað að eg vil að þú farir eftir Þormóði hirðmanni mínum og skáldi og veitir honum björg svo að hann megi þaðan komast sem hann liggur í einu skeri skammt frá landi. Nú segi eg þér þetta til merkja, að það er satt er fyrir þig ber, að sá maður útlendur er verið hefir á vist með þér í vetur og Gestur nefndist, hann heitir Steinar og er kallaður Helgu-Steinar. Hann er íslenskur maður og fór því hingað til Grænlands að hann ætlaði að hefna Þorgeirs Hávarssonar. En þó að Steinar sé garpur mikill og harðfengur þá mun honum verða lítils af auðið um hefnd eftir Þorgeir og mun hans harðræði annars staðar meiri fram koma."

Nú er Ólafur konungur hafði svo mælt þá vaknar Grímur. Hann vekur Gest og bað hann upp standa. Hann gerir svo og tekur vopn í hönd sér, gengur út með Grími. Setjast þeir niður og mælti Grímur: "Hvað segir þú til þess hvað þú heitir?"

Gestur segir: "Manstu það Grímur hvað eg sagði til þess?"

Grímur svaraði: "Man eg það vist hvað þú nefndist en að því spyr eg hvort þú heitir svo sem þú nefndist."

Gestur svarar: "Hví eigi?"

Grímur mælti: "Því ef þú heitir Steinar og ert kallaður Helgu-Steinar á þínu landi?"

Gestur mælti: "Hver sagði þér að svo væri?"

Grímur svaraði: "Ólafur konungur."

Gestur mælti: "Hvenær fannstu hann Ólaf konung?"

Þá svaraði Grímur og sagði honum drauminn.

Hann svarar: "Satt er það í drauminum er til mín kemur."

Nú fara þeir Steinar að leita Þormóðar og finna hann þar sem Ólafur konungur hafði til vísað, færa hann heim í Vík og varðveita hann þar á laun og græða hann. Og er hann var heill maður orðinn þeirra áverka er Ljótur hafði á honum unnið þá flytur Steinar Þormóð til skips þeirra. Skúfur var þá eigi við skip. Réðst Steinar þá brott úr Vík og er þá við skip og svo Þormóður. Skúfi frestast mjög allt þar til er lokið var þinginu. Böðvar Þórdísarson gerði sekjan Sigurð Sigríðarson um áverka við Ljót.

Eftir þingið var Skúfur albúinn til brottferðar. Og þann morgun er Skúfur ætlaði út að sigla fóru þeir Þormóður og Gestur í óleyfi Skúfs frá skipi á einum báti. Þeir fóru til Einarsfjarðar og inn eftir firðinum fyrir bæ Þórunnar. Þar sjá þeir fjóra menn á skipi sitja á fiski. Þeir kenna þar Ljót Þórunnarson. Þeir leggja þegar að Ljóti og berjast. Lýkur svo þessum fundi að Ljótur fellur og þeir menn þrír sem með honum voru á skipi.

Fara þeir Þormóður þá aftur til skips og var Skúfur þá búinn til siglingar. Stíga þeir þá á skip, Þormóður og Skúfur, en Steinar sest eftir. Fer hann þá til vistar í Brattahlíð til Þorkels. Skúfur og Bjarni láta í haf. Þeir fá góða byri. Ferst þeim vel, taka Noreg. Og er þeir voru landfastir þá skiptu þeir fé sínu. Hafði Bjarni skip úr félagi þeirra en Skúfur lausafé. Heldur Bjarni suður til Danmerkur og gengur út til Róms og sækir heim hinn heilaga Pétur postula og Pál postula.

32. kafli

([Rómaborg létu gera bræður tveir. Hét annar Romulus en annar Remus. Þeir voru tvíburar. Borgin var ger eftir hinu óarga dýri. Var dýrið ristið á jörðunni og þar upp af voru reistir borgarveggir. Er höfuðið dýrsins fyrir norðan ána. ... Er sá hlutur borgarinnar kallaður Roma en sá hlutur er fyrir utan ána er heitir Latransborg eða Latran eða Latera en það þýðist síður. En þá er borgin var alger þá urðu þeir ósáttir um það af hvors nafni er borgin skyldi nafn taka og því réð Romulus bróður sínum Remo fjörráð og drap hann. Var þá borgin kennd við Romulum og kölluð Rómaborg. Bjarni kom til Rómaborgar og vitjaði þar heilagra staða því að eigi er sá staður í Rómaborg að eigi sé roðinn með blóði heilagra manna.])

Og í þeirri för andast Bjarni. Sigríður og Sigurður son hennar keyptu jarðir í Noregi og bjuggu þar til dauðadags. Skúfur og Þormóður fóru á fund konungs og voru með honum til dauðadags.

Konungurinn var ekki margur til Þormóðar í fyrstunni. Maður sá kom til konungs er Grímur nefndist. Hann var íslenskur maður. Hann kallaðist hafa hefnt Þorgeirs Hávarssonar fyrr en Þormóður. Konungur lagði á hann virðing og gaf honum gjafir. En Þormóður vissi deild á Grími að hann var illur maður og hafði myrt mann á Íslandi.

Þá gengur Þormóður fyrir konung og kvað vísu:

Þér fenguð fé fleira,
flím er oft kveðið, Grími
mér og miklu færa,
mæringr, en til væri.
Hann hefr hunds verk unnið,
hvinn gerir slíkt að vinna,
mætr, en mennsku bættag
mína, gramr, og þína.

Konungur mælti: "Þykist þú Þormóður meiri fremd hafa unnið á Grænlandi en Grímur á Íslandi?"

Þormóður svarar: "Ráðið er það."

Ólafur konungur mælti: "Hvað vannstu til frægðar á Grænlandi?"

Þormóður svaraði:

Þollr, vó eg Þorgrím trölla,
þar laut harðr til jarðar,
áðr réð eg, odda hríðar,
ótrauðr Loðins dauða.
Þar nam eg Þorkel fjörvi,
Þórðr lét önd hinn fjórði.
Felldr var frægr til moldar
Falgeir, skörungr þeira.

Ólafur konungur mælti: "Framar hefir þú þá gert um vígin á Grænlandi en fiskimaðurinn kallar aflausn vera fiskinnar því að hann kallast leysa sig ef hann dregur fisk fyrir sig en annan fyrir skip sitt, þriðja fyrir öngul, fjórða fyrir vað. Nú hefir þú framar gert eða hví drapstu svo marga menn?"

Þormóður svaraði: "Illur þótti mér jafnaður þeirra vera við mig því að þeir jöfnuðu mér til merar, töldu mig svo vera með mönnum sem meri með hestum."

Konungur mælti: "Vorkunn var það að þér mislíkaði þeirra umræða. Hefir þú og stórt að gert."

Þá kvað Þormóður vísu:

Éls, hef eg illan díla,
Ekkils, þeim er mig sektu,
geig vann eg gervidraugum,
Grænlendingum brenndan.
Sá munat sækitívum
sverðéls frömum verða
hrings á hryggjar tanga
hóggræddr nema mér lógi.

"Svo mun vera," segir konungur. "Seint mun sá díli gróa er þú hefir þar brennt."

Nú var Þormóður með Ólafi konungi í góðri virðingu og þótti hinn röskvasti maður í öllum mannaunum. Þormóður fór úr landi með Ólafi konungi og þoldi með honum alla útleigð. Hann fór og aftur með honum til Noregs því að honum þótti betra að deyja með honum en lifa eftir hann.

En er konungur kom í Þrándheim í dal þann er Veradalur heitir og hann vissi umsátir Þrænda um sig þá spurði konungur Þormóð í gamni og mælti svo: "Hvert mundi nú vera ráð þitt ef þú værir höfðingi fyrir liði því er vér höfum nú?"

Þormóður kvað þá vísu:

Brennum öll fyr innan
innin þau er vér finnum,
land skal her með hjörvi,
Hverbjörg, fyr gram verja.
Ýs, taki allra húsa
Inn-Þrændir kol sinna,
anгр mun kveykt í klungri,
köld, ef eg má valda.

Ólafur konungur mælti: "Vera má að það hlýddi að væri gert sem þú mælir. En annað ráð munum vér taka en brenna land vort sjálfra en þó grunum vér ekki þig um að þú mundir svo gera sem þú mælir."

Þann dag er bardagi var á Stiklastöðum mælti Ólafur konungur, það Þormóð skemmta nokkuru. En hann kvað Bjarkamál hin fornu.

Konungur mælti: "Vel er til kvæðis tekið fyrir sakir þeirra hluta er hér munu að berast í dag og kalla eg kvæðið Húskarlahvöt."

Það er sagt að Þormóður var heldur ókátur um daginn fyrir bardagann.

Konungur fann það og mælti: "Hví ertu svo hljóður Þormóður?"

Hann svarar: "Því, herra, að mér þykir eigi víst vera að við munum til einnar gistingar í kveld. Nú ef þú heitir mér því að við munum til einnar gistingar báðir þá mun eg glaður."

Ólafur konungur mælti: "Eigi veit eg hvort mín ráð mega um það til leiðar koma en ef eg má nekkverju um ráða þá muntu þangað fara í kveld sem eg fer."

Þá gladdist Þormóður og kvað vísu:

Ála þryngr að éli,
örstiklandi, miklu.
Skyldut skelknir höldar,
Skálmöld vex nú, fálma.
Brott komumk vér en veitum
valtafn frekum hrafni,
Víkst eigi það, voga
viggrunnr, eða hér liggjum.

Konungur svaraði: "Svo mun vera skáld sem þú segir að annaðhvort munu þeir menn er nú eru hér komnir komast brott eða liggja hér eftir."

Þá kvað Þormóður vísu:

Þér mun eg eðr uns öðrum,
allvaldr, náir skaldum,
nær væntir þú þeira?
þingdjarfr fyr kné hvarfa.
Ríkr, vil eg með þér, rækir
randar linns hinn svinni,
stöndum ár á öndrum
eybaugs, lifa og deyja.

Ólafur konungur mælti: "Sighvati, skáld, þykist þú nú sneiða og þarftu þess eigi því að hann mundi sig nú hér kjósa ef hann vissi hvað hér væri títt. Og má svo vera að hann komi oss að mestu gagni."

Þormóður svarar: "Vera má að svo sé en það hygg eg að þunnskipa væri þá um merkisstöngina í dag ef þann veg hefðu margir farið."

Það hafa menn að ágætum gert hversu rösklega Þormóður barðist á Stiklastöðum þá er Ólafur konungur féll því að hann hafði hvorki skjöld né brynju. Hann hjó ávallt tveim höndum með breiðöxi og gekk í gegnum fylkingar og þótti öngum gott þeim er fyrir honum urðu að eiga náttból undir öxi hans.

Svo er sagt þá er lokið var bardaganum að Þormóður væri ekki sár. Hann harmaði það mjög og mælti: "Það ætla eg nú að eigi muni eg til þeirrar gistingar sem konungur í kveld en verra þykir mér nú að lifa en deyja."

Og í því bili er hann mælti þetta þá fló ör að Þormóði og kom fyrir brjóst honum og vissi hann eigi hvaðan að kom. Því sári varð hann feginn því að hann þóttist vita að þetta sár mun honum að bana verða. Hann gengur til einnar bygghlöðu þar er margir konungsmenn voru inni sárir. Kona ein vermdi vatn í katli til þess að þvo sár manna. Þormóður gengur að einum vandbálk og styðst þar við.

Konan mælti við Þormóð: "Hvort ertu konungsmaður eða ertu af bóndaliði?"

Þormóður kvað vísu:

Á sér að vér vorum
Vígrefir með Óleifi.
Sár fékk eg heldr að hvoru
hvítungs og frið lítinn.
Skín á skildi mínum,
skald fékk hríð til kalda..
Nær hafa eskiaskar
örvandan mig görvan.

Konan mælti: "Hví lætur þú eigi binda sár þín ef þú ert nokkuð sár?"

Þormóður svarar: "Þau ein hefi eg sár að eigi þarf að binda."

Konan mælti: "Hverjir gengu best fram með konunginum í dag?"

Þormóður segir:

Haraldr var bitr að berjast
böðreifr með Óleifi.
Þar gekk harðra hjörva
Hringr og Dagr að þingi.
Réðust þeir und rauðar
randar prútt að standa,
fékk benþiður blakkan
bjór, döglingar fjórir.

Konan spurði þá enn Þormóð: "Hversu gekk konungurinn fram?"

Þormóður kvað vísu:

Ört var Ólafs hjarta,
óð fram konungr blóði,
rekin bitu stál á Stiklar
stöðum, kvaddi lið böðvar.
Élþolla sá eg alla

Jalfaðs nema gram sjalfan,
reyndr var flestr í fastri
fleindrífu, sér hlífa.

Margir menn voru í hlöðunni þeir er mjög voru sárir og lét hátt í holsárum sem náttúra er til sáranna. Nú er Þormóður hafði kveðið þessar vísur þá kom maður einn af bóndaliðinu í hlöðuna inn.

Og er hann heyrir að hátt lætur í sárum manna mælti hann: "Eigi er þó undarlegt að konunginum hafi eigi vel gengið bardaginn við bændur svo þróttlaust fólk sem þetta er sem konunginum hefir fylgt því að mér þykir svo mega að kveða að þeir menn sem hér eru inni þoli varla óæpandi sár sín."

Þormóður segir: "Sýnist þér svo sem eigi séu þróttigir þeir menn sem hér eru inni?"

Hann svarar: "Svo sýnist mér víst að hér séu margir menn þreklausir saman komnir."

Þormóður mælti: "Svo má vera sá sé hér nakkvar maður í hlöðunni inni er eigi sé þrekmiðill og eigi mun þér sýnast sár mitt mikið."

Bóndi gengur að Þormóði og vildi sjá sár hans. En Þormóður sveipar öxinni til hans og særir hann miklu sári. Sá kvað við hátt og stundi fast.

Þormóður mælti þá: "Það vissi eg að vera mundi nakkvar sá maður inni er þreklaus mundi vera. Er þér illa saman farið, leitar á þrek annarra manna því að þú ert þreklaus sjálfur. Eru hér margir menn mjög sárir og stynur engi þeirra en þeim er ósjálfrátt þótt hátt láti í sárum þeirra. En þú stynur og veinar þó að þú hafir fengið eitt lítið sár."

Nú er Þormóður mælti þetta stóð hann við vandbálkinn þann er í bygghlöðunni var.

Og er lokið var ræðu þeirra þá mælti konan, sú er vatnið vermdi, við Þormóð:

33. kafli

(["Því ertu þá svo fögur?"])

Þormóður kvað þá vísu:

Undrast öglis landa
eik hví vér rom bleikir.
Fár verðr fagr af sárum,
fann eg örvadrif, svanni.
Mik fló málmr hinn dökkvi
magni keyrðr í gögnum.
Hvasst beit hjarta hið næsta
hættlegt járn er eg vætti.

Konan mælti: "Það þóttist eg sjá á þér að þú mundir sár vera er þú varst svo litlaus og lát binda sár þín sem aðrir menn og vit ef þér mætti við hjálpa.")

Þormóður kvað vísu:

Emkak rauðr en rjóðum
ræðr grönn kona manni.
Járn stendr fast hið forna
fenstígi mér benja.
Það veldr mér hin mæra
marglóðar nú tróða.
Djúp og danskra vopna
Dagshríðar spor svíða.

Og er hann hafði þetta mælt þá dó hann standandi við bálkinn og féll til jarðar dauður.

Haraldur Sigurðarson fyllti vísu þá er Þormóður hafði kveðið. Hann lagði þetta við: ""Svíða" svo mundi hann vilja kveða: "Dagshríðar spor svíða"."

Nú lauk svo sem sagt var ævi Þormóðar Kolbrúnarskálds. Og lýkur hér frásögn þeirri er vér kunnum að segja frá Þormóði kappa hins helga Ólafs konungs.

34. kafli

([Þá nátt er Ólafur konungur lá í safnaðinum og áður er frá sagt vakti hann löngum og bað til guðs fyrir sér og öðru liði sínu og sofnaði lítt og rann höfgi á hann í mót deginum en er hann vaknaði þá rann dagur upp. Konungi þótti heldur snemmt að vekja herinn. Þá spurði hann hvort Þormóður skáld vekti. Hann var þar nær og spurði hvað hann vildi honum.

Konungur sagði: "Tel þú oss kvæði nokkuð."

Þormóður settist upp og kvað svo hátt að mjög svo heyrði um allan herinn en hann kvað Bjarkamál hin fornu.

En áður en hann tók til spurði Þormóður hví Sighvatur skáld skyldi eigi skemmta og launa gullinhjaltann "er þú konungur gafst honum í jólagjöf í fyrra vetur."

Konungur mælti: "Veistu eigi að Sighvatur er nú eigi hér? Engi mun oss nú þarfari en hann er hann biður fyrir oss á suðurvegum."

Þormóður svarar: "Þá mun það nú gera hvor okkar sem tilfær er. Eg mun drýgja karlmennsku og skemmtan í dag en hann spilar fingrum sínum að Rómi."

Þetta er upphaf að kvæðinu:

Dagr er upp kominn,
dynja hana fjaðrar,
mál er víkingum að vaka
og vinna erfiði,
vaki og vaki
vina höfuð,
allir hinir æðstu
Aðils og Svía.

Hár enn harðgreipi,
Hrólfur skjótandi,
ættgóðir menn

er ekki flýja.
Vekkat yður að víni
né að vífs rúnum,
heldr vek eg yður að hörðum
Hildar leiki.

Þá vaknaði lýðurinn. Og er lokið var kvæðinu þá þökkuðu menn honum og fannst mönnum mikið um og þótti vel til fundið og kölluðu Húskarlahvöt. Konungur þakkaði honum skemmtan sína. Síðan tók hann gullhring og gaf honum.

Þormóður þakkaði honum gjöfina og mælti: "Góðan eigum vér konunginn en vant er að sjá hversu langlífur verður. En sú er bæn mín konungur að þér látið okkur hvorki skilja lífs né dauða því að eg vildi fara til einnar gistingar og þér í kveld."

"Það skal og vera," kvað konungur, "ef við förum báðir lífs af Stiklastöðum."

"Ekki þykir mér þá jafnmikið á liggja," kvað Þormóður, "en hitt er satt að eg vil ekki lifa eftir þig því að eg hefi rannsakað ráð mitt og sýnist mér svo að síðan eg var sjö vetrum eldri hafi sá einn hlutur verið mér til hjálpar framleiðis er eg hefi fylgt þér og þínu föruneysi og þykist eg það ekki með ódyggð gert hafa."

"Veit eg að þú munt ekki hirða að lifa eftir mig," kvað konungur, "en eigi veit eg hvort við erum jafnbúinir til að fara til einnar gistingar eða hversu gamall maður ertu eða hversu marga menn hefir þú drepið í einvígi?"

Þormóður svarar: "Eg er nú nokkuru meir en hálfertugur en mér þykir von að eg muni fjórtán mönnum hafa að bana orðið."

"Ekki þykir mér þú mjög gamall," kvað konungur, "en þó mun eg því heita þér að þú komir til nokkurar hvíldar eftir sjöund þína og munt þú eigi mega minna við koma en dægur komi fyrir hvern mann er þú hefir vegið."

"Hins beiddi eg þig herra að skilja aldrei við yður."

Konungur svarar: "Allir munum vér og saman fara ef eg má ráða meðan þér viljið eigi við mig skiljast."

Þá mælti Þormóður: "Þess vænti eg herra hvort sem friður er verri eða betri að eg sé nær yður staddur meðan eg á þess kost hvorir sem sigur kunna að hafa."

Síðan kvað Þormóður vísu:

Þér mun eg eðr uns öðrum,
allvaldr, náir skaldum,
nær vættir þú þeira?
þingdjarfr um kné hvarfla.
Braut komumst vér þó að veitum
valtafn frekum hrafni,
víkst eigi það voga
viggrunnr, eða þar liggjum.

Það hafa menn og sagt að Þormóður Kolbrúnarskáld var þann dag í kyrtli rauðum er hann bjóst til bardaga og drap upp blöðunum fyrir en kyrtillinn var síður mjög á bakið. Einn hirðmaður spurði hví hann byggist svo.

Þormóður svarar: "Því að eg ætla mér lengrum áfram en á bak aftur."

Hann var gyrður sverði því er Ólafur konungur gaf honum. Hann hafði öxi sína í hendi en öngva hlíf. Konungur spurði Þormóð hví hann byggist eigi til bardaga sem aðrir menn og hefði önga hlíf "eða ætlar þú að bændur muni eigi kunna að berjast?"

Þormóður svarar: "Það skulu búkarlar finna í dag að öx mín skal mér bæði skjöldur og brynja."

Það hafa menn að minnum haft og ágætum hversu rösklega Þormóður barðist um daginn því hann hjó tveim höndum með öxi sinni hinn fyrra bardagann en með sverðinu alla Dagshríð því að þá gekk öxin af skaftinu. Féllu margir menn fyrir honum svo að seint er þeirra nöfn allra að skrá. (...) Þá var Þormóður Kolbrúnarskáld ekki mjög sár en óvígur sakar mæði og vildi hann þó standa hjá sveitungum sínum. Eigi var hann því ekki sár eða lítt að hann hefði sér hlíft meir en aðrir heldur hitt að mönnum þótti annars staðar auðveldara til að sækja en þar sem hann var.

Einn maður spurði Þormóð: "Sástu nokkuð skjöld minn er eg kastaði áðan?"

"Hvað skal þér rögum skjöldur?" kvað Þormóður. "Geta mundi eg mér slíkan skjöld ef eg vildi en eigi gjafvin þann er eg hefi misst." (...)

Svo er sagt þá er lokið var bardaganum að Þormóður gekk þar að er Dagur og hans menn höfðu staðar numið eftir bardagann því að þá var eigi vígljóst fyrir nætur sakir. Bændur sátu um þá Dag að þeir skyldu eigi á burt komast um nóttina og ætluðu þegar að þeim að ganga er lýst var orðið.

Dagur mælti: "Er nokkur sá maður í mínu liði er ráð kunni til þess að leggja að vér komumst á burt svo að bændur eigi öngan kost á oss því að eg veit að þeir munu þegar að oss leggja er lýsir ef vér bíðum hér?"

Engi maður veitti svör máli hans og er Þormóður sá að engi fengust ráð af þeirra hendi þá mælti hann: "Hví munu eigi finnast ráð til þess?" segir hann.

Dagur spurði: "Hver er sá maður er svo talar um hreystilega?"

Hann svarar: "Sjá heitir Þormóður."

Dagur mælti: "Ertu Þormóður Kolbrúnarskáld?"

"Sá er maður hinn sami, segir Þormóður.

Dagur mælti: "Hvað ráð er það að þú sérð til þess að vér komumst í brott með lið vort?"

Þormóður svarar: "Þér skuluð fella mörkina og gera elda stóra af hrísinu en færa stofna sem flesta fram að eldinum og skulu fjórir menn vera við hvern eld en þrír menn skulu ganga um eldana jafnan en einn skal kynda hvern eld. En þá er þér hafið svo gert nokkura hríð þá slökkvi þér alla senn eldana og farið þá leið yðra og gefið hvorki stað í dag né á morgun. En bændum mun þykja sem kominn sé að múgur manns er þeir sjá kvíkt allt við eldana. En er morgnar þá munu þeir sjá þetta ráð og er mér þá von að þeir fari eftir yður en þó mun þá svo mikill verða yðvar misfari að mig væntir að ekki saki til."

Dagur mælti: "Ertu nokkuð sár Þormóður?"

Hann svarar "Fjarri fer það."

Dagur mælti: "Farðu þá austur í Svíþjóð með mér og mun eg þá gera vel til þín en þú átt hér nú einskis góðs að bíða."

Þormóður svarar: "Ekki mun þess auðið verða að eg þjóni öðrum konungi er Ólafur konungur er fallinn."

Snýr Þormóður þá í brott en þeir Dagur höfðu þetta ráð og komast við það undan. (...)

Nú er að segja frá Þormóði að honum fékkst mikils er hann var lítt sár og harmaði það mjög og þóttist vita að hann mundi eigi verður vera fyrir illra gerða sinna sakir að falla með konungi. Nú biður hann þá Ólaf konung með góðfýsi að hann sjái á með honum. Hann mæltist þá við einn saman og talaði: "Hvort muntu nú hinn heilagi Ólafur konungur eigi ætla að enda við mig það sem þú hést mér að þú mundir mig eigi fyrir róða láta ef þín ráð mættu standa?"

Og því næst heyrir hann að strengur gellur og er skotið öru og kemur hún undir vinstri hönd Þormóði og þar á hol. Verður hann þessu sári feginn harðla mjög og mælti: "Það hygg eg að þessi maður hafi bestu heilli boga upp dregið enda veit eg að nú skall þeim er skyldi."

Gengur Þormóður þangað að sem var lík konungsins og settist þar niður og brýtur skefti af öxinni. (...)

Þormóði óhægðist mjög sárið sem von var. Þormóður gengur þá heim til húsanna og að einni bygghlöðu er menn Ólafs konungs höfðu inn verið færðir þeir er sárir voru. Þormóður hafði bert sverð í hendi og er hann gekk inn þá kom maður í mót honum. Þormóður spurði hann að nafni en hann kveðst Kimbi heita.

Þormóður spurði: "Varstu í bardaganum?"

"Var eg," segir hann, "með bændum er betur var."

"Ertu nokkuð sár?" segir Þormóður.

"Lítt," segir Kimbi, "eða hvort varstu nokkuð í bardaganum?"

Þormóður svarar: "Var eg með þeim er betur höfðu."

Kimbi sá að Þormóður hafði gullhring á hendi. Hann mælti: "Þú munt vera konungsmaður. Fá þú mér gullhringinn en eg mun leyna þér. Bændur munu launa þér óspekt ef þú verður á vegi þeirra eða ertu nokkuð sár?"

Þormóður svarar: "Ekki er eg sár svo að lækningar þurfi enda hafðu hringinn ef þú vilt. Látið hefi eg nú meira því að mér tekur nú að þykja minna gaman að gulli en var."

Kimbi rétti fram höndina og vildi taka hringinn. Þormóður sveiflaði til sverðinu og hjó af Kimba höndina og kvað hann eigi þeirri mundu stela síðan. Kimbi þoldi illa. Þormóður kvað hann reyna skyldu hversu sárin væri að þola. Síðan fór Kimbi á brott en Þormóður stóð eftir.

Þá hleypur maður innan úr hlöðunni og sækir viðarfang. Kona ein vermdi vatn í katli til þess að fægja sár manna. Þormóður gekk að einum vandbálk og studdist þar við. Þá mælti konan við Þormóð: "Hvað manna ertu, hvort ertu konungsmaður eða ertu af bóndaliði?"

Þormóður svarar og kvað vísu:

Á sér að vér vorum
vígreiðr með Óleifi.
Sár fékk eg heldr að hvoru
hvítungs og frið lítinn.
Skín á skildi mínum,
skald fékk hríð til kalda.
Nær hafa eskiaskar
örendan mig görvan.

Konan mælti: "Hví lætur þú eigi binda sár þín ef þú ert mjög sár?"

Þormóður svarar: "Þau ein hefi eg sár að ekki þarf að binda."

Konan mælti: "Þú munt það kunna að segja mér er vér höfum lengi um rætt í kveld hver best hefir fram gengið í bardaganum eða minnst hlíft sér?"

Þormóður kvað þá vísu:

Ört var Ólafs hjarta,
óð fram konungr blóði,
rekin bitu stál á Stiklar
stöðum, kvaddi lið böðvar.
Élþolla sá eg alla
álmveðrs nema gram sjálfan,
reyndr var flestr í fastri
fleindrífu, sér hlífa.

Bóndi einn kom þá í kornhlöðuna er þau töluðu þetta. Hann fór að forvitnast hvað títt væri um konungsmennina. Þar voru margir menn mjög sárir og lét hátt í holsárum manna eða höfuðsárum sem náttúra er til stórsára. Bóndi nam staðar í hlöðunni og hlýddist þaðan um. Og er hann heyrði að hátt lét í holsárum manna þá mælti hann: "Það er von að konunginum hafi lítt gengið bardaginn við bændur svo þróttlaust lið sem þetta er að honum hefir fylgt því að mér þykir svo mega að kveða að þeir þoli eigi óæpandi sár sín og eru þetta fýlur en ekki dugandi menn."

Þormóður svarar: "Sýnist þér svo félagi sem þeir séu eigi þróttmiklir er hér eru inni?"

"Já," segir hann, "svo sýnist mér sem hér séu flestir menn of þreklausastir saman komnir."

Þormóður svarar: "Vera kann það að nokkur sé sá hér inni að eigi sé þrekmikill ef til er reynt og eigi mun þér mitt sár mikið þykja þótt þú hyggir að því."

Bóndi svarar: "Eg ætla þá væri betur að þú hefðir bæði mörg og stór."

Snýr bóndi þá utar eftir hlöðunni og ætlaði út að ganga. Í því höggur Þormóður eftir honum. Það högg kom á bakið og hjó hann af honum báða þjóhnappana.

"Styn þú eigi nú," kvað Þormóður.

Bóndi kvað við hátt með miklum skræk og þreif til þjóhnappanna báðum höndum.

Þormóður mælti: "Það vissi eg að vera mundi hér inni nokkur maður sá er eigi mundi þróttigur reynast. Er þér illa saman farið er þú finnur að þrek annarra manna þar er þú ert þróttlaus sjálfur. Eru hér margir menn mjög sárir og vælir engi þeirra en þú bræktir sem geit blæsma og veinar sem meri þó að þú hafir eina vöðvaskeinu litla."

Eftir þenna atburð kom í hlöðuna kona með mjólkskjólur tvær, sú er færa ætlaði drykk sárum mönnum. Hún mælti við Þormóð: "Hver er þessi maður er hér stendur við bálkinn?"

Hann svarar: "Þormóður heiti eg."

Hún mælti: "Hefir þú nokkuð verið við bardagann í dag?"

Þormóður svarar: "Það vildi eg ætla að það skyldu nokkurir bændur eiga að segja heim konum sínum í kveld að Þormóður Kolbrúnarskáld hafi komið til bardagans í dag en þó vilnast eg hins að nokkurir megi ekki frá segja."

Konan mælti: "Hverjir gengu best fram með konunginum?"

Þormóður kvað þá vísu:

Haraldr var bitr að berjast
böðreifr með Óleifi.
Þar gekk harðra hjörva
Hringr og Dagr að þingi.
Réðust þeir und rauðar
randar þrútt að standa,
fékk benþiður blakkan
bjór, döglingar fjórir.

Konan mælti: "Þú munt vera sár mjög eða viltu drekka mjólk? Það er sárum mönnum gott til styrktar."

Þormóður svarar: "Eigi þarf eg mjólk að drekka því að eg er nú svo fullur sem eg hafi nýsopið skyr út á Íslandi en eg er þó lítt sár."

Konan Mælti: "Hví ertu svo litlaus ef þú ert sár þó lítt?"

Þormóður kvað þá vísu:

Undrast öglis landa
eik hví vér rom bleikir.
Fár verðr fagr af Sárum,
fann eg örvadrif, svanni.
Mik fló málmr hinn dökkvi
magni keyrðr í gögnum.
Hvasst beit hjarta hið næsta
hættlegt járn er eg vætti.

Konan mælti: "Það þóttist eg sjá á þér að þú mundir mjög sár vera er þú varst svo litlaus og láttu binda sár þín sem aðrir menn og lát mig sjá."

Síðan settist hann niður og kastaði klæðum af sér. En er læknir sá sár hans það er hann hafði á síðunni, hún kenndi þess að þar stóð ör í en það vissi hún eigi víst hvert járníð hafði snúið. Hún hafði þar gert í steinkatli af lauk og önnur grös og vellt það saman og gaf að eta þeim hinum sárum mönnum og reyndi svo hvort þeir höfðu holsár því að þá kenndi af laukinum úr sárinu. Hún bar það að Þormóði og bað hann eta.

Hann svarar: "Ber í brott, ekki hefi eg grassótt."

Síðan tók hún spennitöng og vildi draga út járníð en það var fast og gekk hvergi, stóð og lítið út því að sárið var sollið.

Þá mælti Þormóður: "Sker þú til járnins svo að vel megi ná með töginni, fá mér síðan og lát mig kippa."

Hún gerði svo. Þá tók Þormóður gullhring af hendi sér og gaf læknum, bað hana slíkt af gera sem hún vildi "en góður er nauturinn," segir hann, "Ólafur konungur gaf mér hring þenna í morgun."

Síðan tók Þormóður tögina og kippti á burt örinni en á örinni voru krókar og lágu þar á tágur af hjartanu, sumar rauðar en sumar hvítar, gular og grænar.

Og er það sá Þormóður þá mælti hann: "Vel hefir konungurinn alið oss, hvítt er þessum karli um hjartarætur."

Þá kvað Þormóður vísu:

Emkak rauðr en rjóðum
ræðr grönn Skögul manni
haukasetrs en hvíta,
hyggr fár um mig sáran.
Hitt veldr mér að, meldrar
morðvenjandi Fenju,
djúp og danskra vopna
Dagshríðar spor -

Og er hann hafði þetta kveðið þá andaðist hann standandi við vandbálkinn og féll eigi fyrr til jarðar en hann var dauður. Haraldur konungur Sigurðarson fyllti vísuna er Þormóður hafði ort.

"Dagshríðar spor svíða," sagði hann, "svo mundi skáldið vilja kveðið hafa."

Nú lýkur þar ævi Þormóðar með þessum atburðum sem nú voru sagðir.])